**allt**

ODDNÝ STURLUDÓTTIR

*Fer allra sinna ferða á hjóli*

heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



**VINNUVÉLAR**

FYRIRTÆKIÐ MEST

*Steypubílarnir fá nýtt útlit*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BALTASAR KORMÁKUR

*Á Sundance skiptust á skin og skúrir*

Gagnrýnendur mishrifnir af A Little Trip

FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. janúar 2006 — 30. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




**Svarthvítur draumur**

Blúndur og hvítar pallíettur eru áberandi hjá Chanel en sumarlína úr smiðju Lagerfeld er að slá í

FÓLK 30

**Þoldi ekki söngmaskínur**

Sólrún Bragadóttir hefur kynnt sér sögu sænsku sópransöngkonunnar Jenny Lind og syngur lögin hennar.



MENNING 21

**Skattar og skattbyrði**

„Kostnaður við rekstur háskólasjúkrahússins er nú töluvert hærri en hann þyrfti að vera vegna þess óhagræðis sem er af því að reka starfsemina á svo mörgum stöðum sem raun ber vitni," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 20



**Getum unnið Rússana**

Íslendingar mæta Rússum í fyrsta leik sínum í milliriðum EM í dag. Sigfús Sigurðsson segir Rússana vera þunga og óþolinmóða.

ÍÞRÓTTIR 34

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING VÍÐA Í KVÖLD** Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt en bætir þó heldur í suðvestan til í kvöld. Rigning syðra um hádegi en víða um land í kvöld, síst allra austast á landinu. Hiti 3-7 stig.

VEÐUR 4

# Borgin segist hafa tapað 150 milljónum

**Reykjavíkurborg ætlar í mál við olíufélögin Essó, Skeljung og Olís vegna tjóns af völdum ólögmæts samráðs. Samningaviðræður borgarinnar og olíufélaganna um skaðabætur hafa siglt í strand enda ber mikið í milli.**

**OLÍUMÁLIÐ** Borgarstjóri hefur falið lögmanni borgarinnar, Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, að undirbúa málsókn gegn olíufélögunum þremur, Essó, Skeljungi og Olís, vegna olíusamráðsins.

Vilhjálmur segir borgaryfirvöld hafa beðið í þrjá mánuði eftir mati olíufélaganna á hvert þau teldu tjónið vera. Olíufélögin réðu hagfræðinginn Jón Þór Sturluson til að meta hugsanlegt tjón borgarinnar. Samkvæmt heimildum nam niðurstaða hans á tjóni borgarinnar ekki 70 milljónum króna. Borgaryfirvöld mátu hins vegar tjónið á um 150 milljónir króna. Ekki fæst upplýst hver nákvæm niðurstaða hagfræðingsins er.

Vilhjálmur kynnti borgarstjóra niðurstöðu skýrslu Jóns Þórs í gær. Steinunn Valdís sagði ekki hennar að upplýsa hve mikið olíufélögin teldu tjónið vera. Hins vegar sagði hún að sér hefði komið á óvart hve lág upphæðin væri.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Segir málið klippt og skorið.

„Að öllu óbreyttu förum við með málið fyrir dómstóla," segir Steinunn. „Okkar mál er klippt og skorið, því hægt er að sýna fram á tjónið með afgerandi hætti. Ef olíufélögin hefðu verið tilbúin að sættast á kröfur okkar, eins og þær eru settar fram, hefði ekki þurft að koma til málaferla. En mér sýnast þessar tölur mjög langt frá okkar tölum og þá er ekkert annað að gera en að sækja í málinu."

Vilhjálmur vildi ekki tjá sig frekar um málið þar sem hann hefði ekki náð sambandi við lögmenn olíufélaganna.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Essó, vildi ekki gefa upp niðurstöðu skýrslunnar. Hann kvaðst bundinn trúnaði. Jón Þór vildi heldur ekki gefa niðurstöðuna upp. Hvorki náðist í Gest Jónsson, lögmann Skeljungs, né Gísla Baldur Garðarsson, lögmann Olís. **- gag**



**KJARNORKUVER** Aðalbygging kjarnorkuversins Bushehr í Íran.

Kjarnorkuvopnaáætlun Írana:

## Þörf á harðari aðgerðum

**LONDON, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna mun væntanlega ákvarða refsiaðgerðir Írönum til handa vegna deilunnar um kjarnorkuvopnaáætlun stjórnvalda í Teheran.

Íranar óskuðu í gær eftir fundi með fulltrúum Breta, Frakka og Þjóðverja til að reyna að koma í veg fyrir afskipti ráðsins, en ekkert kom út úr þeim fundi. Stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar kemur saman á fimmtudag og er gert ráð fyrir að hún muni vísa málinu til ráðsins. Þó verður Írönum gefinn kostur á að hætta við áætlun sína áður en til þess kemur. **- smk**



**SLÖKKVISTARF VIÐ SUMARBÚSTAÐ** Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins gekk vel að slökkva eldinn sem logaði í sumarbústað við Hafravatn. Bústaðurinn skemmdist mikið í brunanum og er talinn nánast ónýtur en hann hafði staðið mannlaus í nokkurn tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bruni við Hafravatn:

## Sumarhús fór illa í eldsvoða

**LÖGREGLA** Sumarhús við Hafravatn stóð í ljósum logum þegar slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kvatt á staðinn snemma í gærmorgun. Slökkviliði gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. Sumarbústaðurinn, sem er um 60 fermetrar, er hins vegar afar illa farinn af völdum sóts og reyks.

Bústaðurinn var mannlaus þegar slökkvilið bar að garði og því urðu engin slys á fólki en að sögn varðstjóra var greinilegt að bústaðurinn hafði staðið auður um nokkurn tíma.

Að sögn lögreglu eru eldsupptök ekki kunn og er málið komið í rannsókn. Lögregla telur ekki útilokað að um íkveikju hafi verið að ræða.

Einn slökkviliðsmaður slasaðist á hné þegar hann steig gegnum gólf bústaðarins. Meiðsli hans reyndust minniháttar. **- mh**


MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

**Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.


Uppsagnir í höfuðstöðvum flugfélagsins Air Atlanta á Íslandi:

# Rúmlega 20 störf lögð niður

**UPPSAGNIR** „Það er ávallt erfitt að segja upp fólki en þetta á sér langan aðdraganda og átti ekki að koma neinum á óvart," segir Hafþór Hafsteinsson, forstjóri Air Atlanta, en ellefu starfsmenn fyrirtækisins fengu uppsagnarbréf í gær. Aðrir tíu til viðbótar sem störfuðu tímabundið samkvæmt þjónustusamningum verða einnig látnir hætta þar sem hann segir störf þeirra verða ekki endurnýjaðir.

Starfsmennirnir sem um ræðir starfa allir í höfuðstöðvum félagsins hér á landi. Að sögn Hafþórs eru aðstæður fljótar að breytast í rekstrarumhverfi Air Atlanta og fylgifiskur þess sé að starfsemi flytjist eða taki öðrum breytingum með litlum fyrirvara. „Í þessu tilfelli hefur þetta legið fyrir um skeið og kemur í kjölfar fækkunar flugvéla hérlendis og annarra skipulagsbreytinga. Við höfum reynt eftir megni að finna fólkinu sambærilega vinnu annars staðar enda um að ræða hæft og vant fólk og við vonum að það komi einhverjum að haldi.



**FORSTJÓRI AIR ATLANTA** Hafþór Hafsteinsson harmar uppsagnir rúmlega 20 starfsmanna í höfuðstöðvum Air Atlanta að Hlíðarsmára í Kópavoginum en segir þær nauðsynlegar vegna skipulagsbreytinga innan fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Hafþórs eru ekki fleiri uppsagnir fyrirhugaðar hjá fyrirtækinu að svo stöddu. Tilkynning um uppsagnirnar höfðu ekki borist Vinnumálastofnun fyrir lokun í gær en lögum samkvæmt ber fyrirtækjum að tilkynna fjöldauppsagnir til þeirrar stofnunar. **- aöe**

Annríki hjá fíkniefnadeild:

## Birgðageymsla lögreglu full

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðageymslur fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík voru orðnar yfirfullar í gær eftir mikið annríki hjá fíkniefnadeild lögreglunnar að undanförnu og óskaði deildin eftir því við tæknideildina að hún kæmi efnunum, sem hald var lagt á um síðastliðna helgi, í geymslu.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, segir færsluna á efnunum eiga sér eðlilegar skýringar. „Það hefur verið mikið að gera hjá okkur að undanförnu. Við höfum nú ekki mikið geymslurými hjá okkur hér á fíkniefnadeildinni og því eðlilegt að efnunum sé komið í rétta geymslu."


**- mh / sjá bls. 4**



## SPURNING DAGSINS

*Kristján, eruð þið búnir að ná ykkur á strik?*

Já, det er så dæligt að nú tökum við flugið og stefnum beint á Strikið.

Í sumar hefst beint áætlunarflug frá Akureyri til Kaupmannahafnar. Kristján Þór Júlíusson er bæjarstjóri á Akureyri.

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins setja Hamas úrslitakosti:

# Hamas gert að hafna ofbeldi

**BELGÍA, AP** Utanríkisráðherrar aðildarlanda Evrópusambandsins fóru í gær fram á að Hamas-hreyfingin í Palestínu viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis, hafni ofbeldi og afvopnist, ella hætti Evrópulönd fjárhagsstuðningi við heimastjórn Palestínu. Jafnframt verði hreyfingin að vinna að friði við Ísrael.

Ráðherrarnir hittust á fundi í Belgíu í gær til að ræða úrslit þingkosninganna í Palestínu, en Hamas-hreyfingin, sem hlaut meirihluta þingsæta heimastjórnarinnar, hefur gengist við tugum sjálfsvígsárása í Ísrael síðan árið 2000.



**BIÐUR UM AÐSTOÐ** Leiðtogi Hamas-hreyfingarinnar, Ismail Haniyeh, á blaðamannafundi í Gazaborg í gær. Hreyfingin hefur beðið ríkari þjóðir heims um að hætta ekki stuðningi við Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti einnig yfir því í gær að ríkisstjórn hans myndi hætta öllum stuðningi við Palestínu myndi Hamas-hreyfingin meirihlutastjórn, nema hún viðurkenni tilveru Ísraels.

Í gær bað leiðtogi Hamas, Ismail Haniyeh, aðildarlönd Evrópusambandsins um að hætta ekki fjárstuðningi við heimastjórnina. Hann sagði tilbúinn að ræða skilyrðin sem þau setja og lofaði að féinu yrði ekki varið til hryðjuverka í Ísrael.

Fjárstyrkur Vesturlanda til palestínsku heimastjórnarinnar á síðasta ári nam ríflega 50 milljörðum króna.

- smk

Þróunarverkefni Lyfjaþróunar:

# Ætla að svara á næstu dögum

**RANNSÓKNIR** Lyfjaþróun mun á næstu dögum svara erindi Vísindasiðanefndar og Lyfjastofnunar varðandi rannsóknir fyrirtækisins á notkun nefúða til bólusetningar en grunur leikur á að átt hafi verið við niðurstöðurnar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Kemur þar fram að ekkert óvanalegt sé við að fyrirtæki hætti rannsóknum sínum. Er því enn fremur vísað á bug að Lyfjaþróun hafi fengið opinbera styrki vegna þessa verkefnis. Þeir styrkir hafi farið í önnur rannsóknarverkefni innan fyrirtækisins.

- aöe



**HÓTEL SAGA** Kauptilboð í Hótel Sögu og Hótel Ísland var fellt á aukaaðalfundi Bændasamtakanna.

Bændasamtökin:

# Kauptilboðið var fellt

**VIÐSKIPTI** Kauptilboð í Hótel Sögu og Hótel Ísland var fellt á aukaaðalfundi Bændasamtakanna í gærkvöld með miklum meirihluta atkvæða. Alls greiddu 36 atkvæði á móti og 13 með.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, vill ekki gefa upp hverjir það voru sem lögðu fram kauptilboð né hversu hátt það var. Hann segir þessa afgerandi niðurstöðu vera skýr skilaboð til stjórnarinnar um vilja félagsmanna. Ástæður taldi hann vera óánægju með verð og sjónarmið margra að ekki skyldi selja að svo stöddu.

- sdg

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Ógnaði starfsfólki með skotvopni

**Ungur maður framdi í gær rán í höfuðstöðvum Happdrættis Háskóla Íslands. Hann ógnaði starfsfólki með skotvopni. Varðstjóri lögreglunnar í Reykjavík segir starfsmenn hafa brugðist rétt við ógnunum ræningjans.**

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður réðst með látum inn í húsnæði Happdrættis Háskóla Íslands að Tjarnargötu og ógnaði starfsfólki með skotvopni. Hann hrifsaði peninga úr skúffu gjaldkera í afgreiðslunni og hljóp síðan á brott.

Starfsmaður Happdrættis Háskólans veitti manninum eftirför um stund en hann hljóp fyrst inn Suðurgötu og þaðan upp Túngötuna. Maðurinn hljóp síðan niður Grjótagötu, þar sem hann losaði sig við bláan kuldagalla sem hann var íklæddur þegar hann framdi ránið.

Eftir umsvifamikla leit handtók lögreglan mann sem grunaður er um verknaðinn. Hann er nú í haldi lögreglu.

Bogi Sigvaldason, varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, stýrði aðgerðum lögreglu á vettvangi og hann sagði starfsmenn Happdrættis Háskólans hafa brugðist rétt við þó að töluverð hræðsla hafi gripið um sig. „Við fengum tilkynningu um ránið klukkan 11.57 og fáum þá upplýsingar um að maður hafi ógnað fólki með skotvopni. Sérsveitarbílar lögreglunnar voru því kallaðir til og viðbúnaður lögreglu mikill. Starfsfólkið brást hárrétt við aðstæðum og reyndi að halda ró sinni á meðan maðurinn var inni í húsinu.“

Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands, segir ræningjann hafa verið fljótan að tæma peningakassa sem var í afgreiðslunni. „Það er ein af öryggisreglum hér innanhúss að hafa sem minnst af peningum í kassanum niðri hjá okkur. Í þessu



**LÖGREGLUMAÐUR VIÐ RANNSÓKN MÁLSINS** Fjölmennt lið lögreglu kom á vettvang í gær eftir að tilkynnt var um rán þar sem starfsfólki var ógnað með skotvopni. Maðurinn komst undan en lögreglan hefur nú mann í haldi sem grunaður er um verknaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tilfelli voru ekki miklir peningar í kassanum og svo virðist sem maðurinn hafi komist undan með um 95 þúsund krónur.“

Brynjólfur segir manninn líklega hafa verið búinn að kynna sér aðstæður innanhúss nokkuð vel þar sem hann gekk beint að peningaskúffunni og tæmdi hana fljótt. „Maðurinn gengur rakleitt að starfstúlku og ógnar henni með skotvopni, og segir að um rán sé að ræða. Síðan fer að hann beint að peningaskúffunni og opnar hana eins og hann þekki til verka og hverfur fljótt á braut með dálítið af peningum.“

Þetta er í fyrsta skipti í 72 ára sögu Happdrættis Háskóla Íslands sem rán er framið í höfuðstöðvum happdrættisins.

magnush@frettabladid.is



**HÁKARLINUM LANDAÐ** Hákarlinn var sjö metra langur og vó tæpt tonn.

Óvæntur fengur:

# Veiddu tröllvaxinn hákarl

**VEIÐAR** Skipverjarnir á Narfa SU 68 fengu tröllvaxinn hákarl á línu sem þeir lögðu skammt út af Stöðvarfirði í síðustu viku. Reyndist hann lifandi þegar að var komið, en var skotinn áður en hann var dreginn til heimahafnar á Stöðvarfirði.

„Hákarlinn var sjö metra langur og tæpt tonn að þyngd. Stefán Guðjónsson, hákarlaverkandi á Eskifirði, keypti hann af okkur og fengum við ágætt verð fyrir. Annars hefðum við bara étið hann sjálfir,“ segir Guðni Ársælsson, einn fjögurra skipverja á Narfa.

- kk

## FJARSKIPTI

**OgVodafone-númer í símaskrá** Nú er hægt að nálgast upplýsingar um símanúmer og heimilisföng viðskiptavina OgVodafone í símaskránni og á simaskra.is með tilkomu samnings milli OgVodafone og fyrirtækisins Já.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Tilraun til innbrots** Reynt var að brjótast inn í félagsmiðstöðina í Þorlákshöfn í fyrrinótt en svo virðist sem þjófurinn hafi ekki komist inn. Öryggisvörður tók eftir því reynt hafði verið að spenna upp hurðina og gerði lögreglu viðvart.




Þensla, mengun og uppbygging áliðnaðar var deiluefni á Alþingi í gær:

# Vara við mengun í þéttbýli

**STÓRIÐJA** „Yfirlýsingar iðnaðarráðherra eru einkennilegar og misvísandi,“ sagði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, þegar hann kvaddi sér hljóðs utan dagskrár um stóriðjustefnu og mengunarkvóta á Alþingi í gær. „Er ráðherrann að tala um eitt, tvö eða þrjú álver á næstu sex árum? Ráðherrann veit að þetta mun leiða til tveggja milljóna tonna útblásturs gróðurhúsaloftegunda árið 2012 sem er langt umfram þær viðmiðanir sem við höfum í mengunarmálum.“

Helgi spurði einnig hvort mengunarkvóti fyrir flúorkolefni væri fullnýttur.

„Eru menn orðnir vitlausir frú forseti,“ spurði Kolbún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, eftir að hafa varað við heilsuspillandi áhrifum í þéttbýli af tólf kílóum brennisteinstvíildis sem



**TÖLVUGERÐ MYND AF STÆKKUÐU ÁLVERI Í STRAUMSVÍK** Helgi Hjörvar spyr hvort stjórnvöld vilji skipta á álverum og Marel eða tölvufyrirtækinu CCP við erlend ríki.

bærist út í andrúmsloftið fyrir hvert eitt framleitt tonn af áli.

Helgi Hjörvar sagði erlend ríki ásælast fyrirtæki eins og Marel og tölvufyrirtækið CCP. Hann spurði hvort þungamiðjan í atvinnulífinu hér hætti að vera stóriðja þegar erlend fyrirtæki byðu í framúrskarandi fyrirtæki sem áliðjan ryddi úr vegi.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sagði ekkert ákveðið enn um stækkun álversins í Straumsvík. Þar væru tilskilin leyfi fyrir hendi og mat á umhverfisáhrifum lægi fyrir. Orkuveita Reykjavíkur hefði auk þess samið við Alcan síðastliðið sumar um nær helming þeirrar raforku sem félagið þarfnaðist vegna stækkunarinnar.

Valgerður rakti stöðu mála og sagði að jafnvel þótt semdist um álver á Norðurlandi yrði það vart tekið til starfa fyrr en árið 2012.

- jh

## Átt þú miða?

# Dregið í dag

### Tryggðu þér miða fyrir kl. 18
### í 800 6611 eða á hhi.is

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Happdrætti Háskólans. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa og greiðum út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Við óskum hinum fjölmörgu vinningshöfum dagsins, sem vilja ekki láta nafns síns getið, innilega til hamingju. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

**HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS**
*vænlegast til vinnings*



GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 30.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,78 | 62,08 |
| Sterlingspund | 109,04 | 109,58 |
| Evra | 74,64 | 75,06 |
| Dönsk króna | 9,999 | 10,057 |
| Norsk króna | 9,199 | 9,253 |
| Sænsk króna | 8,096 | 8,144 |
| Japanskt jen | 0,525 | 0,528 |
| SDR | 89,3 | 89,84 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,5172

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin staðfestir að fuglaflensa hafi skotið sér niður í Írak:

# Stúlka lést úr fuglaflensu

**ÍRAK, AP** Talsmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar staðfesti í gær að banamein fimmtán ára stúlku, sem lést í Kúrdistan í Írak um miðjan janúar, var mannskæði fuglaflensuveirustofninn H5N1. Þetta er fyrsta staðfesta tilfellið í Miðausturlöndum.

Enn er verið að rannsaka hvort frændi stúlkunnar, sem lést tíu dögum síðar og hafði svipuð einkenni, hafi einnig smitast af veirunni. Jafnframt er verið að rannsaka 30 önnur tilfelli, samkvæmt ónefndum talsmanni stofnunarinnar.

Heilbrigðisráðherra Íraks, Abdel Mutalib Mohammed, tilkynnti blaðamönnum í gær að hann hefði beðið Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um aðstoð vegna smitsins, en erfitt gæti reynst að hemja smit vegna ófriðarástandsins sem ríkir þar í landi.

Heilbrigðisyfirvöld í Norður-Írak hafa hafist handa við að slátra alifuglum á svæðinu sem liggur að landamærum Tyrklands, en þar hafa að minnsta kosti 21 manns smitast af veirustofninum mannskæða.

Yfirvöld á Kýpur hafa jafnframt tekið upp miklar varúðarráðstafanir vegna smithættu, en veiran fannst í fuglum á norðurhluta eyjarinnar um helgina. **- smk**




**FUGLAFLENSA Á KÝPUR** Landamæravörður sótthreinsar bifreið Sameinuðu þjóðanna, sem er leið inn í Kýpurlýðveldið frá Norður-Kýpur, sem Tyrkir ráða yfir. Fuglaflensa hefur fundist á eyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúruverndarsamtök Íslands:

# Krefjast svara um ráðstefnu

**STÓRIÐJA** Náttúruverndarsamtök Íslands hafa óskað eftir að fá afrit af skoðanakönnuninni sem Gallup gerði fyrir Samtök atvinnulífsins um afstöðu til stóriðju og virkjanaframkvæmda og þeim fyrirvörum sem Gallup gerði.

Samtökin fara einnig fram á að fá upplýsingar um kostnaðinn vegna könnunarinnar og ráðstefnunnar Orkulindin Ísland á Hótel Nordica fyrir helgi. Samtökin vilja fá að vita hvað öryggisgæslan kostaði á meðan ráðstefnunni stóð, hver auglýsingakostnaðinn var og hvort álfyrirtæki eða orkufyrirtæki hafi greitt. **- ghs**



**NÁMUSLYS** Sjötíu og tveir námuverkamenn sátu fastir í kanadískri námu í rúman sólarhring vegna eldsvoða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námubruni í Kanada:

# Lokaðir inni í sólarhring

**KANADA, AP** Rúmlega 70 kanadískum námuverkamönnum var í gær bjargað úr brennandi pottösku-námu í Saskatchewan-fylki í Kanada, en þeir höfðu verið lokaðir inni í námunni í rúman sólarhring.

Mennirnir leituðu skjóls í öryggisherbergjum þegar eldurinn kviknaði snemma á sunnudagsmorgun og biðu þar meðan slökkviliðsmenn réðu niðurlögum eldsins, en ekki var hægt að hleypa mönnunum upp á yfirborðið fyrr en búið var að lofta út eitruðum gufum og reyk.

Ekkert amaði að mönnunum, enda voru öryggisherbergin vel útbúin með nægt súrefni, mat og vatn til hátt í tveggja sólarhringa dvalar. **- smk**

## PAKISTAN

**Hraðlest út af sporinu** Hraðlest með um 600 farþega innanborðs fór út af sporinu í Austur-Pakistan á sunnudag, með þeim afleiðingum að nokkrir lestarvagnar steyptust niður í gljúfur. Að minnsta kosti þrír biðu bana og um 40 manns slösuðust.

## SVÍÞJÓÐ

**Orð gegn orði** Sænskir jafnaðarmenn eru í uppnámi. Formaður ungliðahreyfingar þeirra segir að dyravörður á krá hafi gengið í skrokk á sér um helgina en dyravörðurinn segir konuna hafa ráðist á sig. Konan var svo drukkin að hún var vistuð í fangaklefa um nóttina.

# Fíkniefnageymslan yfirfull

**Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, telur að fíkniefnaneysla sé að aukast. Lögreglan hefur lagt hald á gríðarlegt magn fíkniefna það sem af er árinu. Yfirlæknir á Vogi segist sjá góðan árangur af aðgerðum lögreglu.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur í janúar lagt hald á mikið magn fíkniefna og segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, að svo virðist sem fíkniefnaneysla fólks sé að aukast mikið. „Neyslan hefur verið að aukast jafnt og þétt á síðustu misserum. Við hefðbundið eftirlit höfum við fundið töluvert af fíkniefnum nú í janúar. Það hafa komið upp nokkuð stór mál hjá okkur að undanförnu og við erum enn að rannsaka þau nánar."

Fíkniefnalögreglan gerði upptækt mikið magn af kannabisefnum í vöruhúsnæði við Höfðatún fyrir skemmstu en þar fannst einnig lítilræði af amfetamíni og kókaíni. Á dögunum var svo lagt hald á töluvert magn af efnum í hefðbundnu eftirliti lögreglu á skemmtistöðum í Reykjavík.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á meðferðarheimili SÁÁ á Vogi, fagnar því að lögreglan sé að gera upptækt mikið magn en segist þó ekki geta gert sér grein fyrir því hvort neysla sé að aukast. „Það er greinilegt að lögreglan er að handleggja vímuefni nú á tímum sem eru komin inn í landið í meiri mæli en áður. Það virðist sem gæslan og eftirlitið sé meiri en áður og það er að sjálfsögðu jákvætt."

Þrátt fyrir gott eftirlit lögreglu og mikið magn af fíkniefnum sem gerð hafa verið upptæk, er Þórarinn ekki viss um að fíkniefnaneysla fólks sé að aukast. „Þar sem lögreglan er að ganga fram og taka fast á fíkniefnamálum, til dæmis á Suðurnesjum og Akureyri, þá sér maður að það er meira aðhald á unga fólkinu þar og það fer þá frekar í meðferð ef það á við vanda að stríða. Allar aðgerðir lögreglu eru því af hinu góða. En þrátt fyrir að fíkniefnamál séu alltaf að verða fyrirferðarmeiri hjá lögreglunni þá er alls ekki víst að það þurfi að fela í sér að neysla sé að aukast. Ég trúi því að lögreglan sé alltaf að ná betri tökum á þessum málum og við sjáum árangur af góðu eftirliti lögreglu."

**magnush@frettabladid.is**




**AÐGERÐIR LÖGREGLU VIÐ HÖFÐATÚN** Lögreglumenn sjást hér að störfum við vöruhús þar sem umsvifamikil kannabisræktun fór fram. Þar fannst einnig amfetamín og kókaín.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**



**ÁSGEIR KARLSSON**

### MAGN TEKIÐ VIÐ HEFÐBUNDIÐ EFTIRLIT Í JANÚAR

Magnið úr nýlegri upptöku efna í vöruhúsi við Höfðatún er ekki inni í þessum tölum.

| Tegund | Grömm | Stykki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Kannabisefni hass | 2.076,02 | 2.076,02 | |
| Kannabisefni kannabislauf | 83,27 | 83,27 | |
| Kannabisefni kannabisplöntur | 14 | 14 | |
| Kannabisefni kannabisstönglar | 96,22 | 96,22 | |
| Kannabisefni marijúana | 260,17 | 260,17 | |
| Kannabisefni tóbaksblandað | 10,03 | 10,03 | |
| Læknislyf læknislyf | 148 | 148 | |
| Óþekkt efni ekki skilgreint nánar | 2.214,68 | 369 | 2.583,68 |
| Örvandi efni amfetamín | 1.063,55 | 1.063,55 | |
| Örvandi efni e-pillur (Ecstasy) | 14 | 14 | |
| Örvandi efni kókaín | 3,4 | 3,4 | |
| **Samtal** | **5.807,34** | **545** | **6.352,34** |

2 fyrir 1 til Kanarí 7. febrúar frá kr. 19.990

Síðustu 29 sætin

Verð frá kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. Tveir fyrir einn tilboð, 7. febrúar í eina eða tvær vikur. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 1.250
m.v. 4 í íbúð með 2 svefnherb. á Dorotea. Netverð á mann pr. nótt.

Kr. 1.690, m.v. 2 í íbúð á Aguacates. Netverð á mann pr. nótt.

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri til að dveljast við frábærar aðstæður á Kanarí í janúar í eina eða tvær vikur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Þú nýtur þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann. Við bjóðum þér góð íbúðahótel á meðan á dvölinni stendur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNING RIGNING**
Enn á ný nálgast landið rigningarbelti. Eitthvað sem við erum farin að þekkja mjög vel sem byggjum sunnan- og vestanvert landið. Það bjargar þó allnokkru að vindur verður yfirleitt skaplegur. Svo er að sjá að framundan verði yfir höfuð mildir dagar með hita á bilinu 2-10 stig. Já svona er Ísland í dag já og næstu daga!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan 3-8 m/s en allt að 10 m/s í kvöld. Fer að rigna eftir hádegi. Milt í veðri.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hægur vindur lengst af.

*» fimmtudagur*



Hægur vindur, síst fyrir austan.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C hálfskýjað | Berlín | 2°C hálfskýjað | Mílano | 12°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C hálfskýjað | New York | 6°C rigning |
| Helsinki | -4°C hálfskýjað | Madríd | 13°C hálfskýjað | San Francisco | 15°C hálfskýjað |
| London | 9°C hálfskýjað | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI
Drykkjarjógúrt
– fljótleg máltíð í flösku
JÓGÚRT



## KJÖRKASSINN

*Kaust þú í undankeppni Eurovison á laugardag?*

| | |
|---|---|
| Já | 21% |
| Nei | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telurðu að Íslendingar vinni til verðlauna á EM í handbolta?*

Segðu þína skoðun á vísir.is VÍSIR

Þingmaður Frjálsyndra er þungorður í garð bæjarstjórnar Akraness:

# Misstu kvótann fyrir kæruleysi

**ATVINNUMÁL** „Hin pólitíska ábyrgð liggur hjá bæjarstjórninni á Akranesi. Það er kjaftæði að halda því fram að hún beri ekki ábyrgð,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, um umræðu síðustu daga um töpuð störf á Akranesi vegna sameiningar HB hf. og Granda.

Formaður verkalýðsfélagsins á staðnum, Vilhjálmur Birgisson, hefur fullyrt að Skagamenn hafi verið niðurlægðir. Magnús Þór hefur einnig nýlega sagt að með sölu á fyrirtækinu hafi menn misst frá sér kvótann fyrir vítavert kæruleysi og aumingjaskap, og var þeim orðum aðallega beint til bæjarstjórnarinnar á staðnum.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, útskýrir þær breytingar, sem orðið hafa á rekstri fyrirtækisins, meðal annars með aflasamdrætti og hagræðingu innan fyrirtækisins. Hann nefnir einnig aflabrest á mörgum mikilvægum tegundum og það hafi haft bein áhrif á vinnsluna á Akranesi. Hann segir að það geti ekki hafa farið fram hjá fólki að vinnsla á uppsjávarfiski um borð í Engey og á Vopnafirði hafi haft áhrif en það hljóti allir að skilja að þegar um vinnslu til manneldis er að ræða þá sé reynt að vinna fiskinn sem ferskastan. Eggert segir jafnframt að það sé ekki svaravert að hjá stjórn fyrirtækisins ríki einhverskonar óvild gagnvart Akranesi. Ekki náðist í Guðmund Pál Jónsson, bæjarstjóra á Akranesi, vegna málsins. **- shá**



**AKRANESHÖFN** Akraneshöfn er yfirleitt full af lífi. Ef svörtustu spádómar rætast verður það senn liðin tíð.



**HARALDUR BRIEM** Sat fund þar sem fjallað var um hugsanlegan fuglaflensufaraldur.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin:

## Ríki upplýsi fyrr um smit

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríki skulu upplýsa um farsóttarsmit sem upp kemur innan 48 klukkustunda ásamt því að gera grein fyrir til hvaða ráðstafana verður gripið. Þetta er eitt ákvæða reglugerðar sem mun taka gildi um mitt ár 2007. Á fundi framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar var ákveðið að flýta gildistöku þeirra ákvæða sem eiga við fuglaflensuna.

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir, sem sat fundinn, segir þetta nauðsynlegt þar sem ríki hafi stundum látið dragast að upplýsa alþjóðasamfélagið um tilfelli sem koma upp líkt og gerðist í Tyrklandi og Ungverjalandi. **- sdg**

Nýkjörinn forseti Finnlands:

## Leggur áherslu á nýfátækt

**FINNLAND** Tarja Halonen, nýkjörinn forseti Finnlands, ætlar að leggja áherslu á nýfátækt, atvinnuleysi, jafnrétti og velferðarmál á öðru kjörtímabili sínu. Hún stefnir að því að verða forseti allrar þjóðarinnar.

Halonen bar sigur úr býtum í annarri umferð forsetakosninganna í Finnlandi á sunnudag en þetta er í fyrsta sinn sem sitjandi forseti nær endurkjöri í Finnlandi. Halonen er jafnaðarmaður og hún tókst á við Sauli Niinistö, frambjóðanda hægrimanna. **- ghs**

### DANMÖRK

**Stríð á mörgum vígstöðvum** Áhrif myndbirtinga Jótlandspóstsins af Múhammed spámanni fara vítt. Nú hafa danskir tölvuþrjótar sameinast um að ráðast gegn arabískum vefmiðlum á sama hátt og arabískir tölvuþrjótar hafa ítrekað reynt að knésetja vefmiðil Jótlandspóstsins.

### ÍRAK

**Hunsa næstu réttarhöld** Saddam Hussein og lögfræðingar hans hyggjast ekki láta sjá sig þegar réttarhöld yfir honum hefjast að nýju á miðvikudaginn. Segja þeir nýjan dómara í málinu ekki hlutlausan og réttarhöldin séu skopleikur meðan hann sé við stjórn.

### KONGÓ

**ESB hjálpar friðargæsluliðum** Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna í Kongó hafa beðið aðildarríki Evrópusambandsins um aðstoð vegna hættunnar á auknum átökum þar í landi í tengslum við þingkosningar. Kosningarnar, sem eru hinar fyrstu áratugum saman í Kongó, verða haldnar í lok apríl. Búist er við að talsmenn Evrópusambandsins tilgreini hvaða hjálp þeir geta veitt í byrjun febrúar.

# Samherji gefst upp á Byggðastofnun

**Forsvarsmenn Samherja og Oddeyrar hugðust setja 250 milljónir króna í lúðu- og sandhverfueldi í Öxarfirði gegn 100 milljóna veðláni frá Byggðastofnun. Stofnunin sýnir tómlæti og Samherjamenn segja uppbygginguna í óvissu.**

**LAXELDI** Eigendur Oddeyrar hf., dótturfyrirtækis Samherja, hafa undanfarið ár reynt án árangurs að fá Byggðastofnun til samstarfs um uppbyggingu eldisstöðvar Silfurstjörnunnar í Öxarfirði.

Fyrir helgina sendi Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Oddeyrar, bréf þar sem stjórn Byggðastofnunar er tilkynnt að félagið hafi gefist upp á að fá fyrirgreiðslu af nokkru tagi hjá stofnuninni og muni hvorki ónáða starfsmenn né stjórnarmenn stofnunarinnar frekar.

„Það er mat okkar að ekki verði farið lengra í að reyna að fá Byggðastofnun að þessu máli. Við vitum ekki til þess að algengt sé í nýsköpunarverkefnum á landsbyggðinni að einn aðili bjóðist til þess að tryggja 250 milljónir að rekstri gegn 100 milljóna króna veðláni á nýbyggingar að kostnaðarverði um 140 milljónir króna,“ segir í bréfinu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í greinargerð með lánsumsókn kemur fram að Silfurstjarnan hafi glímt við mikla rekstrarerfiðleika. Með því að nýta auðlindir, byggingar og búnað geti velta eldisstöðvarinnar orðið um 400 milljónir króna þegar á árinu 2008 í bleikju-, lúðu- og sandhverfueldi.

Markaður er talinn góður í Bandaríkjunum og Evrópu en helstu áhættuþættir eru taldir vera gengi krónunnar ásamt afurðaverði. Þá er einnig rætt um raforku sem drjúgan kostnaðarþátt en reynt verði að ná samningum um það.

Oddeyri ráðgerir að byggja yfir átta landeldisker en kostnaður við það, annan búnað og byggingar er áætlaður um 150 milljónir króna. Félagið hafi lagt mikið undir við að reyna að gera þessa framtíðarsýn að veruleika. „Það er því miður ljóst að vilji þeirra, sem skilgreindir eru sem áhættulánveitendur á landsbyggðinni, er ekki sá að lána til reksturs og fasteigna í Öxarfirði,“ segir í áðurgreindu bréfi.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir að formleg lánsumsókn hafi komið frá Silfurstjörnunni eða Oddeyri og segir að stofnunin sé reiðubúin til þess að teygja sig nokkuð til móts við óskir eldismanna í Öxarfirði.

Byggðastofnun hefur á löngu árabili lagt mikið fé í fiskeldið þar, fyrst í Miklalax og síðar Silfurstjörnuna.

**johannh@frettabladid.is**



**SILFURSTJARNAN Í KELDUHVERFI** Fiskeldisstöðin nýtir jarðvarma til að ná heppilegu hitastigi í landeldiskvíum og vill nú ala sandhverfu og lúðu auk bleikju.



**JÓN KJARTAN JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI ODDEYRAR** „Við munum því ekki ónáða starfsmenn eða stjórnarmenn stofnunarinnar frekar.“



**AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON FORSTJÓRI BYGGÐASTOFNUNAR** Kannast ekki við að formleg lánsumsókn liggi fyrir frá Oddeyri eða Silfurstjörnunni.

Kostnaður prófkjörsbaráttu:

## Björn og Anna eyddu jafnt

**STJÓRNMÁL** Kostnaður sem frambjóðendur í prófkjöri Framsóknarflokksins lögðu í baráttu sína er samtals um tólf milljónir. Þegar kostnaður frambjóðendanna þriggja er borinn saman kemur í ljós að framboð Björns Inga Hrafnssonar og Önnu Kristinsdóttur eru með svipaða fjárhæð.



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**

Þau áætla bæði að heildarkostnaður muni nema um fimm milljónum. Óskar Bergsson áætlar rúmlega tvær milljónir í heildarkostnað við sitt framboð. **- sdg**

Áhyggjur í Öxarfjarðarhreppi:

## Reiðarslag ef fiskeldið lokar

**FISKELDI** Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hefur þungar áhyggjur af framtíð fiskeldis á vegum Silfurstjörnunnar í Kelduhverfi.

Hún ritaði stjórn Byggðastofnunar bréf vegna málsins nýverið þar sem ólíklegt er talið að fyrirtækið verði endurreist án sérþekkingar núverandi eigenda, sem eru fyrst og fremst Samherji og tengd fyrirtæki. „Til að fyrirtækið haldi áfram starfsemi sinni þarf Byggðastofnun að koma að málinu með opnum hug,“ eins og segir í bréfi sveitarstjórnarinnar og kveðst hún reiðubúin til viðræðna um málefni fyrirtækisins. **- jh**



**FRÁ SURTSEY** Engin eyja við Ísland er eins merkileg, þó að margar séu fallegri.

Umsókn til UNESCO:

## Vilja Surtsey á heimsminjaskrá

**UMHVERFISMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, undirrituðu í dag umsókn til UNESCO um að Surtsey verði samþykkt inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem náttúruminjar.

Til að komast inn á skrána þurfa viðkomandi náttúru- og menningarminjar að vera einstakar á heimsmælikvarða. Íslensk stjórnvöld telja forsendur fyrir tilnefningu Surtseyjar vera vegna þess að hún er einstakt dæmi um þróunarsögu jarðar og þar er hægt að fylgjast með hvernig vistkerfi á landi og í hafinu verða til.

**- shá**

### BELGÍA

**Eiturefni í fóðri** Yfirvöld í Belgíu, Hollandi og Þýskalandi hafa lokað alls 400 framleiðslubúum síðustu daga eftir að leifar af díoxíni fundust í fóðri í löndunum þremur.

Staðarvalsathuganir vegna álvers á Norðurlandi:

# Ný álvershöfn kostar milljarð

**STÓRIÐJA** Kostnaður við nýja álvershöfn í Eyjafirði er um einn milljarður króna miðað við að þar geti lagst að bryggju 60 þúsund tonna flutningaskip. Kostnaður vegna stækkunar Húsavíkurhafnar er frá 1,7 milljörðum króna til vel á þriðja milljarð króna, eftir því hvernig stækkunin yrði útfærð. Kostnaður við nýja álvershöfn í Héðinsvík við Húsavík er mun meiri eða fjórir til fimm milljarðar króna.

Þetta kemur fram í staðarvalsathugunum vegna hugsanlegs álvers á Norðurlandi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Staðarvalsathuganir hafa einnig farið fram í Skagafirði en í kvöld verður kynnt á Hótel KEA á Akureyri áfanganiðurstöður í þeim athugunum sem framkvæmdar hafa verið.

Lítið er talað um samanburð á kostnaði við orkuflutning í áfangaskýrslunni sem kynnt verður í kvöld. Sá kostnaður vegur hins vegar þyngra en kostnaður við nauðsynlegar hafnarframkvæmdir og er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, Húsvíkingum mjög í hag. **- kk**



**HÚSAVÍKURHÖFN** Hafnarframkvæmdir við Húsavík eru almennt nokkru dýrari en hafnarframkvæmdir í Eyjafirði þar sem byggja þarf brimgarða við Húsavík en ekki í Eyjafirði.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Hvernig get ég nýtt mér hækkun á stýrivöxtum?

Talsverðar líkur eru á að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti sína á næstu mánuðum. Gera má ráð fyrir að í framhaldinu verði stýrivextir háir um alllangt skeið. Í þessu eru fólgin tækifæri. Skammtímavextir hafa hækkað umtalsvert á síðustu tveimur árum og er útlit fyrir enn frekari hækkun skammtímavaxta á næstu mánuðum.

Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður og því örugg fjárfesting. Hann er mjög spennandi kostur þessa dagana enda mun hækkun skammtímavaxta skila fjárfestum í Sjóði 9 góðri ávöxtun.



Eggert Þór Kristófersson
Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags ÍSB

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**SJÓÐUR 9 –** Nafnávöxtun síðustu 6 mánuði*

9,2%

**STÝRIVEXTIR –** Þróun síðustu 24 mánuði




**Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið.** Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

ISB Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í ríkisvíxlum, bankavíxlum, innlánum og öðrum peningamarkaðsskjölum.

*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

ISB Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag ÍSB hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingum eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum Íslandsbanka eða á www.isb.is/sjodir




# Ný þjónusta við flokkun og endurvinnslu!

Nú geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengið sérmerkta endurvinnslutunnu hjá Gámaþjónustunni hf. sem m.a. tekur við öllum pappír heimilisins, dagblöðum, tímaritum, umslögum, skrifstofupappír og pappa, fernum, plastumbúðum og málmum.

**Einfalt í framkvæmd:**
Allur pappír og bylgjupappi má fara beint í tunnuna en fernur, málmar og plast fari í aðskilda poka í sömu tunnu.

Mánaðargjald fyrir hverja tunnu er 990 kr. og tæmt verður á fjögurra vikna fresti.

**Endurvinnslutunnuna er hægt að panta í síma 535 2510, á netfanginu gamar@gamar.is og einnig á heimasíðu Gámaþjónustunnar hf. www.gamar.is**
**Komið verður með tunnur heim til viðtakenda.**

**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**
*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

**Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is**


Engin kæra barst vegna framkvæmdar prófkjörs framsóknarmanna:

# Skýrari reglur heppilegri

**STJÓRNMÁL** Frestur til að kæra framkvæmd prófkjörs framsóknarmanna rann út klukkan sex í gærkvöld án þess að nokkur kæra hefði borist.

Óskar Bergsson lagði fram fyrirspurn um framkvæmd prófkjörsins til kjörstjórnar sem var svarað samdægurs. Óskar segir að sjálfsagt væri heppilegra að til væru skýrari reglur um aðkomu þeirra sem starfa við framkvæmd kosninga, að kosningabaráttu einstakra frambjóðenda. Þar á hann við starfsmann sem hafði umsjón með utankjörfundaratkvæðum og aðstoðaði svo við framboð Björns Inga Hrafnssonar. Engar slíkar reglur liggja nú fyrir í flokknum.

Björn Ingi Hrafnsson telur þetta mál vera storm í vatnsglasi og vísar í ummæli Ragnars Þorgeirssonar, formanns kjörstjórnar, um að ekkert hafi verið athugavert við framkvæmd prófkjörsins.

Ragnar Þorgeirsson segir einfaldar reglur hafa verið settar strax í byrjun um að enginn frambjóðandi mætti hafa fulltrúa viðstaddan utankjörfundaratkvæðagreiðsluna. Hann telur ekki að sú regla hafi verið brotin. **- sdg**



**Á KJÖRDAG** Björn Ingi Hrafnsson telur gagnrýni á framkvæmd prófkjörsins vera storm í vatnsglasi.



**SIGURÐUR FREYR FYRIR RÉTTI** Sigurður Freyr sagði ítrekað fyrir réttinum að hann hefði aldrei ætlað sér að bana Braga Halldórssyni. Bragi hefði verið yndislegur drengur og vinur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rak flökunarhníf beint í hjartastað

**Sigurður Freyr Kristmundsson kveðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna þegar hann banaði Braga Halldórssyni á menningarnótt í fyrra. Hann kveðst aldrei hafa ætlað að bana Braga enda hafi þeir verið vinir.**

**DÓMSMÁL** „Það var ekki viljandi gert," sagði Sigurður Freyr Kristmundsson sem hefur játað að hafa banað hinum tvítuga Braga Halldórssyni með hnífi að morgni menningarnætur 20. ágúst í fyrra. Aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fór fram í gær. Vandamenn Sigurðar fylgdust með réttarhöldunum en enginn úr fjölskyldu hins látna.

Sigurður rak fjórtán sentimetra langan flökunarhníf tólf til þrettán sentimetra í gegnum rúskinsjakka, skinn og brjósk í hjartastað Braga. Hann var úrskurðaður látinn á slysadeild Landspítalans um klukkustund eftir árásina. Læknir sem kom á vettvang fann hvorki púls né hjartslátt hjá Braga á meðan lífgunartilraunir voru reyndar. Hann lýsti því hvernig klút hefði verið vafið um sár hans. Stungusárið hefði blasað við þegar klúturinn var tekinn frá. Vessi, blóð og loft vætlaði út um stungusárið vinstra megin við bringubein. Lögregla Braga hafa legið í blóðpolli og blóð hefði verið upp um veggi og á sólgleraugum Sigurðar. Bragi blæddi út.

Atvikið varð í íbúð hjóna við Hverfisgötu sem Sigurður hafði haldið til í um nokkurra daga skeið. Hann lýsti því þegar hann sat við eldhúsborðið, ásamt Braga og húsbóndanum. Klukkan hafi verið að ganga níu og Bragi nýmættur. Sigurður hafi verið að leita hans deginum áður en ekki fundið. Hann hafi ekki viljað honum neitt illt. Þeir hafi verið að ræða saman við eldhúsborðið þarna um morguninn en hann muni ekki hvað þeir ræddu. Hann hafi gripið hnífinn til að leggja áherslu á orð sín. Þeir hafi setið hlið við hlið en vísað hvor að öðrum. Þeir hafi staðið snögglega upp og hnífurinn þá stungist í Braga.

Íbúinn og nágranni hans, sem hafi verið að leita að bíllyklum í ruslinu þegar atvikið varð, segja báðir að Sigurður hafi staðið í eldhúsinu en Bragi setið. Íbúinn segist hafa séð leiftursnögga hreyfingu Sigurðar og talið að hann hafi barið Braga. Nágranninn stóð fyrir aftan þá félaga og sá ekki atvikið.

> *„Ég var í annarlegu ástandi. Búinn að vera meira og minna vakandi í tvær vikur. Útúrdópaður og útúrruglaður,"*

Húsmóðirin, sem var í svefnherbergi íbúðarinnar þegar árásin varð, sagði Sigurð hafa verið mjög „nojaðan" þessa daga eins og hún orðaði það. Hann hafi talið sig ofsóttan. Undir þá lýsingu tók geðlæknir sem sagði Sigurð hafa verið mjög uppstökkan fyrst þegar þeir hittust en hafi síðar reynst vænsti drengur þegar lyfjamókið þvarr af honum.

Doktor í eiturefnafræði greindi frá þeim lyfjum sem fundust í blóði Sigurðar. Það voru aðallega amfetamín og kókaín en verkjalyf fundust einnig. Sjálfur segir Sigurður að hann hafi neytt eiturlyfja daglega á þessum tíma.

„Ég var búinn að vera á fyllerí og var ruglaður af neyslu," sagði Sigurður fyrir réttinum. „Bragi var yndislegur strákur og ég vildi honum ekkert illt. Hann var vinur minn. Ég var í annarlegu ástandi. Búinn að vera meira og minna vakandi í tvær vikur. Útúrdópaður og útúrruglaður," vitnaði Sigurður.

Eftir banastunguna hljóp Sigurður upp á Laugaveg. Íbúinn hringdi eftir hjálp. Sigurður kveðst hafa verið í losti og hann hafi ætlað að sækja hjálp en þegar hann sneri til baka þá heyrði hann í sírenum. Lögreglan handtók Sigurð og færði í fangelsi þar sem ekki var hægt að yfirheyra hann vegna vímunnar fyrr en þremur dögum eftir stunguna.

Finnskur réttarmeinafræðingur sagði að töluvert átak hefði þurft til stungunnar. Hann sagði einnig að ekki hafi verið að sjá að Bragi hafi verið á hreyfingu þegar hann var stunginn. Hins vegar sjáist á sárinu að hnífurinn hafi verið á hreyfingu.

Sigurður, sem er 23 ára, er ekki aðeins ákærður fyrir að svipta Braga Halldórsson lífi, heldur einnig fyrir innbrot í íbúð, þar sem hann stal tölvubúnaði, myndavél og sólgleraugum. Hann hefur auk þess fimm sinnum verið tekinn fyrir umferðarlagabrot.

Ákæruvaldið krefst sextán ára fangelsisdóms auk þess að Sigurður verði sviptur ökuréttindum. Verjandi Sigurðar krefst vægustu refsingar sem lög leyfa, vegna þess að stungan hafi verið af gáleysi, en til vara að refsing taki mið af því að um þokukenndan ásetning hafi verið að ræða.

Foreldrar Braga fara fram á rúmar fimm milljónir í skaðabætur. Sigurður er ekki talinn borgunarmaður fyrir þeim.

**gag@frettabladid.is**




Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær

Kynntu þér málið núna, á ba.com

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006.
Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com



**FYRSTI SNJÓRINN Í 20 ÁR** Snjór við vitann Cabo Mondego í Vestur-Portúgal. Miklar vetrarhörkur herja nú á stóran hluta Evrópu, og á sunnudag snjóaði í fyrsta sinn í 20 ár í hafnarborginni Figueira da Foz á vesturströnd Portúgals. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona á fimmtugsaldri handtekin í Arkansas:

# Móðir myrti öll börnin sín

**BANDARÍKIN, AP** Kona á fimmtugsaldri hefur verið ákærð fyrir að myrða öll þrjú börnin sín í bænum De Queen í Arkansas. Að sögn lögreglu liggur ekki fyrir hvort konan, Paula Eleazar Mendez, kæfði börnin eða byrlaði þeim eitur.

Konan flutti ásamt börnum sínum frá New York til Arkansas síðasta sumar. Að sögn prestsins í De Queen flutti hún vegna þess að hún vildi að börnin byggju við meira öryggi. Faðir barnanna býr enn í New York þar sem hann vann. Hann hugðist flytja til fjölskyldu sinnar á næstu mánuðum.

Lögreglan í De Queen komst á snoðir um málið eftir að faðirinn hringdi frá New York. Hann sagði að konan hefði sagt sér að hún hefði myrt börnin. Þegar lögreglan kannaði málið kom hún að konunni rænulítilli uppi í rúmi inni í svefnherbergi. Hún hafði tekið inn eitur en er nú á batavegi. Í öðru herbergi lágu börnin þrjú, sem voru sex til átta ára gömul, látin uppi í rúmi. Víst er talið að konan hafi myrt þau en hvort hún byrlaði þeim eitur eða kæfði þau lá ekki fyrir í gær þar sem krufningu var ekki lokið.

Að sögn prestsins í De Queen var konan afar kirkjurækin. Hann sagðist hafa rætt lítillega við hana og að hún iðraðist mjög gjörða sinna. - th



**HÚSIÐ Í DE QUEEN** Lögreglumaður gengur út úr húsinu þar sem börnin fundust látin í rúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olíuverkamenn í Nígeríu:

## Fjórir starfsmenn frelsaðir

**NÍGERÍA** Fjórir starfsmenn olíufyrirtækis í Nígeríu voru frelsaðir í gær en þeim hafði verið haldið sem gíslum af mannræningjum í meira en þrjár vikur, en BBC greindi frá þessu í gær.

Mennirnir fjórir koma frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Búlgaríu og Hondúras en ræningjar þeirra fóru fram á að fá lausnarfé fyrir mennina fjóra auk þess að krefjast lausnar tveggja manna sem tengdir voru glæpasamtökunum sem stóðu að mannráninu.

Nígerísk sérsveit frelsaði mennina fjóra en mannrán á olíuvinnslusvæðum við Nígeríu hafa verið algeng undanfarna mánuði. - mh

Clinton tekur undir gagnrýni:

## Skammarlegar skopteikningar

**DANMÖRK** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, gagnrýndi í gær teikningar Jótlandspóstins af Múhameð spámanni. Sagði hann þær skammarlegar og ala á fordómum í garð múslima.



**BILL CLINTON**

Clinton bættist þar með í hóp fjölda ráðamanna í Miðausturlöndum sem síðustu daga hafa fordæmt teikningarnar meðal annars með þeim afleiðingum að neytendur hafa sniðgengið danskar vörur.

Dönsk fyrirtæki hafa miklar áhyggjur af málinu og hafa beðið ríkisstjórnina um að aðhafast sem fyrst enda miklir hagsmunir í húfi. - ks

Reynsla geðsjúkra er bæði jákvæð og neikvæð:

# Aðstandendur fá ekki næga fræðslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsókn á þjónustuþörfum og reynslu geðsjúkra og aðstandenda þeirra sýnir almenna sátt með þjónustu sjúkrastofnana en óánægju með skoðanaskipti, eftirfylgd og fræðslu.

Samkvæmt aðgerðaáætlun aðildaríkja Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar skal bjóða fólki með geðraskanir að hafa áhrif á þá umönnun sem þeim stendur til boða. Niðurstöður nýrrar könnunar, sem gerð var á vegum Rauða krossins á Íslandi og Geðhjálpar um þetta efni, sýna svo ekki verður um villst að um slíkt er ekki að ræða hér á landi. Um þriðjungur aðspurðra sagði að upplýsingar um úrræði eftir útskrift væru ófullnægjandi þrátt fyrir að aðgangur að fagfólki væri ásættanlegur og viðmót þeirra gott. Könnunin sýnir einnig að litla fræðslu er að fá frá heilbrigðisstarfsfólki. Mikill minnihluti, eða 9,7 prósent aðspurðra, taldi að aðstandendur fengju nægilega fræðslu um geðraskanir. Einnig virðist ekki nægilega vel hlustað á skoðanir þeirra sem daglega berjast við þessa óhugnanlegu sjúkdóma.

Þessar niðurstöður um eftirfylgni og upplýsingagjöf eru í hrópandi mótsögn við skoðanir sama hóps um þjónustu og atlæti meðan á innlögn stóð. Meirihluti þeirra sem voru spurðir sagði að allir þættir sjúkralegunnar væru góðir eða mjög góðir allt frá undirbúningi og móttöku til útskriftar. - shá



**JÖKULSÁRLÓN** Hækki meðalhiti jarðarinnar, munu náttúruperlur eins og Jökulsárlón hverfa.

# Meiri áhrif en talið var

**Loftlagsbreytingar vegna gróðurhúsaáhrifanna geta haft mun alvarlegri áhrif á jörðina og þróast mun hraðar en áður var talið.**

**LONDON, AP** Losun gróðurhúsalofttegunda gæti haft mun alvarlegri afleiðingar en fólk hefur hingað til trúað, og jafnframt aukast áhrif samþjöppunar þeirra í andrúmsloftinu mun hraðar en ætlað var, samkvæmt viðamikilli skýrslu sem breska ríkisstjórnin birti í gær. Búast má við því að Grænlandsjökull og Golfstraumurinn hverfi og að veðráttan taki hamskiptum næstu 1.000 árin.

„Það er nú ljóst að útstreymi gróðurhúsalofttegunda, tengt iðnvæðingunni og efnahagslegum vexti íbúa jarðarinnar sem hafa sexfaldast á 200 árum, veldur hækkandi hitastigi á jörðinni á óviðráðanlegum hraða,“ skrifaði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í inngangi skýrslunnar.

Skýrslan fjallar um hvernig forðast beri hættuleg áhrif loftslagsbreytinga, og samkvæmt niðurstöðum hennar eru litlar líkur á að hægt verði að halda útstreymi gróðurhúsalofttegunda innan við hættuleg mörk. Afleiðingarnar verði hækkandi yfirborð sjávar og hamskipti veðráttunnar, sem gætu haft í för með sér hrun vistkerfa, víðfeðma hungursneyð, vatnsskort og útbreiðslu sjúkdóma, auk gífurlegs félags- og efnahagslegs skaða.

Evrópusambandið hefur samþykkt áætlun sem miðar að því að koma í veg fyrir að meðalhitinn hækki um rúmar tvær gráður en talið er að það dugi jafnvel ekki til þar sem hækkun um tvær gráður gæti valdið bráðnun Grænlandsjökuls.

Hitastig jarðarinnar hækkaði um tæpa gráðu á 20. öldinni, og hafa vísindamenn reiknað út með aðstoð tölvuforrita að búast má við að árið 2100, hafi hitinn hækkað um 1,4 til 5,8 gráður á Celsíus.

Afleiðingarnar yrðu hvarf Golfstraumsins og bráðnun Grænlandsjökuls, en við það myndi yfirborð sjávar hækka um sjö metra. Eins getur íshella Suðurskautsins þegar verið farin að minnka, en bráðnun hennar gæti hækkað yfirborð sjávar um fimm metra.

Skýrslan er samantekt frá ráðstefnu sem haldin var í Exeter að frumkvæði breskra stjórnvalda fyrir tæpu ári. Þar kom fram að mikilvægt væri að skilgreina hvar mörkin eiga að liggja varðandi losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og hvernig megi koma í veg fyrir að losun fari ekki yfir hættumörk. smk@frettabladid.is

NISSAN
PATROL LUXURY
SKIPT_um væntingar




ENDIST ENDALAUST

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 3.990.000,- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.090.000,- |

Tilboð – 250.000,- kaupauki
33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.

Veiðikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Fíton/SÍA
Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Samherji auglýsir eftir starfsfólki í landvinnslu:

# 300 þúsund á mánuði

**KJARAMÁL** Stjórnendur Samherja hafa fengið mikil viðbrögð við auglýsingu sem birt var um liðna helgi þar sem óskað var eftir starfsfólki í landvinnslu félagsins á Dalvík. Auglýsingin var á íslensku, ensku, pólsku og taílensku, og tekið fram að laun væru óvíða betri í fiskvinnslu á Íslandi. Algeng laun voru sögð um 300 þúsund krónur á mánuði en tekið fram að þau gætu orðið töluvert hærri.

„Það hafa mjög margir hringt og þónokkur fjöldi sent inn umsóknir en við höfum ekki fyrr auglýst með sambærilegum hætti. Umsækjendur eru af ýmsum þjóðernum, segir Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja.

Starfsfólk Samherja á Dalvík vinnur alla jafnan 10 klukkustundir á dag, frá klukkan 6 á morgnana til klukkan 16. - kk

**Ford**Focus C-Max www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

*Nýtt tákn um gæði*




**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Tugþúsunda tilboð á nýjum Focus C-Max

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

► Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri.

Nýttu þér tilboðskörfu Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

### Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.



- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

### Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð | **1.845.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð | **2.070.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð | **2.260.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**

**Veldu Ford Focus C-Max**

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. 1)Aðeins með 2 lítra vél.



**FLOTTAR SPANGIR** Taílensk stúlka með litríkar spangir spjallar í farsímann sinn. Spangir sem þessar eru orðnar að tískuæði í Taílandi, og reyna yfirvöld þar í landi nú að stöðva þróunina með því að fangelsa og sekta framleiðendur og seljendur gervispanga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðargæsluverkefni Atlantshafsbandalagsins:

# Samstarf eflt við Kyrrahafslönd

**NATO, AP** Atlantshafsbandalagið leitar nú nánara samstarfs við Kyrrahafsstrandríkin Ástralíu, Nýja-Sjáland, Suður-Kóreu og Japan. Þetta samstarf er liður í viðleitni bandalagsins til að efla hnattrænt hlutverk sitt, að því er talsmaður NATO í höfuðstöðvum þess í Brussel greindi frá.

„Það er umræða í gangi milli aðildarríkjanna um það að hve miklu leyti þörf er á að koma þessu samstarfi í fastari skorður," sagði talsmaðurinn James Appartural. Að vísu sagði hann að það væri ekki komin nein heildstæð mynd á þessar hugmyndir enn sem komið væri, en hann ætti von á því að umræðan um það færðist í aukana í aðdraganda næsta leiðtogafundar bandalagsins sem fram fer í Riga, höfuðborg Lettlands, í nóvember.

Yfirvöld í Ástralíu og Nýja-Sjálandi eru að íhuga að láta þá hermenn sem þau hafa sent til að sinna friðargæslu í Afganistan ganga til liðs við gæslulið NATO þar, ISAF, er það tekur við gæslu í suðurhluta Afganistans. Íslenskir friðargæsluliðar þjóna einnig í ISAF en munu ekki gegna verkefnum í suðurhlutanum þar sem skæruliðar talibana hafa haft sig mest í frammi.

- aa



**ÁSTRALSKIR HERMENN Í AFGANISTAN** Viðræður eru í gangi um að hermenn frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi þjóni innan ISAF-liðs NATO. NORDICPHOTOS/AFP

Ólafur Ragnar og Dorrit:

# Heimsækja Grundaskóla

**HEIMSÓKNIR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff forsetafrú munu heimsækja Grundaskóla á Akranesi í dag en skólinn hlaut á síðasta ári Íslensku menntaverðlaunin fyrir nýsköpun og öflugt fræðslustarf.

Heimsókn forsetahjónanna hefst klukkan níu og þá taka starfsmenn og nemendur skólans á móti þeim.

Forsetahjónin ætla að kynna sér af eigin raun það starf sem unnið er innan veggja skólans og mun Ólafur Ragnar flytja ávarp að því loknu.

- aöe

Fíknefnafundur í Reykjavík:

# Fíkniefni tekin af ökumanni

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði ökumann í gærmorgun sem reyndist vera með á þriðja tug gramma af fíkniefnum í bíl sínum. Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var með lítilræði af kannabisefnum í bíl sínum en rúmlega tuttugu grömm af hvítu efni sem talið er vera annaðhvort amfetamín eða kókaín. Talið er að efnin hafi verið ætluð til sölu.

Maðurinn hefur ítrekað komist í kast við lögin vegna fíkniefnabrota. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu.

- mh

Framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands:

# Var áminntur oft

**FEGURÐ** Elín Gestsdóttir, framkvæmdarstjóri Fegurðarsamkeppni Íslands, segir að Ólafur Geir Jónsson hafi verið ítrekað áminntur áður en hann var sviptur titlinum.



**ÓLAFUR GEIR JÓNSSON**

Hún segir að málið snúist ekki eingöngu um sjónvarpsþátt Ólafs Geirs en hins vegar hafi hann verið á netinu þegar Ólafur upplýsti hana um tilvist hans í upphafi keppninnar. Því hafi aðstæður breyst þegar sýningar á honum hófust í sjónvarpi 12. janúar. Ólafur Geir hafi átt að ræða það við aðstandendur keppninnar en sinnti því ekki.

Ólafur Geir segir í yfirlýsingu sinni að Elínu hafi verið fullkunnugt um tilvist þáttarins og er ósáttur með að það sé ástæða sviptingarinnar.

- sdg




HERRA ÍSLANDÓLAFUR GEIR ....

AÐ LAÐA FRAM ÞAÐ BESTA
THE COACHING CLINIC

Næsta vinnustofa er 9. febrúar nk. – takmarkaður sætafjöldi

Stjórnendaskólinn kynnir vinnustofuna **Að laða fram það besta – „The Coaching Clinic"**, sem er talin ein áhrifamesta leiðin að árangri, hvatningu og farsælum samskiptum. Þúsundir stjórnenda um heim allan hafa sótt vinnustofuna við mjög góðan orðstír.

Vinnustofan byggir á virkri þátttöku og þjálfun stjórnenda í aðferðafræði *coaching*.

Leiðbeinandi:
***Guðrún Högnadóttir,***
*þróunarstjóri*
*Stjórnendaskólans /*
*Associate Corporate Coach*



*„Samskiptalíkan CCU hefur gagnast sérstaklega vel við að beina athyglinni að aðalatriðum hverju sinni og að starfsmaðurinn sjálfur finni bestu leiðirnar til lausnar á verkefnum og beri ábyrgð á þeim."*
Vilborg Lofts, forstöðumaður starfsmannaþjónustu Íslandsbanka

*„Ég get hiklaust mælt með þessu námskeiði, einnig er öll aðstaða til fyrirmyndar. Þetta mun örugglega nýtast mér til reksturs á mínu fyrirtæki."*
Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Bílabúð Benna

*„Með því að laða fram það besta í öðrum næst betri árangur á öllum sviðum og því er nauðsynlegt fyrir stjórnendur að tileinka sér þessa tækni"*
Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals

| | | |
|---|---|---|
| 1. vinnustofa | 9. og 10. febrúar | kl. 9.00 - 14.00 |
| 2. vinnustofa | 9. og 10. mars | kl. 9.00 - 14.00 |

Skráning er hafin!
Allar upplýsingar og skráning á **www.stjornendaskoli.is**

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Anna Margrét Marinósdóttir***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6289*
*GSM: 820 6289*
*Netfang: annam@ru.is*

CORPORATE COACH U
Coaching Clinic
Licensed Facilitator

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK






**FRÖNSK BÖRN** Í Frakklandi hefur börnum fjölgað þótt giftingum hafi fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Færri giftingar en fleiri börn

**Í nýrri skýrslu þingnefndar í Frakklandi kemur fram að þótt æ færri Frakkar gangi í hjónaband hefur síður en svo dregið úr fæðingartíðni í landinu.**

**FRAKKLAND,AP** Frakkland, land ástarinnar, er óðum að verða land hinna ógiftu en barnmörgu ef marka má skýrslu þingnefndar sem kom út í vikunni. Seinustu þrjá áratugi hefur giftingartíðni þar í landi dregist saman um 27 prósent og árið 2002 var næstum helmingur barna fæddur utan hjónabands. Þrátt fyrir færri hjónabönd er mikil aukning í barneignum, en Frakkland er með næsthæstu fæðingartíðni í Evrópu með 1,94 börn á hverja konu.

Skýrslan var unnin af þverpólitískri þingnefnd sem var skipuð fyrir ári síðan og á að vera til hliðsjónar við breytingar á núgildandi löggjöf um hjónabönd og réttindi barna.

Í niðurstöðum nefndarinnar segir að meðalgiftingaraldur hafi hækkað um næstum sex ár hjá báðum kynjum síðan 1970. Í dag enda næstum 42 prósent hjónabanda með skilnaði, miðað við 12 prósent fyrir þrjátíu árum.

Ekki þykir lengur skammarlegt að búa saman ógift líkt og áður og margir sem hafa gengið í gegnum skilnað kjósa einnig að sleppa giftingu.

Þessi þróun franska fjölskyldumynstursins gengur þvert gegn staðalímynd fyrri tíma, segir Claude Martin, franskur félagsfræðingur við Þjóðarsetur fyrir vísindarannsóknir í Frakklandi. Í fyrsta lagi bendir hann á að lönd þar sem kaþólskan hefur sterk ítök, á borð við Ítalíu, Spán og Pólland, hafa yfirleitt hærri fæðingartíðni en lönd þar sem trúrækni er ekki jafn sterk, eins og Frakkland. Í öðru lagi stuðli aukin atvinnuþátttaka kvenna venjulega að lægri fæðingartíðni. „Í löndum þar sem konur hafa möguleika á starfsframa er fæðingartíðnin hærri," sagði Martin í viðtali við Le Monde dagblaðið í Frakklandi.

Þingnefndin rannsakaði áhrif franskra laga frá 1999 sem gáfu ógiftum pörum, þar með talið samkynhneigðum pörum, umtalsverð lagaleg réttindi ef þau skráðu samband sitt hjá ríkinu. Þessu frumvarpi, sem kallast „PACS", var á sínum tíma þrýst í gegn af vinstri stjórn og skapaði heitar umræður í þjóðfélaginu. Andstæðingar frumvarpsins töldu það grafa undan hefðbundnum fjölskyldugildum.

Í dag hafa 170.000 PACS-sambönd verið skráð í Frakklandi. Þingnefndin hvatti stjórnvöld til að gera umbætur á lögunum og tillögurnar snúa að eignarrétti, erfðarétti og skattlagningu.

Þingnefndin mælti ekki með því í skýrslu sinni að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra. Könnun sem Figaro tímaritið í Frakklandi gerði í ágúst sýnir að meirihluti almennings styður hugmyndina um hjónabönd samkynhneigðra, þótt forseti landsins, Jacques Chirac, hafi talað gegn því.

sdg@frettabladid.is

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# Gullið tækifæri!

## AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?










Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu










*Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á **frábæru verði**.*

*„Settu það saman“* er ósamsetta línan frá HTH.
Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.*
Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!







**AEG**
**ELDHÚSPAKKINN**







*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sölumenn okkar veita allar nánari upplýsingar.

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

RADIO NAUST
**FURUVÖLLUM · AKUREYRI**
***HTH-deild* · SÍMI 461-5003**

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18.

**ORMSSON**
**SMÁRALIND · SÍMI 530-2900**

# Yfir 12.000 sæti s

## Þökku

**Sumarbæklingurinn 2006**
**er kominn út**




**Bókunarmet**

Við þökkum ótrúlegar viðtökur. Heimsferðir hafa aldrei bókað jafn marga farþega frá upphafi. Fjölmargar ferðir nú þegar uppseldar. Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið með því að bóka strax.

## Gleðilegt ferðasumar!

Heimsferðir kynna glæsilegt ferðaúrval sumarsins 2006. Frábærar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á hreint ótrúlegu verði. Í sumarbæklingi okkar fara saman nýir og spennandi áfangastaðir ásamt mörgum af vinsælustu áfangastöðum Íslendinga á liðnum árum.

Kynntu þér glæsilegt framboð Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap sem skilja eftir góðar minningar úr fríinu. Starfsfólk Heimsferða axlar með gleði ábyrgðina á því að sumarleyfið þitt verði sem ánægjulegast.

Heimsferðir óska þér og þínum gleðilegs ferðasumars hvert sem leiðin liggur í sumar.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík

# eld í sumar

## m frábærar viðtökur!

Bestu gististaðirnir og lægsta verðið.
Bókaðu núna og tryggðu þér
**10.000 kr.** afslátt á mann!

**Bókaðu beint á www.heimsferdir.is**

Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp



### Costa del Sol

**frá 39.696 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Castle Beach íbúðahótelið.

Heitasti staðurinn í fyrra. Júníbrottfarir að seljast upp



### Króatía

**frá 45.895 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið.

Frábærir gististaðir
Margar brottfarir að seljast upp




### Mallorca

**frá 35.495 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Brasilia íbúðahótelið

Vinsælasta sólarströnd Ítalíu



### Rimini

**frá 43.895 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelið.

Glæsilegasta nýjungin sumarið 2006




### Fuerteventura

**frá 34.695 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða júní á Oasis Royal íbúðarhótelinu.

Sala hafin!
- Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum



### Benidorm

**frá 17.188 kr.**

Vikulegt flug í allt sumar.

Flugsæti ti Alicante með sköttum, gildir í valdar brottfarir. Netverð.

## Barcelona – Lloret de Mar – Costa Brava

**Frá 36.495 kr.**

M.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, Bolero, í maí eða júní (nema 29. júní). 5 nætur. Netverð á mann.

**Heimsferðir**

• Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

## „ORÐRÉTT“

**Herra Splash TV**

*„Ég lít svo á að ég hafi ekki skaðað ímynd Herra Íslands.“*

ÓLAFUR GEIR JÓNSSON UM ÞAÐ AÐ HANN HAFI VERIÐ SVIPTUR TITLINUM HERRA ÍSLAND 2005, Í FRÉTTABLAÐINU.

**Súrsætur sigur**

*„Við spiluðum eins og aumingjar og áttum aldrei skilið að vinna þennan leik,“*

MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON, KÖRFUBOLTAMAÐUR Í KEFLAVÍK, UM SIGUR KEFLAVÍKURLIÐSINS Á KR, Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGTRYGGUR BALDURSSON

## Gamli Blikarinn fer aftur í Kópavoginn



„Ég er að spá í að gerast Kópavogsbúi aftur,“ segir Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður. Hann var hinn hressasti þegar blaðamaður hitti á hann enda hafði kauptilboði hans í hús í vesturbæ Kópavogs verið tekið nokkrum stundum áður. „Ég er alinn upp í Kópavogi og á afskaplega góðar minningar frá Vallagerðisvellinum þar sem ég knattspyrnaðist með Breiðabliki til margra ára þannig að ég er alveg í skýjunum yfir því að þessu tilboði mínu var tekið. Þetta bar allt mjög skyndilega að en ég fór að velta þessu alvarlega fyrir mér síðastliðinn miðvikudag og á föstudag lét ég tilboðið flakka og nú er ég bara aftur á leiðinni í Kópavoginn. Nú er það bara að skella sér í vinnugallann og taka upp hanskana en ég ætla aðeins að breyta húsinu áður en ég flyt inn. Reyndar er ég í vinnugallanum nú þegar því ég hef verið að koma mér fyrir í nýju húsnæði með litla hljóðverið mitt. Þar er ég svo að taka upp tónlist fyrir kvikmynd sem verið er að gera og er svona hálfgerð landkynningarmynd. Svo er ég að leggja lokahönd á plötu í Steintryggs-verkefninu mínu þannig að það reynir talsvert á litla hljóðverið mitt. Svo er ég að spila inn á plötu hjá hinum og þessum eins og gengur og gerist. Og svo fer vertíðin að hefjast hjá Milljónamæringunum, maður er alltaf að garga á fólk svona á árshátíðum og við önnur tækifæri. Nú er tími árshátíða að ganga í garð og þá látum við Millarnir ekki okkar eftir liggja.“ Eftir alla þessa upptalningu hélt blaðamaður að listinn væri tæmdur en annað kom á daginn. „Svo er ég að undirbúa stuttmyndina mína en tökur eiga að hefjast í vor. Ég skrifaði þessa sögu fyrir nokkrum árum og nú hefur þetta verkefni fengið styrk þannig að það þýðir ekkert annað en að vinda sér í verkefnið. Þetta er svona lítil saga um gamlan karl sem er gera girðingu sem girðir ekkert af,“ segir trymbillinn síkáti og rýkur á vit verkefna sinna.

## SJÓNARHÓLL

**LAXAFRAMLEIÐSLU HÆTT Í MJÓAFIRÐI**



STEINUNN ÞÓRA CAMILLA

### Of fljótir á sér

„Mér finnst að þeir hefðu mátt minnka við sig fyrst og sjá svo til í stað þess að flytja þetta bara í burtu svona í fyrstu atrennu,“ segir Steinunn Þóra Camilla söngkona í Nylon.

„Mér finnst þetta hræðilegt fyrir íbúana því þetta er eina atvinnan sem hægt er að fá þarna í Mjóafirði. Það er alltaf leiðinlegt þegar verið er að drepa niður svona lítil samfélög úti á landi út af einhverjum kostnaði sem ríkið ætti alveg að geta hlaupið undir bagga með.“

„Ég ætla ekkert að segja til um það hvort þetta er fyrirsláttur hjá þeim í Sæsilfri að bera fyrir sér háan raforkukostnað en vissulega er gengið hátt. Auðvitað tína þeir þó allt til því þeir vita það að þetta leggst ekkert vel í fólk. Auðvitað hlýtur þó eitthvað að vera til í þessu en hvort þetta sé hin eiginlega orsök það veit ég ekki,“ segir söngkonan brosmilda.

Sjálf hyggur hún á útrás því Nylon er á leið í hljómleikaferðalag um Bretlandseyjar í febrúar en þær ætla þó alls ekki að snúa baki við íslenskum aðdáendum. „Það má frekar líta á þetta sem langa heimsókn frekar en við séum að flytja út,“ segir hún að lokum.

# Dýrin hafa tekið völdin

**Íslendingar láta ekki að sér hæða þegar tómstundir eru annars vegar. Oft eru þær teknar af þvílíku trukki að alvara lífsins verður að víkja. Páll Reynisson hefur lengi safnað dýrum og skotvopnum en þegar fólk fór að fjölmenna heim til hans að líta á gripina varð hann að grípa til sinna ráða.**

„Það voru um þúsund manns búnir að koma gegnum eldhúsið og inn í stofu hjá okkur hjónum á hálfu ári til að líta á dýrin og skotvopnin svo það var ekkert annað að gera en að opna safn,“ segir Páll sem er umsjónarmaður Veiðisafnsins á Stokkseyri. „Þar kennir ýmissa grasa, við erum með allt frá músum og upp í gíraffa en þann hálslanga lagði ég með skammbyssu í ágústmánuði árið 2000 í Suður-Afríku,“ segir veiðimaðurinn stoltur.

„Ég hef lengi haft þetta fyrir tómstundariðju en svo var það árið 1994 að læknirinn sagði við mig að þetta væri orðið ólæknandi og það held ég að hafi verið rétt; ég hef ekkert ráðið við þetta því dýrin tóku öll völd,“ segir hann kankvís.

Til allrar hamingju er hann ekki sá eini í fjölskyldunni sem glímir við þessi ósköp því eiginkonan, Fríða Magnúsdóttir, er engu viðráðanlegri þegar skotvopn eru annars vegar. „Við erum þegar búin að sprengja utan af okkur tvö hús með dýrum og vopnum sem við höfðum safnað og nú þegar er svo komið að við verðum að stækka Veiðisafnið.“

Ekki er nóg með að þau hjón fylli húsakynnin með dýrum og skotvopnum heldur hefur aðsókn tvífætlinganna einnig verið með ólíkindum að sögn Páls. „Frá því að við opnuðum í maí 2004 hafa um 12 þúsund manns komið á Veiðisafnið og nú hefjum við þriðja starfsárið um næstu helgi með heilmikilli sýningu í samvinnu við verslunina Vesturröst og ég á von á því að nokkur hundruð manns geri sér leið hingað,“ segir Páll. Það er því eins gott að hann kom safngripunum úr stofunni og á safn því ekki væru þau hjón öfundsverð af því að fá allan þennan fjölda í gegnum eldhúsið og inn í stofuna eins og forðum daga.



**HJÓNIN SKOTGLÖÐU MEÐ NÝFELLT SAUÐNAUT Á GRÆNLANDI** Þau hjón hafa fellt mörg kyndug dýr í gegnum tíðina. Til dæmis felldu þau hvort sitt sauðnautið í Skoresbysundi á Grænlandi fyrir tveimur árum og herlegheitin eru til sýnis á Veiðisafninu.








Myndlist á Austurlandi:

# Heimslist frá Jökulsárhlíð

Hafi einhver haldið að aðeins afdælabændur byggju í sveitunum í Fljótsdal þá þyrfti sá hinn sami að koma við hjá myndlistarkonunni Svandísi Egilsdóttur á Brúarási við Jökulsárhlíð. Hún er alin upp í Garðabæ en fór svo til náms til Danmerkur og Bandaríkjanna en nú hefur heimskonan komið sér fyrir að Brúarási þar sem hún kennir í grunnskólanum auk þess sem hún málar.

„Ég gat ekki hugsað mér að búa í neyslubrjálæðinu á höfuðborgarsvæðinu eftir að ég kom að utan,“ segir Svandís. „Annars tel ég að það verði að viðhalda jafnvægi milli menningarinnar og svo náttúrunnar, þannig er það í listinni minni og þannig tel ég að það eigi að vera í lífinu.“ Þótt hún búi nú á afskekktum stað gleðja myndir hennar augu manna víða um heim. „Ég er með nokkrar myndir á Art-Iceland.com sem er gallerí á Skólavörðustíg en það er einnig vefgallerí og nú þegar hef ég selt eitthvað til Bandaríkjanna og annarra landa auk þess sem viðbrögð berast víða að.“

Austfirðingar fá svo að njóta verka Svandísar í nánd í vor en þá mun hún halda sýningu í Skriðuklaustri. ■



**SVANDÍS EGILSDÓTTIR MYNDLISTARKONA** Óspillt náttúran og siðfáguð menningin mætast í verkum Svandísar og lífi hennar. Þarna er hún innan um verk sín með gylltan Jökuldalinn í baksýn. JÓN SIGURÐUR


Símaskráin
Lítur þú rétt út
í Símaskránni 2006?
SKRÁNINGUM/BREYTINGUM
LÝKUR 31. JANÚAR NK.
Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2006 fer senn að ljúka.
Ef þú vilt breyta skráningunni þinni hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200 eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.
já
– er svarið

## Svona erum við

> Atvinnulausir eftir starfsstéttum í desember 2005




Heimild: Hagstofan

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STÓRIÐJAN OG HAGVÖXTURINN

## *Hagstjórnina ber að vanda*

Álframleiðsla á Íslandi árið 2008 er áætluð um 2,5 prósent af heimsframleiðslunni í fyrra en þá var hún um 31 milljón tonn. Ef álverið í Straumsvík verður stækkað og álver verða reist á Suðurnesjum og Norðurlandi eykst hlutur íslenskrar álframleiðslu enn frekar og fer jafnvel í 3,5 prósent.

**Hvað þýðir þetta fyrir þjóðarbúskapinn?**

Svo mikill uppgangur hefur verið í þjóðarbúskapnum þessa dagana að það jaðrar við ofþenslu. Þjóðarútgjöld hafa aukist og landsframleiðsla sömuleiðis. Þessi aukning er vel umfram það sem samrýmist jafnvægi í þjóðarbúskapnum til lengri tíma litið.

Hvaða áhrif hafa stóriðjuframkvæmdirnar á hagvöxtinn í landinu?

Stór hluti útgjaldanna endar í innflutningi. Allt bendir til þess að útflutningur áls aukist í um 40 prósent af heildarútflutningi og verði ríflega fjórðungur af útflutningi vöru og þjónustu árið 2008.



Úr álverinu í Straumsvík.

Viðskiptahallinn er meiri en nokkru sinni. Gríðarleg bjartsýni ríkir í landinu. Fé streymir inn í landið í gegnum skuldabréfaútgáfu.



Fyrir utan álverið í Straumsvík.

**Hvað er til ráða?**

Stýrivextir munu halda áfram að hækka. Mikilvægt er að vanda sig við hagstjórnina.

## SPURT & SVARAÐ
SAMGÖNGUR



BIRGIR JÓNSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI ICELAND EXPRESS

### *Lykilatriði fyrir bæinn*

**Heldur þú að Akureyrarflugvöllur verði lengdur í fyrirsjáanlegri framtíð?**
Ég vona það. Ég veit ekki hvað þarf að gerast til að svo verði en þetta er lykilatriði fyrir Akureyri.

**Af hverju völduð þið að hefja flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar?**
Í samtölum við heimamenn kom fram að þetta væri sterkasti áfangastaðurinn upp á sumarleyfi að gera og Kaupmannahöfn er yfir höfuð einn af sterkustu áfangastöðum okkar frá Keflavík. Sú staðreynd réð þessari ákvörðun.

**Hvar verður þú að kvöldi 30. maí næstkomandi? Á Íslandi eða í Kaupmannahöfn?**
Ég ætla að vera í Kaupmannahöfn að borða rauðkál.




# Ofurlaunaliðið brosir breitt

**Ókyrrð hefur skapast á vinnumarkaði. Formannafundur verður hjá verkalýðshreyfingunni þar sem viðbrögðin verða ákveðin. Líklega verður óskað eftir viðræðum við Samtök atvinnulífsins.**



**Á LEIKSKÓLANUM KLETTABORG** Leikskólakennarar á grunntaxta með enga starfsreynslu fá 196.970 krónur þegar launahækkunin er gengin í gildi hjá Reykjavíkurborg. Búist er við að laun leikskólakennara hækki um allt land eftir ákvörðun Launanefndar sveitarfélaga.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laun leikskólakennara hafa hækkað um 14 prósent á hálfu ári, eða um 24-32 þúsund krónur á mánuði frá síðustu áramótum, samkvæmt nýsamþykktri heimild Launanefndar sveitarfélaga. Hækkunin nær til minnst um 800 leikskólakennara á höfuðborgarsvæðinu.

„Sveitarfélögin verða sjálf að ákveða hvort og hvernig þau nýta sér þessa heimild. Það er mjög líklegt að flest sveitarfélögin nýti sér að fullu þessa heimild,“ segir Karl Björnsson, sviðsstjóri kjarasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Í mínum anda**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að heimildin sé tvíþætt, að hækka laun þeirra lægst launuðu og hækka laun leikskólakennara. Reykjavíkurborg muni nýta sér heimildina að fullu. „Þetta er mjög í anda þess sem ég hef talað um frá því í október. Ég tel það farsæla niðurstöðu að taka upp blandaða leið af eingreiðslum og launaflokkahækkunum með tilliti til að það er ekki verið að taka upp kjarasamninga heldur hluta af næsta kjarasamningi við Félag leikskólakennara.“

Hljóðið í verkalýðshreyfingunni er ekki jafn gott. Þar samgleðjast menn þeim sem hljóta hækkun en telja launabilið aukast stöðugt og verulega slagsíðu gagnvart lægst launuðum. „Það ætti að vera auðvelt að minnka launabilið ef það myndast sátt og friður í kjölfarið. Við óbreytt ástand verður ekki unað,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands.

**Orð eru til alls fyrst**

Samningar eru bundnir á vinnumarkaði og friðarskylda ríkir en Kristján segir leikskólakennarar hafi ekki hikað við að fara fram á leiðréttingar þó að nokkrir mánuðir væru eftir af samningstíma þeirra. Orð séu til alls fyrst.

„Hjörtun slá eins hjá lægst launaða fólkinu,“ segir hann.

Kristján segir að slagsíðan milli þeirra launalægstu og hinna sé veruleg og ætlar að mæla hana með samanburði hópa. „Svo er hitt síðari tíma músík hvað verður. Okkur er ekki rótt yfir þessu ástandi. Það linnir ekki látum hjá félagsmönnum mínum þar sem menn hafa ekki krónu í launaskrið meðan allt er á fleygiferð í þjóðfélaginu og ofurlaunaliðið, forstjórarnir, situr á fyrsta farrými og brosir breitt.“

Hækkun leikskólakennara er á bilinu 24-32 þúsund krónur og fer launadeild Reykjavíkurborgar yfir launin hjá hverjum og einum leikskólakennara og deildarstjóra. Stefnt er að því að borga hækkunina út einhvern tímann síðar í mánuðinum en ekki næst að greiða það út á morgun.

Samkvæmt útreikningum Kennarafélagsins fær almennur leikskólakennari án starfsreynslu 196.970 krónur eftir hækkun en fékk 171.143 krónur fyrir hana. 45 ára deildarstjóri með tólf ára starfsreynslu fær 270.357 krónur en fékk áður 237.316 krónur.

Til samanburðar má nefna að starfsmaður í umönnunarstarfi á lægstu launum í stéttarfélagi innan Starfsgreinasambandsins fær 108 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu.

Beðið er eftir svari frá kjaradómi um forsendur fyrir hækkun helstu embættismanna og stjórnmálamanna frá því í desember. Þegar ákvörðun Launanefndarinnar bætist við er greinilegt að ókyrrð hefur skapast á vinnumarkaði.

**HÆKKUN LEIKSKÓLAKENNARA**

| | Nú | Áður |
|---|---|---|
| Almennur leikskólakennari án starfsreynslu | 196.970 krónur eftir hækkun | 171.143 krónur |
| 45 ára deildarstjóri með tólf ára starfsreynslu | 270.357 krónur | 237.316 krónur |
| Starfsmaður í umönnunarstarfi á lægstu launum innan Starfsgreinasambandsins | 108 þúsund krónur | |
| Starfsmaður í fiskvinnslu hjá Samherja á Dalvík í fyrra | ? | 340 þúsund krónur |

Starfsmaður í fiskvinnslu hjá Samherja á Dalvík fékk að meðaltali um 340 þúsund á mánuði í fyrra. Hann vann 48 tíma vinnuviku.

**Samningar eru bundnir**

Hannes Sigurðsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins, segir að sveitarfélögin hafi verið að bregðast við því þensluástandi sem hafi ríkt í þjóðfélaginu þar sem erfitt hafi verið að manna vinnustaði. Sveitarfélögin hafi því neyðst til að hækka launin til að laða til sín fólk og halda fólki.

„Alls staðar hefur verið erfitt að manna störf þannig að þetta er þáttur í því sem kalla má launaskrið. Ef leikskólunum tekst að draga til sín fólk verða viðbrögðin væntanlega sú að það verður erfitt að manna störf á almennum vinnumarkaði og þá munu fyrirtækin bregðast við með því að hækka laun þannig að þessi gjörð myndar ákveðinn launaskriðsþrýsting á almennum vinnumarkaði,“ segir Hannes.

Hann segir að samningar séu bundnir og það sé bara í samræmi við leikreglur í samningsgerð á vinnumarkaði. Þegar samningar verði lausir hefjist viðræður og þær endi með samningum. „Ég sé engan flöt á því að breyta samningum á miðju samningstímabili. Þá væri tilgangslaust að gera samninga,“ segir hann. Hannes telur ástæðulaust að taka samninga upp núna og hafnar því afdráttarlaust þegar hann er spurður hvort ástæða sé til að ná einhvers konar samkomulagi fyrir þá lægst launuðu.

„Það er nýbúið að fara yfir forsendur á vinnumarkaði samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Það náðist samkomulag og ákveðið að halda áfram með samningana þannig að þeir eru bundnir og þeim verður ekki sagt upp fyrr en þeir renna út sinn samningstíma.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is


Meiriháttar tilboðsdagar!
Allt að 70% afsláttur af sturtuklefum og sturtuhausum
VATNSVIRKINN
Nú er Vatnsvirkinn einnig með verslun að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði - verið velkomin!
Frábær sturtutilboð Allt að 50% afsláttur
Frábær sturtutilboð Allt að 50% afsláttur
Frábær sturtutilboð Allt að 50% afsláttur
Frábær sturtutilboð Allt að 50% afsláttur
Verð áður: 19.995,- Tilboðsverð: kr. 5.999,- 70% afsláttur
Verð áður: 19.995,- Tilboðsverð: kr. 5.999,- 70% afsláttur
Verð áður: 19.995,- Tilboðsverð: kr. 11.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 19.995,- Tilboðsverð: kr. 11.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 14.995,- Tilboðsverð: kr. 8.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 19.995,- Tilboðsverð: kr. 9.998,- 50% afsláttur
Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Eftirmálar kosninganna á miðvikudag að koma í ljós.

## Hamas tekur völdin í Palestínu

Úrslit kosninganna í Palestínu í síðustu viku hafa gerbreytt ástandinu hvað varðar samskipti Ísraelsmanna og Palestínumanna, og margir óttast mjög að friðarferlið, sem stefnt hefur í rétta átt nú um margra mánaða skeið, sé í hættu nema Hamas-liðar breyti um stefnu gagnvart Ísrael. Þeir hafa hingað til neitað að viðurkenna tilvist Ísraelsríkis og innan þeirra raða eru róttækir hryðjuverkahópar sem Ísraelsmenn vilja ekki hafa nein samskipti við.

Flestum ber saman um að kosningarnar hafi farið fram á lýðræðislegan hátt, og allar venjulegar reglur varðandi kosningar í heiðri hafðar. Mjög fjölmennt lið erlendra eftirlitsmanna frá mörgum löndum fylgdist með kosningunum undir forystu Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og er ekki vitað til þess að gerðar hafi verið alvarlegar athugasemdir við þær. Það er því ekki hægt að segja að úrslitin hafi verið fengin með ólýðræðislegum hætti, þótt Vesturveldin hefðu líklega kosið að þau hefðu orðið á annan veg.

*Það er ljóst að Hamas-samtökunum er mikill vandi á höndum. Það er ekki nóg að fara með sigur af hólmi í kosningunum – því fylgir líka mikil ábyrgð,*

Hamas-samtökin eru á lista yfir hryðjuverkahópa hjá bæði einstökum löndum og alþjóðasamtökum. Þau hafa orðið uppvís að fjölda hryðjuverkaárása á undanförnum árum. Sigur þeirra í kosningunum hefur ekki aðeins kallað fram sterk viðbrögð erlendis, heldur hafa félagar í Fatah-samtökunum – höfuðandstæðingi þeirra í Palestínu – margir hverjir látið heldur ófriðlega eftir að úrslit kosninganna urðu endanlega ljós. Þau eru rakin til fjármálaóreiðu liðsmanna Yassers Arafat og ýmiskonar óstjórnar sem sagt er að fylgt hafi Fatah-samtökunum. Þau hafa verið sökuð um að hafa ekki haft stjórn á ástandinu í landinu og því hafi úrslitin í kosningunum orðið á þennan veg.

Það er ljóst að Hamas-samtökunum er mikill vandi á höndum. Það er ekki nóg að fara með sigur af hólmi í kosningunum – því fylgir líka mikil ábyrgð, og spurningin er hvort forystumenn þeirra og samtökin í heild séu fær um að axla hana. Þeir verða að láta af harðri stefnu sinni gagnvart Ísrael, svo að eðlilegt samband komist á við leiðtoga þeirra. Þá verða þeir að breyta um stefnu, ef von á að vera til þess að Evrópusambandið og Bandaríkin haldi áfram að styðja uppbygginguna í landinu. Utanríkisráðherrar ESB komu saman til fundar í Brussel í gær til að fjalla um viðbrögð við úrslitum kosninganna og á sama tíma voru fulltrúar Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Rússa – „kvartettinn“ svokallaði – að þinga um sama efni í London. Þá hefur Angela Merkel, kanslari Þýskalands, verið í Mið-Austurlöndum nú um og eftir helgina. Sömu skilaboð hafa borist frá öllum, en þau eru að Hamas verði að breyta um stefnu. Þeir Hamas-liðar hafa líka ákallað þessar samkomur og beðið um að fjárstuðningi til Palestínumanna verði haldið áfram, en líklegt má telja að beðið verði eftir því að Hamas-liðar myndi formlega stjórn og birti stjórnarsáttmála sinn, áður en ákveðið verður um framhald fjárhagsaðstoðar. Hún er forsenda þess að hægt sé að halda uppi eðlilegu lífi í landinu, og því má vera að Hamas-liðar breyti um stíl.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Góðgerðir**
Össur Skarphéðinsson var í Silfrinu hjá Agli á sunnudaginn. Talið barst að velgengni Sjálfstæðisflokksins og næsta ævintýranlegu fylgistapi Samfylkingarinnar í skoðanakönnunum að undanförnu. Össur lét skýringuna á lægð síns flokks liggja á milli hluta en minnti á að hann hefði rifið upp fylgið meðan honum var treyst fyrir formennskunni. Í stað þess að segja að nýi formaðurinn, svilkona hans Ingibjörg Sólrún, væri að klúðra þessum árangri var hann svo elskulegur að segja að úr því að honum hefði tekist þetta ætti henni líka að lánast að sigla út úr brimgarðinum. Það verður trúlega léttara andrúmsloft yfir sunnudagskaffi fjölskyldunnar eftir svona góðgerðir!



**Formaðurinn**
Össur sagði ekkert um ástæðurnar fyrir miklu fylgi við Sjálfstæðisflokkinn. Aftur á móti fullyrti hann að fylgið mundi snarminnka um leið og hinn nýi formaður flokksins, Geir H. Haarde, kæmi „úr felum“. Er þetta nú trúverðugt? Geir er búinn að vera áberandi í stjórnmálum í næstum tvo áratugi. Hann hefur hins vegar tamið sér hófstilltari framgöngu en fyrirrennari hans, Davíð Oddsson, og sennilega verkar hún bara vel á kjósendur. Annar formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir heitinn Hallgrímsson, sat löngum undir áþekku ámæli fyrir að vera ekki nógu hress í fjölmiðlum. Samt var það nú hann sem leiddi flokkinn til mesta kosningasigurs á lýðveldistímanum. Í þingkosningunum 1974 fékk Sjálfstæðisflokkurinn fylgi nær 43% kjósenda. Litríkir formenn geta verið góðir, en á endanum snýst þetta um traust.

**Á ferð um landið**
Annars er einkennilegt að saka formann Sjálfstæðisflokksins um að vera ekki nógu áberandi vegna þess að hann bloggar ekki þrisvar á dag eða lætur ekki sjá sig í öðrum hverjum spjallþætti ljósvakamiðlanna eins og ónefndur fyrrverandi í öðrum flokki. Ekki er annað að sjá en að formaður Sjálfstæðisflokksins sé einmitt að rækta sambandið við kjósendur, því hann hefur verið á fundaferðalagi á landið frá því snemma í þessum mánuði, byrjaði í Vestmannaeyjum 10. janúar, hefur haldið átta fundi og einir þrettán fyrirhugaðir á næstu vikum samkvæmt auglýsingu á vefsíðu flokksins, *xd.is*. Geri aðrir betur!

**gm@frettabladid.is**

## Skattar og skyldur

Í DAG
SKATTAR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Kostnaður við rekstur háskólasjúkrahússins er nú töluvert hærri en hann þyrfti að vera vegna þess óhagræðis sem er af því að reka starfsemina á svo mörgum stöðum sem raun ber vitni.*

Í vikunni sem leið bárust enn fréttir af velgengni íslenskra fjármálafyrirtækja. Fréttir voru um að samanlagður hagnaður nokkurra þeirra væri 116 milljarðar króna og tekjuskattsgreiðslur næmu 25 milljörðum króna þar af gjaldfalla fjórtán milljarðar núna en ellefu milljarðar eru það sem kallast tekjuskattsskuldbinding og koma þeir til greiðslu síðar. Ég tók ekki eftir því hvort hundrað og sextán milljarðarnir voru hagnaður fyrir eða eftir skatta. Mér virðist einhvern veginn eins og það skipti ekki megin máli. Ljóst er að skattgreiðslurnar eru einhvers staðar á bilinu 18 til 22% af hagnaðinum. Fyrirtæki borga sem sagt all nokkuð lægra hlutfall af hagnaði í sínum í skatta en fólk borgar af tekjum sínum.

Einn af þeim ágætu yfirmönnum sem ég hef haft um ævina, benti mér, ungum viðskiptafræðingi, á að setja þyrfti tölur í samhengi til að þær þýddu eitthvað. Svona eins og í fréttaleysinu síðsumars að kartafla er mynduð við hliðina á eldspýtustokki til að sýna hvað hún er stór. Því verður farið hér í nokkra samanburðarfræði. Fjárlög fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús hljóða upp á 28 milljarða fyrir árið 2006, fjárlög fyrir félagsmálaráðuneytið og stofnanir þess nema rúmum 28 milljörðum og fjárlög landbúnaðarráðuneytisins um 13 milljörðum króna. Skattgreiðslur fjármálafyrirtækjanna gætu því nánast staðið undir hálfum rekstri háskólasjúkrahússins, eða félagsmálakerfisins – nú eða öllum landbúnaðar-óskapnaðinum og væru þá eftir 11 milljarðar í sjóði.

Þetta er ný staða hér á landi, held ég að mér sé óhætt að segja og mjög ánægjuleg svo ekki sé meira sagt. En samanburður af þessu tagi vekur einnig spurningar eins og þær hvort við verjum eins háum upphæðum og látið er í veðri vaka til velferðarkerfisins, félagsmálakerfisins eða háskólasjúkrahússins. Mér finnst það nálgast hneyksli að peningum af sölu fjölskyldusilfursins sé veitt til að byggja nýtt sjúkrahús. Ekki vegna þess að það ekki eigi að byggja, það þarf svo sannarlega að gera það og það á svo sannarlega að gera það. Kostnaður við rekstur háskólasjúkrahússins er nú töluvert hærri en hann þyrfti að vera vegna þess óhagræðis sem er af því að reka starfsemina á svo mörgum stöðum sem raun ber vitni.

Í mínum huga er heilbrigðisstarfsemi, hvort heldur sá þáttur hennar sem þarf að fara fram á sjúkrahúsi eða aðrir þættir hennar, svo aríðandi og mikilsverður hluti velferðarþjóðfélagsins að stjórnvöld eiga að sjá til þess á hverjum tíma að aðbúnaðurinn sé fyrsta flokks þannig að veita megi bestu þjónustu á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt. Stjórn heilbrigðismála og fjárveitingar til þeirra eiga að vera þannig að ekki þurfi að grípa til varasjóða eða söluhagnaðar til að starfsemin búi við þá umgjörð sem gerir hana skilvirka – hún er nú nógu dýr þó ekki leggist á viðbótarálag vegna óhagræðis í byggingum.

Nokkuð hefur verið þrengt að fjárveitingum til spítalans undanfarin ár eftir mikinn niðurskurð 2004 hafa fjárveitingar til spítalans staðið í stað og lítil þolinmæði er fyrir því að spítalinn fari eitt prósentustig fram úr fjárhagsáætlunum. Með góðum vilja má skilja slíka óþolinmæði því minnstu frávik þýða stórar upphæðir. Þegar rekstraráætlanir hljóða upp á 28 milljarða þá verður hvert prósentu frávik ansi hátt eða 280 milljónir og tveggja prósenta frávik verður meira en hálfur milljarður.

Við skoðun á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem birt var í nóvember sl. um endurskoðun ríkisreiknings 2004 kom í ljós að Landspítali – háskólasjúkrahús fór um 1% fram úr fjárheimildum það ár og hið sama á við um félagsmálaráðuneytið og stofnanir þess. Landbúnaðarráðuneytið fór 4 % fram úr fjárheimildum og nam umframkeyrslan 500 milljónum.

Ríkisstjórnin hefur náð fram stefnu sinni enda verið við völd í langan tíma. Skattkerfið er mun hagstæðara fyrirtækjum en fólki, fast er tekið á ef heilbrigðis- eða félagsmálakerfið fer fram úr fjárheimildum, en lítið sem ekki amast við þegar landbúnaðarkerfið tekur meira til sín en ætlað var. Það þarf að slá skjaldborg um velferðarkerfið, ekki með boðum og bönnum, eða með því að pína fyrirtækin, heldur með því að finna það fína jafnvægi sem þarf að ríkja til að allir blómstri bæði fyrirtækin og mannlífið. ■

## Höfum fræðirit í fyrirrúmi

UMRÆÐAN
FRÆÐIRIT





JÓN YNGVI JÓHANNSSON OG VIÐAR HREINSSON

*Fræðirit dýpka skilning manna og veita færi á að skyggnast á bak við dægurumræðuna.*

Hagþenkir og ReykjavíkurAkademían hefja í dag átak til kynningar á fræðiritum og mikilvægi þeirra fyrir íslenskt samfélag og menningu. Hér á landi er enginn skortur á vönduðum fræðiritum þótt þau séu ekki alltaf áberandi í daglegri umræðu fjölmiðla. Þessu þarf að breyta, til hagsbóta bæði fyrir fræðiritahöfunda og íslenska samfélagsumræðu.

Umræða um fræðirit hefur sótt á erlendis undanfarið. Menn gera sér æ betri grein fyrir mikilvægi traustra fræðirita í upplýsingaflóði nútímans því þau veita fótfestu, yfirsýn og dýpt sem ekki fæst með öðru móti. Íslenskt samfélag hefur öldum saman einkennst af miklum þekkingarþorsta og ríkri sköpunarþörf. Þessir grunnþættir þurfa að fara saman í framsækinu nútímasamfélagi og því er rík ástæða til að hugleiða eftirfarandi:

Fræðirit eru jafnan meirihluti útgefinna bóka. Þau eru þekkingarveita – brú milli fræðimanna og almennings.

Fræðirit dýpka skilning manna og veita færi á að skyggnast á bak við dægurumræðuna.

Fræðirit eru forsenda upplýstrar umræðu á öllu sviðum, hvort sem um ræðir stjórnmál, menningu, sögu, hagfræði, líftækni eða umhverfismál.

Á blaðamannafundi í ReykjavíkurAkademíunni í dag verður kynntur listi tíu athyglisverðustu fræði- og kennslubóka síðasta árs. Listinn endurspeglar þá breidd sem er í útgáfu fræðirita. Þessar tíu bækur koma til greina við veitingu Viðurkenningar Hagþenkis fyrir árið 2005.

Þær bækur, auk tuga annarra athyglisverðra fræðibóka frá síðasta ári og hundraða bóka frá síðustu árum bíða nýrra lesenda og uppfjöllunar. Við skorum á fjölmiðlafólk og aðra lesendur að gefa þeim gaum.

*Jón Yngvi er framkvæmdastjóri Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Viðar er framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, félags sjálfstætt starfandi fræðimanna.*

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## HUNDAR FINNA KRABBAMEIN

Þefnæmi hunda getur komið sér vel við greiningu sjúkdóma.

HEILSA 2



## HEILBRIGÐ SÁL

Í pistli sínum í dag fjallar Borghildur Sverrisdóttir um brautina beinu til betri heilsu.

HEILSA 3



## ALLT HITT
### [HEILSA]

**Doktor.is** býður upp á netráðgjöf á vefsíðu sinni. Hægt er að skoða stundaskrá vefráðgjafarinnar á www.doktor.is, hvaða læknir er til viðtals og á hvaða tíma. Til að komast í netráðgjöf hjá sérfræðingum Doktor.is þarf eingöngu að smella á viðkomandi lækni í stundaskránni. Sérfræðiráðgjöf Doktor.is er einungis ráðgefandi og kemur ekki í staðinn fyrir heimsókn, viðtal og skoðun hjá sérfræðingi á stofu.

**Geðsjúklingar** eru almennt ánægðir með þjónustu sjúkrastofnana en aðstandendur þeirra síður. Fram kemur í könnun Geðhjálpar og Rauða krossins að aðstandendum finnst heilbrigðisstarfsfólk veita þeim of litla fræðslu um geðraskanir.

**Fuglaflensutilfelli** af gerðinni H5N1 hefur greinst á tyrkneska hluta Kýpur. Þetta eru fyrstu fuglaflensutilfellin sem upp hafa komið á Kýpur, en engin hafa fundist á gríska hluta eyjarinnar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 31. janúar, 31. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.11 | 13.41 | 17.12 |
| Akureyri | 10.09 | 13.26 | 16.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Oddný Sturludóttir flækkist víða á klassíska reiðhjólinu sínu og passar að vera með góð vetrardekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gagnleg vetrardekk

***Oddný Sturludóttir segist hafa lítinn tíma til þess að hugsa um heilsuna í miðri kosningabaráttu. Hún hjólar samt sem áður hvert sem hún fer og hugsar ætíð um að borða holla og fjölbreytta fæðu.***

Oddný stendur í stórræðum þessa daganna fyrir komandi prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík. Hún segir að vegna þessa hafi hún ekki mikinn tíma til þess að huga að heilsunni en almennt séð stundi hún ekki mikla líkamsrækt. „Ég hef gert lítið af því en þó prófað, til dæmis jóga og svo hef ég alltaf hjólað mikið,“ segir Oddný en hún fer yfirleitt allar sínar ferðir á hjóli.

Reiðhjólið hennar Oddnýjar er mjög látlaust og einfalt en er þó á vetrardekkjum sem koma henni víða. „Meira að segja í ófærðinni um daginn, þegar snjór var mestur, þá hjólaði ég upp í Skipholt og aftur niður í bæ. Ég var dálítið lengi á leiðinni en það var mjög hressandi,“ segir Oddný og brosir breitt. Oddný er ekki alveg tilbúin til þess að gefa kosningaloforð um að hún muni hjóla allan hringinn hljóti hún kosningu en hún vill þó gera hjólreiðastíga að kosningamáli. „Ég þekki að minnsta kosti hvernig það er að vera hjólreiðamaður í Reykjavík.“

Oddný segist einnig fá ágæta hreyfingu heima hjá sér þar sem fjölmörg handtök þarf til að sjá um tvö börn á bleiu. „Maður er alltaf að liðka liðina en ekki samkvæmt þessum hefðbundnu formerkjum.“ Oddný hefur lengi kennt á píanó og spilar auk þess sjálf á það tónfagra hljóðfæri. Hún segir að það áhugmál sé mjög heilsubætandi bæði fyrir líkama og sál.

Matarræðið er Oddnýju einnig hugleikið. Hún segist iðulega borða mikið af grænmeti og ávöxtum og kíkir reglulega i heilsubúðir. „Ég er ekki mikið fyrir gos og er enginn sérstakur nammigrís. Almennt er ég fyrir hollan mat og borða hæfilega mikið af öllu. Ísinn er þó veikleiki heimilisins,“ segir Oddný að lokum og hlær. ■

# Jaxlinn frumsýndur í tannverndarviku

ÞESSA DAGANA STENDUR YFIR ÁRLEG TANNVERNDARVIKA OG VERÐUR AF ÞVÍ TILEFNI HRINT AF STAÐ NÝRRI AUGLÝSINGAHERFERÐ.

Tannverndarvikan er á vegum Lýðheilsustöðvar. Hún hófst í gær, 30. janúar, og stendur fram á sunnudag, 5. febrúar. Í tannverndarvikunni í ár verður sérstök áhersla lögð á góða umhirðu tanna og mikilvægi þess fyrir heilsu hvers og eins að hafa góðar og fallegar tennur. Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is er hægt að nálgast margvíslegt fræðsluefni sem sýnir fram á mikilvægi góðrar tannhirðu. Auk þess verður sett á laggirnar ný auglýsingaherferð þar sem nýr holdgervingur tannverndar verður kynntur til sögunnar. Um er að ræða teiknimyndapersónu sem ber nafnið „Jaxlinn“. Mun hann leiða fólk í allan sannleikann um kosti góðrar tannhirðu og hvernig beita eigi helstu tannverndartólunum.



Umhirða tanna er mikilvæg.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




**Ferskt loft** er gott fyrir heilsuna. Það er ágætt að skreppa út undir bert loft í smá stund nokkrum sinnum á dag og og anda að sér fersku lofti.

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið og fyrirlestrar
31.01 Jákvæðni, húmor og hlýlegt viðmót – Edda Björgvinsdóttir
02.02 Heilbrigði og hamingja – Benedikta Jónsdóttir.
07.02 Íslenskir Náttúruadropar – Kristbjörg Kristmundsdóttir
08.02 10 grunnreglur
14.02 Hvað er Austurlensk læknisfræði? – Þórunn Birna Guðmundsdóttir
15.02 Heilbrigði og hamingja – Benedikta Jónsdóttir.
Nánari upplýsingar www.madurlifandi.is
Sími: 585 8700

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag
Spektro
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Sjöfn Ágústsdóttir, Ágústa Gunnarsdóttir, Claudia Ósk Hoeltje og Margrét Halldórsdóttir, sálfræðingar, starfa á Miðstöð sálfræðinga í Hafnarfirði. Framundan hjá þeim eru fjölbreytt námskeið um andlega líðan sem verða opin öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Líkami og sál eru heild

***Fyrir skömmu hóf Miðstöð sálfræðinga starfsemi sína að Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Fjórir sálfræðingar starfa þar og á vegum þeirra verður staðið að ýmsum námskeiðum um andlega heilsu.***

Hjá Miðstöð sálfræðinga starfa fjórir sálfræðingar, þær Claudia Ósk Hoeltje, Ágústa Gunnarsdóttir, Margrét Halldórsdóttir og Sjöfn Ágústsdóttir. Allar hafa þær mikla starfsreynslu og segja nálægðina hver við aðra nýtast þeim vel í starfi sínu.

„Hér á Miðstöð sálfræðinga erum við með fjölbreytta ráðgjöf og meðferð fyrir fjölskyldur og einstaklinga og við notum hugræna atferlismeðferð við ýmsum sálrænum vanda,“ segir Sjöfn Ágústsdóttir sálfræðingur. „Núna erum við að undirbúa fjölbreytta fræðslustarfsemi fyrir almenning með það fyrir augum að auka aðgengi fólks að upplýsingum um málefni sem geta skapað vanda og vanlíðan.“

Námskeiðin, sem haldin verða í Miðstöð sálfræðinga, eru opin öllum og gagnast bæði þeim sem vilja styrkja sjálfan sig eða fyrir aðstandendur. Staðið verður fyrir fræðslukvöldum þar sem fólk getur sótt örnámskeið. Hafi fólk áhuga á frekari fræðslu verður möguleiki á að taka framhaldsnámskeið. Fjallað verður um þunglyndi, kvíða, fælni, athyglisbrest hjá fullorðnum og margt fleira. „Núna er í gangi hjá okkur sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur með athyglisbrest,“ segir Sjöfn. „Síðan verðum við með námskeið í minnistækni og ýmis námskeið fyrir foreldra sem lúta að því að bæta tjáskipti á heimilinu eða gefa foreldrum kost á að fara nýjar leiðir í uppeldi.“

Sjöfn segir þörfina á fræðslu um sálræn vandamál vera mikla. „Fólk veit svo margt um líkamann sinn og hvernig á að hugsa um hann en veit því miður allt of lítið um hvað hefur áhrif á andlega líðan. Ef okkur líður illa líkamlega þá getur okkur liðið illa andlega og öfugt. Líkami og sál eru ein heild.“

johannas@frettabladid.is

# Hundar í lið með læknavísindunum

***Þefnæmi hunda getur komið sér vel við greiningu sjúkdóma hjá fólki.***

Vitað er að hundar geta greint krabbamein í þvagfærum fólks með því að lykta af þvagi. Nú eru bundnar vonir við að þeir geti einnig fundið lungna- og brjóstakrabbamein gegnum efni í útöndun fólks, jafnvel áður en rannsóknir hafa náð að greina meinið. Þessu hafa vísindamenn í San Anselmo í Kaliforníu komist að eins og fram kemur í New Scientist. Fimm hundar voru látnir ganga í gegnum þálfun í slíkum greiningum. Eftir nokkurra vikna æfingar voru þeir teknir í próf og látnir þefa af útöndunarefnum frá 169 manns, þar af voru fimmtíu og fimm með lungnakrabbamein, 31 með brjóstakrabbamein og 83 voru heilbrigðir.

Ekkert var gefið upp um þátttakendurna í rannsókninni eða sýnishornin frá þeim. Hundunum tókst að finna 99% af lungnasjúklingunum og 88% af þeim sem voru með brjóstakrabbamein. Skekkjurnar voru litlar. Meðal sýnishorna frá þeim heilbrigðu töldu hundarnir sig finna lungnakrabba hjá einu prósenti og brjóstakrabba hjá tveimur prósentum.



Þrír af fimm hundum sem tóku þátt í rannsókninni voru af tegundinni Labrador retriver.

James C. Walker, yfirmaður rannsóknarstofnunar við Florida State University segir í New Scientist að niðurstöðurnar séu sláandi. Næsta skref sé að ganga úr skugga um hvort það sé raunverulega sjálft krabbameinið sem hundarnir finni eða hvort það sé fyrst og fremst almennt heilsufarsástand sem þeir átti sig á.

## Ólífuolían ekki eins holl talið var

FJÖLÓMETTAÐAR FITUSÝRUR Í ÓLÍFUOLÍU OG ÁLÍKA VÖRUM EKKI JAFN HOLLAR OG ÁÐUR VAR TALIÐ.

Sænskir vísindamenn hafa nú komist að því að fjölómettuð fita getur haft óæskileg áhrif á heilsuna, gagnstætt því sem áður hefur verið haldið fram. Of mikil neysla á slíkri fitu getur aukið hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og orsakað bakteríusýkingar í líkamanum. Þessar niðurstöður rekja vísindamennirnir meðal annars til rannsókna á æðum þeirra sem látist hafa úr hjarta- og æðasjúkdómum.

Heimild: Aftonbladed



Nýjar rannsóknir hafa sýnt fram á að fjölómettuð fita getur haft óæskileg áhrif á heilsuna.



## Heilbrigð sál

**BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR**
**EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI**

# Að halda sig á heilsubrautinni beinu

Það getur oft verið erfitt að halda sig á beinu brautinni, jafnvel þó hreyfing og næringarríkt mataræði séu almennt hluti af lífsstílnum og við búin að sannfærast um nauðsyn þess og næringu. Að standast freistingar, fylgja eftir markmiðum sínum, slást við matarfíkilinn stressdrauginn eða letihauginn, getur samt oft verið erfitt, svona miserfitt, ekki satt?

Þrátt fyrir að vinna við líkamsrækt og að ráðleggja fólki um mataræði og heilsusamlegt líferni þýðir ekki að ég sé alltaf með þetta allt á hreinu. Það er eins og maður gangi í gegnum ákveðið tímabil í þessu eins og öðru, þrátt fyrir að ætla sér að vera alltaf á brautinni beinu. En lífið er víst ekki þannig. Allir taka einhvern tímann aðeins of mörg „feilspor“ í mataræðinu og detta út af brautinni um tíma, ná ekki markmiðum sínum eftir pöntun eða hafa sig ekki af stað í ræktina á mánudegi. Það sem skiptir hins vegar grundvallarmáli er hvernig við bregðumst við þegar hlutirnir ná ekki að smella saman. Drögum við okkur niður með neikvæðum hugsunum eða hugsum við hvetjandi til okkar, með framkvæmdaviljann í hægri hendi og slatta af drifkrafti og jákvæðu hugarfari í vinstri? Þar liggur munurinn.

**Að bera ábyrgð á eigin aðstæðum.**
Við verðum öll að bera ábyrgð á þeim aðstæðum sem við erum í, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og finna leið til betri vegar. Að bera ábyrgð á eigin aðstæðum er meðal annars að gera sér grein fyrir að við verðum að breyta okkur sjálfum til að aðstæðurnar breytist, hvort sem það er viðhorf okkar eða vani. Aðstæður eru ekki slæmar í eðli sínu, heldur ákveða viðhorf okkar til þeirra á hvorn veginn þær falla og viðhorf okkar til okkar sjálfra hvort við treystum okkur til að bregðast við og breyta þeim.

**Líf með hliðarskrefum.**
Að halda sig á heilsubrautinni beinu þýðir ekki að borða aldrei aðeins of mikið, hreyfa sig alltaf nógu mikið og vera öllum stundum í andlegu jafnvægi. Það þýðir hins vegar að líta ekki á hliðarskrefin neikvæðum augum, heldur sem lærdóm og reynslu og ekki síst að við kunnum að leita þeirra leiða sem þarf til að ná réttri stefnu á ný.

Ég óska ykkur öllum beinnar brautar í heilsuræktinni sem og öðru, en með nokkrum hliðarskrefum þó svo beina brautin sé og verði eftirsóknarverð.

*Kveðja,*
*Borghildur*

# Hlátur er hjartastyrkjandi

***Hlátur er sem besta hjartalyf segja bandarískir fræðimenn. Í nýrri rannsókn kemur fram að fimmtán mínútna hlátur dag hvern hefur mjög góð áhrif á blóðflæði líkamans.***

Hlátur víkkar út æðarnar og eykur blóðflæði líkamans að því er kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem birt er í bandaríska læknaritinu Heart. Greint er frá þessu á vef norska dagblaðsins Aftenposten. Vísindamennirnir, sem starfa við Maryland-háskóla, gerðu athugun á tuttugu manns. Meðalaldur þátttakenda var 33 ár og voru þeir allir reyklausir. Þeim voru sýndir bútar úr kvikmyndum, ýmist sorglegum eða fyndnum.

Eftir að þátttakendurnir voru búnir að horfa á myndbrotin var blóðflæði í handlegg þeirra mælt. Í ljós kom að mikill munur var á því eftir því hvort myndskeiðið var sorglegt eða fyndið. Raunar kom í ljós að hlægileg mynd hafði sömu áhrif á blóðflæði og leikfimitími. „Það þýðir reyndar ekki að hláturmildum sé óhætt að sleppa leikfimi,“ segir Michael Miller sem stýrði rannsókninni. Hann segir líkamsrækt þrisvar í viku og korters hlátur dag hvern hafa afar góð áhrif á blóðflæðið. Rannsóknin er að sögn vísindamannanna sú fyrsta sem bendir til þess að hlátur geti komið í veg fyrir sjúkdóma tengda hjartanu.

Hláturssérfræðingurinn Judy Goldblum-Carlton, sem starfar við Maryland-spítala, er sannfærð um að hlátur hafi ekki einungis góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans, Hún segir gott hláturskast hafa góð áhrif á lungu og ýmis önnur líffæri.



Hlátur hefur afar góð áhrif á heilsuna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES.

## HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ

EKKI EIGA ALLIR JAFN AUÐVELT MEÐ AÐ HLÆJA. JUDY GOLDBLUM-CARLTON GEFUR ÞEIM ALVÖRUGEFNU EFTIRFARANDI RÁÐ:

- Hvað finnst þér skemmtilegt? Ef þú veist hvað þér þykir skemmtilegt þá er auðveldara fyrir þig að rifja það upp og skella upp úr.
- Horfðu á fyndna mynd. Klassískar gamanmyndir geta sannarlega kitlað hláturtaugarnar.
- Komdu þér upp hlátursbókasafni. Safnaðu fyndnum bíómyndum, teiknimyndasögum og bjánalegum myndum. Upplagt til að skoða þegar skapið er ekki upp á sitt besta.
- Æfðu þig í að koma auga á hið skoplega í hversdagslífinu.
- Rifjaðu upp eitthvað fyndið sem hefur komið fyrir þig.
- Finndu barnið í sjálfum þér. Farðu út að leika með börnunum þínum, eða börnum nágrannanna ef þú átt engin.
- Farðu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Reyndu að finna svip með dýrunum og ættingjum þínum, svínvirkar alveg.

# Sjálfsvígstíðni eykst í New Orleans

***Geðheilsa íbúa New Orleans hefur verið slæm frá því fellibylurinn Katrín fór þar yfir. Sjálfsmorðum fjölgar og vímuefnavandi hefur aukist og börnin eru vanrækt.***

Sjálfsvígstíðni í New Orleans hefur aukist töluvert frá því að fellibylurinn Katrín gekk þar yfir. Á síðustu fjórum mánuðum hafa sjö manns fyrirfarið sér en í borginni búa um 75.000 manns. Árlegur meðalfjöldi sjálfsvíga í Bandaríkjunum eru 11 manns á hverja 100.000 íbúa og því má sjá að nýjustu tölur eru ansi háar.

Íbúarnir hafa átt við alvarlega geðræna kvilla að stríða eftir hamfarirnar. Þeir hafa glatað heimilum sínum og flestir eru atvinnulausir.

Alkunna er að kvikmyndagerðarmaðurinn Stevenson Palfi framdi sjálfsmorð en hann missti allt í hamförunum, þar með taldar myndir sínar og verk. Tilraunir til sjálfsvíga hafa einnig aukist, en hættan er mest hjá fólki sem snýr aftur heim og horfist í augu við eyðilegginguna. Meðferðaraðili í New Orleans segir ennfremur mörg börn óhamingjusöm og vanrækt og vandamálum, sem tengd eru vímuefnum, hefur fjölgað svo um munar.

*(Upplýsingar fengnar af persona.is)*



Fellibylurinn Katrín fór yfir New Orleans í ágúst á síðasta ári.

# 370 látast á ári vegna reykinga

Reykingar draga 370 Íslendinga til dauða á hverju ári. Um helming dauðsfalla sem tengjast reykingum má rekja til hjarta- og æðasjúkdóma.
Reykingar draga á hverjum degi einn Íslending til dauða. Árlega deyja um 370 Íslendingar af völdum reykinga og má rekja nærri þriðja hvert dauðsfall, í aldurshópnum 35 til 69 ára, til reykinga.
Reykingar eru eitt helsta heilbrigðisvandamál á Íslandi og víða annars staðar í heiminum. Læknar benda á að helmingur dauðsfalla sem tengist reykingum er vegna hjarta- og æðasjúkdóma og í heildina drepa reykingar fimmta hvern Íslending. Vissulega er best að byrja aldrei að reykja og eru góðu fréttirnar þær að verulega hefur dregið úr reykingum unglinga síðustu 30 ár.
Reykingamaður sem hættir að reykja hefur strax bætt heilsu sína verulega. Með því að hætta að reykja um fertugt bætast sex til sjö ár við ævi hans. Fimmtugur einstaklingur sem hættir að reykja bætir fimm til sex árum við ævina, sextugur maður fjórum til fimm árum og sá sem leggur tóbakið á hilluna um sjötugt lengir ævina væntanlega um þrjú til fjögur ár með því.



Í aldurshópnum 35 til 69 ára má rekja þriðja hvert dauðsfall til reykinga. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

LLL

**Leið til léttara lífs**

**www.LLL.is**

**Lærðu að lifa létt**

Offita er vandamál sem margir glíma við. Við hjá Hreyfigreiningu vitum að það eru ekki til neinar töfralausnir til að létta sig og halda þyngdinni. Margir hafa reynt allt mögulegt, en árangur orðið lítill, eða skammvinnur. Þó vitum við að margt fólk borðar tiltölulega mikið, en er þó alltaf tiltölulega grannt.

Til að ná tökum á þyngdinni til framtíðar þarf að breyta alveg um stíl. Það þarf að gera breytingar á mataræði, velja aðrar fæðutegundir, elda matinn öðruvísi eða borða á annan hátt. Einnig þarf að stunda hreyfingu eða líkamsrækt og oft þarf persónulega ráðgjöf næringarráðgjafa, lækna, og sálfræðinga til þess að leiðrétta stefnuna.

Við vitum að þetta er ekki einfalt mál sem leyst er í einni svipan með töfralausnum. Hér er um langtímaverkefni að ræða sem taka þarf föstum tökum og mörgum veitir ekki af aðstoð.

Faghópurinn sem stendur að LLL skólanum:



Sjöfn Kristjánsdóttir, lyflæknir og meltingarsérfræðingur
Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari og rekstrarfræðingur
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur
Sigríður Eysteinsdóttir, næringarfræðingur og næringarráðgjafi
Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari

Þess vegna höfum við hjá Hreyfigreiningu sett upp það sem við köllum „lífsstílsskóla“. Að kennslu í skólanum koma læknir, sjúkraþjálfari, sálfræðingur, næringarfræðingur og matreiðslumeistari, sem kenna hópnum og hverjum einstaklingi fyrir sig.

**Leið til léttara lífs**

Hér eru engar skyndilausnir á ferð. Um er að ræða þriggja ára þjálfun fyrir þá sem er alvara með að takast á við það ævilanga verkefni að koma sér í gott form, létta sig og halda því. Námið er miðað við hvern einstakling fyrir sig og kennsla fer fram bæði í einkatímum og hóptímum.

**LLL – leið til léttara lífs** er ætlað fyrir þá sem þurfa að ná stjórn á þyngdinni og hafa BMI yfir 30.
Verið er að skrá fólk í hópa.

HREYFI GREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



















Hávaðatoppar mega ekki fara yfir 110 desibel. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Hávaði veldur streitu

***Hávaði á vinnustað getur bæði orsakað heyrnarskemmdir og valdið álagi og streitu.***

Ákveðnar reglur gilda um hávaðavarnir og heyrnarvernd starfsmanna. „Mörk eru sett við að meðalhávaði fari ekki yfir 85 desibel og jafnframt eiga starfsmenn ekki að verða fyrir hávaðatoppum yfir 110 desibelum. Ef hætta er á að hávaði fari yfir þessi mörk er krafa gerð um að viðkomandi noti heyrnarhlífar,“ segir Sigurður Karlsson, deildartæknifræðingur efna- og hollustuháttadeildar Vinnueftirlitsins. „Reglurnar miða þannig að því að starfsmenn þurfi ekki að nota heyrnarhlífar. Það er í raun neyðarúrræði og einungis gert meðan leitað er annarra lausna.“

Þær hlífar sem menn sjálfir geta notað eru heyrnarhlífar og eyrnatappar. Ýmsar útgáfur eru til af eyrnahlífunum og sumar hverjar eru með innbyggðu útvarpi. „Það getur verið ágætis kostur þegar ekki þarf að vera mjög vakandi eftir varúðarhljóðum en getur einnig valdið truflunum. Best er þá að menn noti viðurkenndar hlífar með útvarpi því þær er ekki hægt að stilla svo hávaði fari yfir 82 desibel.“

Eftirlit fer fram á vegum Vinnueftirlitsins. „Þegar eftirlitsmenn okkar verða varir við að hávaði sé um eða yfir mörkum er krafa gerð um úrbætur. Fyrirtæki verða þannig að uppfylla mörk reglnanna.“

Sigurður segir reglurnar einnig geta um að reynt sé að draga úr hávaða eins og kostur er, ekki bara að hann sé undir mörkum. „Hávaði skaðar ekki bara heyrn heldur veldur líka truflun og streitu þótt hann sé langt innan við mörkin. Það hefur kannski verið vanmetið í umræðunni hingað til hversu mikil áhrif það hefur á okkur öll að vera undir stöðugu hávaðaálagi í vinnu. Þeir sem unnið hafa í hávaða þekkja vel hvernig slaknar á öllum líkamanum þegar hann hverfur. Hávaði getur haft áhrif á samskipti, skap okkar og líðan.“

# Betra að hætta í skyndi

***Niðurstöður nýrrar könnunar, sem gerð var í Bretlandi, benda til að þeir sem taka skyndiákvörðun um að hætta að reykja eru líklegri en aðrir til að haldast reyklausir.***

Rannsókn var gerð á 1.900 reykingamönnum og fyrrverandi reykingamönnum í Bretlandi og þeir spurðir út í reynslu sína af því að hætta að reykja. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í The British Medical Journal og bentu til þess að betra væri fyrir reykingamenn að hætta í kjölfarið á skyndiákvörðun heldur en þegar þeir gerðu langtímaáætlun um að hætta að reykja. 65 prósent þeirra sem hættu skyndilega að reykja entust í sex mánuði eða lengur í bindindinu samanborið við 45 prósent þeirra sem hugsuðu um að hætta fram í tímann.

Reykingamönnum hefur lengi verið ráðlagt að gera langtímaáætlun yfir hvernig og hvenær skuli hætt að reykja. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna hins vegar að ekki er sama leiðin sem hentar öllum. Hugarástand og vilji reykingamannsins til að losa sig undan fíkninni vegi þyngst.



Reykingamönnum hefur lengi verið ráðlagt að gera langtímaáætlun um að hætta að reykja.

## fyrirlestur }

### Slökkt á glamri hugans

SÉRSTAKLEGA STILLTAR TÓNKVÍSLAR ERU NOTAÐAR SEM LEIÐ TIL JAFNVÆGIS OG HEILSU.

Slökktu á glamri hugans nefnist fyrirlestur sem haldinn verður næstkomandi fimmtudagskvöld, 2. febrúar. Á fyrirlestrinum kynna Alexander Schwarz og Sabine Burger meðferðarform þar sem notaðar eru sérstaklega stilltar tónkvíslar til að öðlast innri frið og djúpa slökun. Þetta mun vera áhrifarík leið til jafnvægis og heilsu og byggir á vísindum frá fornu fari sem hafa verið þróuð áfram í nútímanum. Alexander og Sabine munu einnig bjóða upp á einkatíma vikuna 3. til 11. febrúar. Bæði fyrirlesturinn og einkatímarnir munu fara fram í Ljósheimum, Brautarholti 8, Reykjavík.

Ókeypis er á fyrirlesturinn á fimmtudagskvöld og eru allir hjartanlega velkomnir.

Nánari upplýsingar veita Sabine Burger og Alexander Schwarz í síma +31-6-46 63 78 97 eða schwarz@xs4all.nl



## NÝTT ÚTLIT

*Steypubílarnir hjá Mest* SJÁ BLS. 10



## HVAÐ Á VÉLIN AÐ HEITA?

*Hugmyndir að nöfnum*

SJÁ BLS. 16

[ SÉRBLAÐ UM ATVINNUTÆKI – ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR 2006 ]

# vinnuvélar



## EFNISYFIRLIT


**Í hálfa öld hjá Vegagerðinni**
*Ólafur H. Torfason* BLS. 2

**Alltaf að bæta við tækjum**
*Leiga á vinnuvélum* BLS. 4



**Uppgangur í sorphirðu**
*Íslenska gámafyrirtækið*
BLS. 6

**Byggt í gríð og erg**
*Byggingarsvæðin* BLS. 8

**Vinnuvélaréttindi**
*Hvernig á að bera sig að* BLS. 10

**Öryggismál**
*Þurfa að vera í verklegri þjálfun* BLS. 12

**Alltaf til í auka tommu**
*Jóhann K. Ólafson* BLS. 14

**Búkollan er ekkert mál**
*Katrín Johannessen* BLS. 19





*Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?*

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*

*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir



Stefán Jónsson vörubílstjóri og Fannar Ólafsson dóttursonur hans.

## Kraninn skiptir mestu máli

Stefán Jónsson vörubílstjóri hefur keyrt vörbíla hjá Vörubílastöðinni Þrótti síðan 1973. Hann segist vinna með mjög skemmtilegu fólki þar.

Stefán keyrir tólf hjóla vörubíl. „Þetta er tólf hjóla Man með krana,“ segir Stefán sem hefur verið í þrjú ár á bílnum sem hann ekur núna. „Bíllinn er níutíu og átta árgerð en kraninn er aftur á móti árgerð tvö þúsund og þrjú. Hjá okkur skiptir kraninn eiginlega meira máli en bíllinn sjálfur, sem er meira til þess að flytja kranann á milli staða. Kraninn er að minnsta kosti ekki minna mál en bíllinn.“

Starf Stefáns felst í því að flytja vörur á bílnum og vinna með krananum sem hann segir að sé mikið notaður við flutninga og í byggingariðnaði. „Það þarf að standa yfir krananum þó að hann sé fjarstýrður þegar verið er að vinna með honum. Við stöndum yfir krönunum nánast allan daginn þegar við erum að vinna með þeim.“ segir hann.

Stefáni finnst starfið mjög skemmtilegt. „Mér finnst gaman að umgangast viðskiptavinina og svo er ég að vinna með skemmtilegum mönnum,“ segir hann.

# Fer eftir veðri og vindum

Sala á notuðum vinnuvélum er árstíðabundin

Kraftvélasalan á Kjalarnesi sérhæfir sig í sölu á notuðum vinnuvélum. Stefán Gestsson, sölumaður notaðra véla hjá Kraftvélasölunni, segir mikla eftirspurn eftir notuðum vélum.

„Þegar snjóar mikið er töluverð eftirspurn eftir traktorsgröfum og þegar mikið er af framkvæmdum innanbæjar eru hjólavélarnar mjög vinsælar enda þægilegt að koma þeim á milli staða“, segir hann, „Svo taka minitækin kipp þegar tekur að vora, þær eru mikið notaðar við hellulagningar.“ Minitæki svokölluð eru litlar vinnuvélar sem vega á bilinu tvö til fimm tonn.

Stefán segir síðustu tvö til þrjú ár algjör metár í sölu notaðra vinnuvéla, mikið sé af framkvæmdum og Kraftvélasalan fari ekki varhluta af því.

Notuðu vinnuvélarnar sem salan hefur til sölu eru nær eingöngu tæki sem tekin hafa verið upp í ný tæki, en salan tekur jafnframt að sér að selja tæki í umboðssölu.



Ágúst Schram og Venieri vinnuvél



# Allt borið á bakinu við brúarvinnu

Ólafur H. Torfason hóf störf hjá Vegagerðinni árið 1956. Í ár fagnar hann 50 ára starfsafmæli.

Undanfarin 50 ár hefur Ólafur H. Torfason unnið margvísleg störf innan Vegagerðarinnar.

Fyrstu árin vann Ólafur við sprengingar og á veghefli víðsvegar um landið. Síðar á starfsferlinum starfaði hann sem verkstjóri, vegaeftirlitsmaður og síðustu ár hefur hann unnið hjá Umferðarþjónustunni í Reykjavík sem gefur upplýsingar meðal annars um færð á vegum.

„Þetta var á þeim tíma sem ekki var mikla vinnu að fá, ég datt bara inn í þetta og ætlaði ekki að dvelja lengi. Ég er þó búinn að vera þarna í tæp 50 ár,“ segir Ólafur þegar hann er spurður um hvernig það kom til að hann fór að vinna hjá Vegagerðinni.

Ólafur segir margt eftirminnilegt á starfsferlinum og nefnir þar helst að hann hefur farið víða um land og kynnst mörgu góðu fólki í gegnum tíðina.

Ólafur segir að umferðin og þau tæki sem notuð eru til vinnu hafi gjörbreyst frá því hann steig sín fyrstu skref hjá Vegagerðinni.



Ólafur H. Torfason segir flest verk hafa verið unnin með skóflunni hér áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Það voru flest verk unnin með skóflunni þegar ég byrjaði og malarvegir nær allstaðar“, segir Ólafur.

Vinnudagarnir voru oft langir hjá Ólafi sem segir það ekki óalgengt að hann hafi heflað frá átta um morgun til miðnættis alla daga vikunnar. Aðbúnaður og starfsumhverfi hjá Vegagerðinni hefur einnig batnað með betri tækni.

„Vinnuflokkarnir gistu í tjöldum og það þótti fínt, menn þekktu ekkert annað. Í brúarvinnu til dæmis var allt borið á bakinu.“ Hann bætir því við að í dag sé starf hjá Vegagerðinni ekki eins líkamlega erfitt.

Mikið hefur fækkað í starfsliði Vegagerðarinnar síðan mest var og segir Ólafur að ein vinnuvél afkasti álíka miklu og 10 hraustir menn gerðu áður fyrr.

Ólafur ætlar að enda starfsferil sinn hjá Vegagerðinni. Nú starfar hann hjá þjónustudeildinni sem gefur upplýsingar um færð á vegum í síma 1777.

Vegagerðin býður fyrrverandi starfsmönnum í kaffi þrisvar sinnum á vetri og þegar blaðamann bar að garði var Ólafur á leið á eitt slíkt.

„Það er gaman að hitta gamla félaga, það er nóg hægt að rifast.“ segir Ólafur og brosir.

JOST ROCKINGER
Member of JOST-World
Dráttarstólar og dráttarkrókar
ÓSAL
Vörur - þjónusta - upplýsingar
Tangarhöfða 4, sími 515 7200

vinnuvélin }

## Gæti hugsað sér að prófa gröfu

BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA HEFUR UNNIÐ Á ÝMSAR VINNUVÉLAR.

Bryndís hefur unnið á fleiri en eina tegund vinnuvéla. „Ég hef unnið á jarðbor og snittivél og ýmislegt fleira því ég vann stundum við það að pípa með pabba mínum,“ segir hún. Bryndís viðurkennir að það hafi verið svolítið erfitt að vinna á jarðborinn. „Það var sérstaklega erfitt þegar ég var lítil og létt,“ segir hún.

Bryndís gæti vel hugsað sér að prófa að vinna á gröfu. „Mig myndi langa til þess að prófa gröfu af því að sonur minn elskaði gröfur þegar hann var lítill og nýbyrjaður að tala,“ segir hún.



Bryndís Ásmundsdóttir leikkona er vön ýmsum vinnuvélum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Hættulegt

## *Ónýtar rafhlöður skaða náttúruna*

Leggðu þitt af mörkum til náttúruverndar og komdu þeim í réttar hendur. Þú getur farið með þínar rafhlöður í söfnunarílát Efnamóttökunnar eða á móttökustaði sveitarfélaga um land allt.

**Dæmi um spilliefni sem fara skal með til Efnamóttökunnar:**

- Hreinsiefni
- Slökkvitæki
- Málningarafgangar
- Smurefni
- Leysiefni





Efnamóttakan hf

*Spillum ekki framtíðinni*

*Við sækjum!* S. 520 2220 www.efnamottakan.is

# Vinnuvélar bannaðar

Hvers konar vinnuvélar mega ekki standa á götum eða almennum bílastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og 06.00.

Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá þessu banni og eru þá staðirnir sértaklega merktir eða afmarkaðir. Jafnframt getur gatnamálastjóri veitt tímabundna undanþágu svo sem vegna verklegra framkvæmda.



Vinnuvélar mega ekki leggja í almenn bílastæði hvenær sem er.

**vinnuvélin }**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Spennandi að saga í sundur flugvél

KATRÍNU GUÐMUNDSDÓTTUR HARMONIKKULEIKARA Í BRÚÐARBANDINU LANGAR TIL ÞESS AÐ PRÓFA STÓRA SÖG.

Katrín hefur aldrei unnið á vinnuvél en hana langar að prófa stóra sög. „Mig langar til þess að prófa svona stóra sög eins og þá sem var notuð til þess að saga í sundur flugvélina í Lost. Í þeim þætti virkaði það mjög spennandi og skemmtilegt að saga í sundur flugvélar," segir hún.




Aron Þorsteinsson rekur Tæki.is ásamt föður sínum.

# Alltaf að bæta við sig vinnuvélum

Vinnuvélaleigan Tæki.is hefur verið starfrækt í tvö ár. Eigendur hennar eru feðgarnir Þorsteinn Auðunn Pétursson og Aron Þorsteinsson.

Vinnuvélaleigan Tæki.is er með ýmsar tegundir vinnuvéla. „Pabbi hefur verið með körfubíla síðan 1982 og svo kom ég inn í þetta fyrir tveimur árum síðan og þá fórum við út í lyftur og fleira," segir Aron. Hann segir að í dag séu lyfturnar meira notaðar en körfubílar. „Við erum aðallega lyftufyrirtæki en svo erum við með smágröfur, rafstöðvar, lyftara og margt fleira."

Hjá Tæki.is er hægt að leigja vinnuvélar jafnt til skamms tíma og langs tíma. „Það er mjög mikið núna um langtímaleigu á lyftunum í ýmis verkefni og þær eru til dæmis mikið notaðar þegar er verið að reisa hús," segir Aron.

Aron segir að það gangi mjög vel hjá þeim og þeir hafi verið að bæta við sig tækjum vegna mikillar eftirspurnar. „Núna er eiginlega allt úti en við erum með um sextíu tæki. Ég er svo að fara utan í byrjun mars til þess að kaupa fleiri tæki. Ég þarf að kaupa svona tíu spjót og bómulyftur en það er mjög mikil eftirspurn eftir þeim núna og allar okkar eru í útleigu.

Aron segir að venjulega sé mest að gera hjá leigunni á sumrin en núna sé mjög mikið að gera í byggingariðnaði. „Eftirspurnin eftir tækjunum hjá okkur er núna eins og á mjög góðu sumri," segir hann.

# Framkvæmdum miðar vel

Framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar ganga vel og nú eru gröfur Jarðvéla komnar fram hjá Vogaafleggjara og stefna inn að Strandheiði.

Ökumenn sem lagt hafa leið sína um Reykjanesbraut eru nú orðnir vanir því að keyra gegnum vinnusvæði vegagerðarmanna sem vinna að tvöföldun Reykjanesbrautar. Verkinu miðast vel og nú eru vegagerðarmenn komnir fram hjá Vogaafleggjara á ferð sinni inn að Strandheiði. Haft er eftir verkstjóra Jarðvéla, Eggerti Páli Helgasyni, að framkvæmdirnar gangi vel þrátt fyrir leiðindaveður síðustu vikur. Gröfur Jarðvéla eru nú komnar inn fyrir Voga í uppúrtektinni og næsta verk á dagskrá er að slá upp mótum fyrir fyrra brúarstæðinu við mislæg gatnamót. Því er ekki langt að bíða þar til ökumenn keyra tvöfalda Reykjanesbraut endanna á milli.



Framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar miðar vel.

Frystivagnar Flutningakassar Flatvagnar Beislisvagnar Gámagrindur




KRONE

ALORKA býður eigendum og rekstraraðilum flutningabíla að kynna sér vörulínu KRONE og fá verð hjá okkur í *vagna, gámagrindur, flutningakassa, kælivélar, milliþil* eða annað sem tengist landflutningum. Hjá okkur er einnig hægt að fá varahluti í eldri KRONE og NORFRIG flutningatæki.

s: 577 30 80
www.alorka.is
ALORKA ehf.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


Hágæða vinnuvélar
Traktorsgröfur, hjólaskóflur, hjólagröfur, beltagröfur
Venieri
hjólaskóflur og traktorsgröfur
Hydrema
hjóla-, traktors- og beltagröfur
og námubifreiðar
Fullkomið vélaverkstæði
fyrir jarðvinnuvélar
og flutningatæki
Verslun, með mikið úrval
varahluta í flestar gerðir
vinnuvéla
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími: 5-800-200




Alkul er að hefja innflutning á kælikerfum í flutningabíla frá Zanotti. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kælikerfi fyrir flutningabíla

Alkul ehf sérhæfir sig í innflutningi, sölu og þjónustu á kæli- og frystibúnaði.

Alkul ehf. var stofnað árið 1992 og hefur starfsemi þess vaxið jafnt og þétt síðan þá. „Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og þjónustu á allra handa kæli- og frystibúnaði, með aðaláherslu á flutningabíla,“ segir Þorsteinn Ragnarsson hjá Alkuli. Árið 2003 urðu eigandaskipti hjá fyrirtækinu og segir Þorsteinn að nýir eigendur hafi verið að festa sig í sessi síðan.

Alkul er innflutningsaðili fyrir Termo King sem er eitt stærsta merki í heiminum fyrir kælingu í flutningabílum.

„Merkið er í dag að finna á stórum hluta íslenska flutningabílaflotans,“ segir Þorsteinn.

Um þessar mundir eru þeir félagar hjá Alkuli einnig að hefja innflutning á kælikerfum í flutningabíla frá Zanotti sem er ítalskt merki, sambærilegt við Termo King.

„Við höfum verið að nota Zanotti í hefðbundnum kælikerfum í veitingahúsum og verslunum. Það hefur reynst mjög vel, auk þess sem það er á mun hagstæðara verði,“ segir Þorsteinn.






Jón Frantzson, framkvæmdastjóri Íslenska Gámafélagsins, segir fyrirtækið í miklum uppgangi. Nýlega hóf fyrirtækið starfsemi við hafnargerð og sérhæfir sig í að leigja út vinnuvélar og tæki til verktaka og sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Uppgangur í sorphirðu

Mikill uppgangur hefur verið hjá Íslenska Gámafélaginu frá því fyrirtækið var stofnað fyrir sjö árum. Fyrirtækið er að upplagi sorphirðufyrirtæki en ætlar sér inn á víðtækara svið á næstu misserum.

Íslenska Gámafélagið ehf. var stofnað árið 1999. Markmiðið með stofnun fyrirtækisins var að auka samkeppni á markaði sem sneri að sorphirðu. „Við vildum stofna öflugt fyrirtæki í Reykjavík,“ segir Jón Franzsson framkvæmdastjóri en á þeim tíma sem Íslenska Gámafélagið var stofnað var Gámaþjónustan með yfirgnæfandi markaðshlutdeild.

Íslenska Gámafélagið er með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og víða um landið og þjónustar tæplega þrjú þúsund fyrirtæki og einstaklinga. Fyrirtækið hefur gott samstarf við fyrirtæki af landsbyggðinni og tók þátt í stofnun nýs fyrirtækis á Norðurlandi árið 2003, Norðlenska Gámafélagsins ehf. sem sér um leigu og losun á heimilissorpi fyrir Eyjarfjarðarsveit.



Íslenska Gámafélagið er með starfsstöðvar víða um land. Stefnt er að því að búa til verðmæti úr úrgangi og koma á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við höfum verið að endurskilgreina svið fyrirtækisins. Að upplagi erum við sorphirðufyrirtæki og þjónustum sveitarfélög og fyrirtæki en við ætlum okkur inn á víðtækara svið. Við viljum færa þetta lengra og líta á sorp sem vöru sem hægt er að endurvinna og selja og nú leitum við að markaði til að koma þeirri vöru á framfæri,“ segir Jón. „Í anda grænnar stefnu höfum við opnað stóra og góða flokkunarstöð uppi í Gufunesi og erum byrjaðir að búa til verðmæti úr úrgangi. Við erum einnig farnir að vinna við hafnargerð og eftir að við eignuðumst Vélamiðstöð Reykjavíkur sérhæfum við okkur í að leigja verktökum og bæjarfélögum tæki, vinnuvélar og ýmis sérútbúin tæki fyrir sérhæfð verk.“

Frá stofnun Íslenska Gámafélagsins hefur orðið mikill uppgangur í starfsemi þess. Fyrsta starfsárið voru þrír starfsmenn sem unnu í fyrirtækinu en í dag eru þeir um 150. „Uppgangurinn í fyrirtækinu hefur verið mikill,“ segir Jón. „Veltan var á fyrsta árinu um 50 milljónir en í ár er stefnt að því að veltan fari í rúma tvo milljarða.“

**vinnuvélin }**

## Langar að prófa vinnuvél með syninum

GUNNAR LÁRUS HJÁLMARSSON TÓNLISTARMAÐUR Á SON SEM ER MJÖG HRIFINN AF VINNUVÉLUM.

Dr. Gunni hefur aldrei unnið á vinnuvél og langar ekkert sérstaklega til þess. Hann viðurkennir þó að hann væri alveg til í að prófa einhverjar vinnuvélar. „Ég hefði gaman af því að prófa að fikta í einhverjum vinnuvélum með tveggja ára syni mínum. Bubbi byggir þættirnir eru búnir að koma inn hjá honum svona vinnuvélakarlmennsku,“ segir hann. Gunnar segir að í Bandaríkjunum sé skemmtigarður þar sem fólk geti fengið að prófa ýmsar vinnuvélar. „Það er alveg rakin hugmynd fyrir einhvern að opna svona hér á Íslandi.“



Dr. Gunni hefur aldrei unnið á vinnuvél. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR






## DETA rafgeymar

# Orka sem þú getur treyst

✓Bílar ✓Bátar ✓Skip ✓Neyðarlýsingar ✓Orkuver ✓Lyftarar ✓Tjaldvagnar ✓Vélsleðar
✓Mótorhjól ✓Rafmagnsbílar ✓Hjólastólar

Deta rafgeymar eru framleiddir fyrir nánast allar stærðir og gerðir farartækja. Deta hefur í yfir 50 ár unnið sér nafn sem einn öflugasti rafgeymaframleiðandi heims. Með sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækjum með sérhæfðan rafbúnað eykst þörfin fyrir öflugri og umfram allt traustari rafgeyma.

Við bjóðum allar gerðir af hleðslutækjum fyrir Deta.

Hafðu samband við sérfræðingana hjá Olís og fáðu nánari upplýsingar um yfirburði Deta rafgeyma.

Olíuverzlun Íslands • Sundagörðum 2 • Sími 515 1100 • Fax 515 1110 • www.olis.is



Hrátt vinnusvæðið er skemmtilega aðlaðandi með litríkum baujum hangandi niður af vinnupöllunum.



Mennirnir eru litlir í samanburði við verkið sem þeir vinna.



Háir kranarnir nema við himininn.



Steinsteypan og nýbyggingar eru allsráðandi á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir.

# Byggt í gríð og erg

Byggingarsvæði með fjölda vinnuvéla og byggingaverkamanna eru ekki óalgeng sjón því víða er verið að byggja og ný hús spretta upp.

Umhverfi okkar er alltaf að breytast. Gömul hús, sem hafa staðið frá því elstu menn muna, hverfa og í staðinn rísa ný og stærri hús. Landslag borgar og bæja tekur stöðugum breytingum til þess að svara kröfum íbúanna. Byggingarsvæði með stórtækum vinnuvélum og fjölda byggingarverkamanna eru orðin svo algeng sjón að allir eru hættir að velta því fyrir sér hvað sé verið að byggja á hverjum stað. Því er tekið sem sjálfsögðum hlut að litla sjoppan við hliðina sé einn daginn horfin og ári seinna sé kominn nýtískulegur banki í hennar stað.



Erfitt er að segja hvað þetta er, en lítur út eins og lítil raðhúsabyggð.



Nútímalegir fjallgarðar.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
NÆSTA NÁMSKEIÐ BYRJAR 27. JANÚAR.
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Staðsetning Mjódd
www.ovs.is
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 894 2737

Vörubíladekk
Sóluð vetrardekk:
Stærðir: 315/80R22.5, 12R22.5
Verð frá kr. 19.900,- án/vsk.
Ný heilsársdekk:
Stærðir: 315/80R22.5, 12R22.5, 295/80R22.5, 275/70R22.5
Djúpt munstur 21 mm
Vinnuvéladekk
Helstu stærðir:
26.5-25 15.5-25
23.5-25 14.00-24
20.5-25 13.00-24
17.5-25 10.00-20
s: 577 30 80
www.alorka.is
ALORKA ehf.



Smíðajárn sem bíður eftir að vera sett á sinn stað.

t æ k n i þ r ó u n f r a m f a r i r

KORTER




# RIMULA

## Super & Ultra

Shell hefur nú þróað nýjar olíur fyrir vélar og tæki
sem sniðnar eru að kröfum og þörfum vélaframleiðanda

- Tryggir hámarkssmurningu og endingu véla.
- Þolir afar mikið álag án þess að missa smureiginleika
- Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur Evrópu sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar



**Veldu það besta fyrir atvinnutækið þitt**

vinnuvélin }



# Tók fyrstu skóflustungu

DAGUR B. EGGERTSSON HEFUR VÍÐTÆKA REYNSLU AF VINNUVÉLUM ÞÓTT TÖLVAN SÉ AÐALVINNUVÉLIN

Hefur þú unnið á vinnuvél? „Heldur betur, ég tók fyrstu skóflustunguna að bensínstöð Atlantsolíu á risastórri gröfu, en það kallast kannski ekki vinna. Ég vann líka við húsaviðgerðir öll sumur meðfram menntaskóla og var þá fljótlega settur á háþrýstitraktorinn og höggborinn. Þannig að ég hjó mig inn í hjarta íslenskrar fiskvinnslu úti á Granda með því að brjóta frá ryðguðum steypustyrktarbitum. Ég efldist og stæltist og fór næstum því með bakið á mér. Aðalvinnuvélin mín í dag er samt tölvan, enda fer hún betur með bakið.“



Ingi Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Mest, við einn af nýmáluðum steypubílum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gömlu steypubílarnir fá nýtt útlit

Steypustöðin og Merkús sameinuðust nú fyrir stuttu og til varð eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði byggingarmarkaðarins, Mest.

Mest hefur höfuðstöðvar sínar á Malarhöfða í Reykjavík en auk þess er fyrirtækið með hellustöð í Hafnarfirði, þar sem líka er steypustöð og verslun, og á Selfossi hefur Mest einnig starfrækt verslun og steypustöð. Mest hefur svo komið upp starfstöð á Reyðarfirði og þjónustar verktaka við stóriðjuframkvæmdirnar þar.

„Við erum með allt frá skrúfum og upp í stórar byggingar og milli þess erum við með öll þau tæki og tól sem þarf til þess að framkvæma hlutina. Þetta eru heildarlausnir fyrir byggingarmarkaðinn,“ segir Ingi Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Mest, aðspurður um þá þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. „Okkar aðalmarkhópur eru verktakar og aðrir fagaðilar innan þessa iðnaðar. Verslanir okkar eru líka litlar fagmannaverslanir, við erum ekki að selja gos eða sælgæti.“

Eitt af aðaleinkennum gömlu Steypustöðvarinnar voru sjálfir steypubílarnir. Það eru því margir sem spyrja sig að því hvort útlit þeirra muni eitthvað breytast með nýju fyrirtæki. „Já, útlitið mun breytast. Þeir verða appelsínugulir en það er ástæða fyrir því. Appelsínugulur er okkar litur og svo erum við líka að hugsa um öryggi. Þegar við erum alltaf inni á þessum byggingarsvæðum þá klæðast allir okkar starfsmenn öryggisfatnaði, sem er appelsínugulur og við ætlum að hafa þennan öryggisþátt að leiðarljósi,“ segir Ingi Þór að lokum en steypubílarnir með hið nýja appelsínugula útlit eru væntanlegir á götur landsins mjög fljótlega.

www.HELLUR.com OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

FAI Auto Parts
Vélaviðgerðir
Vélavarahlutir
✔ Pakkningarsett
✔ Ventlar
✔ Vatnsdælur
✔ Tímareimar
✔ Viftureimar
✔ Knastásar
✔ Olíudælur
✔ Legur
✔ Stimplar
Varahlutir sem þú getur treyst á !
VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL TANGARHÖFÐA 13
Sími 577 1313 • www.kistufell.com



# Náð í vinnuvélaréttindi

TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI Á VINNUVÉLAR ÞARF AÐ SÆKJA VINNUVÉLANÁMSKEIÐ.

Inntökuskilyrði eru þau að viðkomandi þarf að hafa náð sautján ára aldri og hafa ökuskírteini ef nota á vinnuvél utan lokaðra vinnusvæða.

Námstíminn skiptist samkvæmt venju í bóklegt og verklegt nám. Samkvæmt reglugerð ber hverjum að sitja áttatíu bóklegar stundir. Verklegi hlutinn er oftar en ekki kláraður á vinnustað viðkomandi í umsjá viðurkennds leiðbeinanda.

Vinnuvélanámskeið veitir réttindi á allar stærðir og gerðir vinnuvéla.

Þetta nám kostar um fimmtíu þúsund krónur.

Nokkrir staðir bjóða upp á slíka kennslu, þar má nefna helsta Iðntæknistofnun og Ökuskóli Suðurlands, en enginn hefur verið jafnlengi að og Svavar Svavarsson, öku- og vinnuvélakennari hjá Nýja ökuskólanum. Hann segir aðsóknina nokkuð jafna yfir árið. „Á landsvísu útskrifast um fimm til sex hundruð árlega með þessi réttindi. Samt standa vörubílar og vinnuvélar víða um land vegna manneklu“, segir Svavar og vill greinilega meina að tækifærin séu fyrir hendi.

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

O&K Þjónusta
Þjónustuaðili:
Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco
VélRás ehf.
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi
RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is
Slöngur og fittings á lager.
Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.
Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# Stórsýningin Verk og vit

– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð
í Laugardalshöllinni, íþrótta-og sýningahöll

16.–19. mars 2006

Verk og vit 2006

## Verður þitt fyrirtæki á Verk og vit 2006?

Örfá sýningarrými eftir – bókaðu núna á verkogvit.is

**Sýningin Verk og vit 2006**
Sýningin verður opin 16.-19. mars. Á sýningunni verða áhugaverðar nýjungar kynntar auk véla, tækja, hönnunar, ráðgjafar og þjónustu. Þá munu skipulagsmál skipa sérstakan sess þar sem þróun, einstök verkefni og framtíðarsýn verða kynnt. Í tengslum við sýninguna verða haldnar ráðstefnur og málþing þar sem m.a. verður fjallað um þróun fasteignamarkaðarins, skipulagsmál og fjárfestingar.

**Fyrir hverja?**
Sýningin Verk og vit 2006 er ætluð framleiðendum og innflytjendum og þeim aðilum sem tengjast bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. verktökum, sveitarfélögum, iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum, fasteignafélögum, hönnuðum og ráðgjöfum.

**Skipuleggjendur**
AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

AP. **Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæðinu verkogvit.is eða í síma 511 1230.**

**Samstarfsaðilar:** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · Reykjavíkurborg · SI Samtök iðnaðarins · Landsbankinn · ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavik · sími 511 1230 · fax 511 1232 · www.appr.is · www.verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

# Þurfa að vera í verklegri þjálfun

**Starfsmenn vinnuvéla þurfa að huga að ýmsu varðandi öryggismál. Meðal annars skal passa að öryggisbúnaður sé í lagi og sýna aðgát þegar fólk er nálægt vélunum.**

Ýmsar reglur gilda um öryggismál á vinnuvélum. „Þetta er auðvitað óskaplega mismunandi bæði eftir vélum og hvar verið er að vinna,“ segir Haukur Sölvason, deildarstjóri vinnuvéladeildar Vinnueftirlitsins. „Sumt er ekki hægt að kenna á námskeiðum heldur verða menn bara að vera í verklegri þjálfun og fá tilfinningu fyrir því hvað má og hvað ekki í sambandi við vinnubrögð. Til dæmis fara menn ekki út í ófærur með vélina svo hún geti oltið og nota ekki vélarnar nema þær séu í lagi.“

Sýna skal nærgætni þar sem fólk er í kring og í þéttbýli á að girða byggingaframkvæmdir af. „Á stærri vinnusvæðum er óviðkomandi umferð bönnuð. Starfsmenn verða jafnframt að passa sig að fara ekki inn á vinnusvæði vélarinnar nema stjórnandi vélarinnar viti af þeim.“ Haukur segir menn ekki þurfa að vera með hjálma inni í vélunum. „Vélin er yfirleitt með það sterkt hús að hún á að þola veltu. Hins vegar er krafa á öllum slíkum athafnasvæðum að menn noti hjálm og aðrar viðeigandi persónuhlífar þegar þeir fara út.“

Öryggisbúnað vélarinnar þarf árlega að skoða. „Vinnueftirlitið metur búnaðinn og ef allt er í lagi er ekkert gert fyrr en eftir tólf mánuði. Ef eitthvað smávægilegt er að eru gefnar ábendingar sem menn geta lagfært og látið okkur síðan vita. Ef eitthvað meiri háttar er að er þess krafist að vinnuvélin sé endurskoðuð eftir tiltekinn tíma og í versta falli er hún innsigluð.“

Vinna má á öllum tímum sólahringsins en fara verður eftir vinnutímalöggjöfinni hvað varðar lengd vinnu á hverjum degi. „Menn þurfa að fá lágmarkshvíld samkvæmt lögum en algengt er að menn séu í vaktavinnu svo sem í Kárahnjúkum þar sem unnið er allan sólarhringinn.“

Haukur segir mikilvægt að starfsmenn sýni sjálfstæði ef þeim lýst ekki á aðstæður. „Verkstjórarnir eru oft að segja mönnum til verka og ef það á að senda þá út í einhverja vitleysu verða þeir einfaldlega að neita. Ef kemur til ágreinings milli verkstjóra og starfsmanns myndi vera leitað til Vinnueftirlitsins og öll slys og óhöpp ber að tilkynna Vinnueftirliti.“

STARFSMENN VINNUVÉLA ÞURFA MEÐAL ANNARS AÐ:

- hafa hlífar yfir hreyfanlegum hlutum
- varast skurðbakka
- sýna nærgætni þegar fólk er í kring
- hafa náttúruvernd í huga
- vera með hjálm á byggingasvæðum (þó ekki í vinnuvélinni)
- klæðast endurskinsvestum í myrkri
- nota öryggisskó
- láta skoða öryggisbúnaðinn árlega
- yfirfara ljós reglulega
- hafa rúður hreinar
- nota öryggisbelti


„„Öll slys og óhöpp ber að tilkynna Vinnueftirliti,“ segir Haukur Sölvason. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN


Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

Varúðarljós • Ljóskastarar • Díóðuljós






Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen




SV vörubílademparar viðhaldsfríir - mjög sterkir




Ryðfríir kassar



margar gerðir frábært verð

Webasto olíumiðstöðvar
Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós
Be-Ge vörubíla og vinnuvélastólar
BAWA ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330

# Upplýsingar um allt sem viðkemur framkvæmdum

Vefsíðan byggingar.is var opnuð nýverið og hefur hlotið góðar viðtökur.

Nýverið var opnuð heimasíða sem ber heitið Byggingar.is. Síðan hefur að geyma nýjustu fréttir af framkvæmdum hér á landi auk þess sem þar er að finna ítarlega skrá yfir þau fyrirtæki sem starfa í byggingariðnaðinum.

Tilgangur síðunnar er fyrst og fremst, að sögn Róberts Árna Róbertssonar, sem er eigandi hennar, að auka upplýsingaflæðið innan byggingariðnaðarins. Áður fyrr þurftu verktakar að leita eftir upplýsingum um útboð víðs vegar á netinu, en nú með tilkomu síðunnar er hægt að nálgast þessar sömu upplýsingar á einum og sama staðnum. „Þetta sparar verktakafyrirtækjunum sporin í leit sinni að útboðsgögnum og eins líka öðrum sem hafa áhuga á að fylgjast með iðnaðinum,“ segir Róbert Árni.

Einstaklingar geta að sama skapi nálgast upplýsingar á síðunni um hvert eigi að leita vegna einstakra verka, hvar sé hægt að fá góðan pípara og þess háttar. Á síðunni er að finna ítarlegt gagnasafn og fróðleik um ýmislegt sem fólk getur nýtt sér ef það stendur í framkvæmdum. Á meðal þess sem þar má nálgast eru leiðbeiningar um meðferð og viðhald steinsteypu. Auk þess eru á síðunni kynningar á nýjustu byggingarvörunum á markaðinum.

Að sögn Róberts Árna hefur vefurinn hlotið miklar og góðar viðtökur. „Miðað við hvað við höfum auglýst lítið hefur aðsóknin verið vonum framar,“ segir Róbert Árni.



Á síðunni er að finna ítarlegt gagnasafn og fróðleik um ýmislegt sem fólk getur nýtt sér ef það stendur í framkvæmdum.





## Allt fyrir öryggið

ÞAÐ ER ÝMISLEGT SEM ÞEIR SEM VINNA Á VINNUVÉLUM ÞURFA AÐ HUGA AÐ HVAÐ VARÐAR ÖRYGGISHLÍFAR OG FATNAÐ.

Verslunin Þjarkur á Smiðjuvegi býður upp á úrval vinnufatnaðar og öryggishlífa. Í versluninni má fá hjálma, skó, heyrnarhlífar, hlífðargleraugu, kuldagalla og margt fleira sem kemur sér vel þegar unnið er á vinnuvélum.









ÞÚ TREYSTIR
REKSTRARÖRYGGI VOLVO

**Volvo uppfyllir þarfir þínar fyrir traustar vinnuvélar með breiðu vöruframboði vinnuvéla. Rekstraröryggi og ending atvinnutækja byggist á gæðum vélanna og öflugri þjónustu.**

Volvo EC240B beltagrafan er leiðtogi og er ein sú afkastamesta í sínum stærðarflokki í heiminum. Við hönnun hennar voru skoðanir og ábendingar stjórnenda vinnuvéla hafðar að leiðarljósi. Útkoman er traust og þægileg beltagrafa sem uppfyllir kröfur stjórnandans um rekstrarhagkvæmni, nútíma vinnuumhverfi og stjórntæki, afköst og endingu ásamt góðu aðgengi að öllum viðhaldsstöðum vélarinnar.

Komdu í Brimborg og kynntu þér breiða vörulínu á beltagröfum frá Volvo, allt frá 14 tonna gröfunni EC140B til hinnar framúrskarandi 46 tonna beltagröfu EC460B.

Brimborg, umboðsaðili Volvo, rekur öfluga þjónustu við eigendur og notendur atvinnutækja Volvo af öllum tegundum og stærðum.

Brimborg leggur metnað sinn í að uppfylla kröfur viðskiptavina sinna með það að markmiði að hámarka nýtingu atvinnutækjanna og að viðhald fjárfestingarinnar og þjónusta við hana sé í sérflokki. Þess vegna hafa þjónustuverkstæði Brimborgar fyrir atvinnutæki Volvo yfir að ráða fullkomnasta viðhalds- og tæknibúnaði sem völ er á auk þess sem þjónustan getur einnig farið fram á þeim stað, þar sem tækin eru í notkun.

**Nýttu þér þjónustusamninga Brimborgar. Þannig getur þú einbeitt þér að starfi þínu og látið fagmenn Brimborgar um að tryggja hámarksnýtingu vélanna.**

**Hafðu samband. Kynntu þér breiða vörulínu vinnuvéla Volvo.**

Ráðfærðu þig við sérfræðinga Brimborgar í atvinnutækjadeild. Tryggðu þér áreiðanleg atvinnutæki og öfluga þjónustu Brimborgar.

Til á lager Volvo EW160B. Hafðu samband!

Til á lager Volvo EC180B. Hafðu samband!



**Volvo smávélar** Hjólaskóflur þyngd frá 4,3 t til 8,9 t Gröfur þyngd frá 1,3 t til 8,5 t

**Volvo hjólagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 19,8 t

**Volvo traktorsgrafa** BL71 þyngd 8,6 t

**Volvo beltagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 46,6 t

**Volvo vegheflar** Þyngd frá 15,1 t til 19,6 t

**Volvo búkollur** Burðargeta frá 24 t til 37 t

**Volvo hjólaskóflur** Þyngd frá 8,2 t til 52 t

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

Öruggur staður til að vera á










Jóhann í lyftaranum sínum góða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alltaf til í auka tommu

Jóhann K. Ólafsson hefur unnið á lyftara hjá BM-Vallá í fjölmörg ár. Hann er ánægður með lyftarann og segir hann vera hið fínasta tryllitæki en að hann láti aðra um að leika sér.

Jóhann er mjög ánægður með lyftarann sinn og segist nota hann í vinnunni nema er hann borðar. Lyftigeta lyftarans er fjögur tonn og nýtist hann vel á fjölbreyttu vinnusvæði. Skemmtilegast við lyftarann segir Jóhann sé hversu fjölbreyttur hann er. „Nýtingin er mjög góð miðað það sem er verið að vinna við. Hann hentar þessu fyrirtæki mjög vel.“

Jóhann segir að eftir að hafa unnið í fjölmörg ár á lyftara sé hann ekki mikið að leika sér á honum en hinir yngri séu oft að gera ýmsar kúnstir.

Eins og með flest annað í lífi karlmanna þá er Jóhann alveg til í aðeins stærri og örlítið kraftmeira tæki. „Vantar okkur karlana ekki alltaf eina tommu? Það er alltaf eitthvað smávegis sem vantar upp á,“ segir Jóhann að lokum og hlær.




*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

**vinnuvélin }**



## Væri til í að keyra traktor

EMILÍA BJÖRG ÓSKARSDÓTTIR EIN AF MEÐLIMUM NYLON, HEFUR ALDREI UNNIÐ Á VINNUVÉL.

Hefur þú unnið á vinnuvél? „Nei, það hef ég ekki gert ennþá“.

Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél yrði fyrir valinu? „ Ef ég ætti að velja mér vinnuvél þá væri ég spennt fyrir því að keyra traktor.“

vinnuvélin }



Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur leikkonu langar að prófa krana. MYND/PÁLL BERGMANN

## Langar að vera hátt uppi í krana

ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR LEIKKONA FÉKK AÐ STÝRA DRÁTTARVÉL ÞEGAR HÚN VAR LÍTIL.

Arnbjörg var í sveit þegar hún var lítil og vann þá í heyskap. „Draumurinn var að fá að prófa dráttarvélina en ég var ekki orðin nógu gömul,“ segir Arnbjörg. Hún fékk samt stundum að sitja í fanginu á bóndanum og stýra dráttarvélinni sem henni fannst mjög gaman.

Arnbjörg væri til í að prófa stóran krana. „Það væri öruggglega mjög gaman að vera hátt uppi í einhverjum krana.

Ég myndi reyndar ekki vilja gera það til lengdar en ég væri til í að prófa að sitja í krana í svona hálftíma. Það væri fínt að fara svona eina ferð upp og niður,“ segir hún.















# Hvað á vélin að heita?

Margir þeir sem vinna á stórum tækjum taka ástfóstri við vinnuvélarnar sínar og margir hafa þann sið að skýra vélarnar sínar skemmtilegum nöfnum.

BÚKOLLA Af því sumar vélar eru hreinlega búkollur.

BUBBI Gott nafn á byggingarkrana, af því Bubbi hann byggir.

ÍVAN Passar vel við malbikunarvélar. Gott og sterkt nafn sem vísar í yfirgang og útfletingar.

HNOÐRI Á vel við litla lyftara.

GOLÍAT Á vel við stóra lyftara.

RÖNDI Væri gott nafn á steypubíl, jafnvel væri skemmtilegt að skýra steypubílinn The Hulk.

BRUMMI Vörubílar brumma og öll litlu börnin eiga þá auðvelt með að læra nafnið.

EIGINKONAN Fyrir þá sem hafa leyndan pirring gagnvart stjórnsemi eiginkonunnar geta nefnt valtarann sinn eftir henni. Fyrir þær konur sem vinna á valtara geta þær skýrt hann Valta Halta.

GRÓA Fátt er betra en góð grafa sem heitir Gróa enda er sú vön að grafa upp ýmislegt misjafnt.

HOBBITINN EÐA BILBÓ BAGGINS Skemmtilega kaldhæðnislegt nafn á jarðbor.



JARÞRÚÐUR Jarðýtan Jarþrúður, hljómar vel.

BRAUTRYÐJANDI Henti eitthvað nafn vel á veghefil þá er það þetta.

KVARTMÍLAN Fyndið nafn á traktora fyrir hina kaldhæðnu. Enda fara traktorar ekki beint á kvartmíluhraða eftir götunum.







Fatalínan er sérstaklega ætluð vörubílstjórum.

# Scania fetar tískubrautina

## Fyrirtækið Scania hefur framleitt vinnufatnað fyrir vörubílstjóra

Sænski vörubifreiðaframleiðandinn Scania hóf nýverið framleiðslu og sölu á vinnufatnaði fyrir vörubílstjóra.

Áður en ráðist var í framleiðsluna ræddu fatahönnuðir við Scania vörubílstjóra víðsvegar um Evrópu, til að forvitnast um kröfur bílstjóranna sjálfra um vinnufatnað.

Ósk þeirra var að fá fatnað á markaðinn sem væri í senn þægilegur og endingargóður, um leið og hann væri nógu hversdagslegur og flottur til að geta nýst utan vinnutíma.

Sala á fatnaðinum, sem er allt frá buxum og vinnuskóm til sólgleraugna, hófst í Evrópu í janúarmánuði.


Fötin frá Scania eru smart og þægileg.



# Hentugar hitakönnur

ÞAÐ ER ALLTAF GOTT AÐ GETA FENGIÐ SÉR HEITT KAFFI.

Litlar hitakönnur með kaffi í geta komið sér mjög vel þegar unnið er lengi á vinnuvélum og ekki alltaf hægt að stoppa til þess að fá sér nýtt kaffi. Hitakönnurnar eru handhægar og fyrirferðarlitlar en halda kaffinu samt heitu fram eftir degi.

vinnuvélin }



# Keyrði rútu

DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON ÓK ATVINNUTÆKI VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Hefur þú unnið á vinnuvél?
„Ég hef unnið á rútu á Kárahnjúkum, sem er vinnumanna flutningavél. Á köflum var það ansi erfitt því það er meira en að segja það að keyra 10-12 metra langan veg þegar vindur er 40 metrar á sekúndu.“










| Renault Kangoo | Renault Trafic dci100 – Dísel | Renault Master |
|---|---|---|
| Verð frá kr. 1.420.000 | Verð frá kr. 2.230.000 | Verð frá kr. 2.390.000 |
| **Verð frá kr. 1.140.562 án vsk** | **Verð frá kr. 1.791.165 án vsk** | **Verð frá kr. 1.919.679** án vsk. |
| Fjármögnunarleiga kr. 21.895 | Fjármögnunarleiga kr. 34.696 | Fjármögnunarleiga kr. 37.224 |
| **Fjármögnunarleiga kr. 17.586** án vsk. | **Fjármögnunarleiga kr. 27.868** án vsk. | **Fjármögnunarleiga kr. 29.899**án vsk. |

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér

**60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004**

**MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.**

# HANN ER GRIMMUR!

## MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

## SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

**PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.**
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is





Ef vinnuvél veldur hins vegar skaða í almennri umferð er eigandi tækisins skaðabótaskyldur.

# Vinnuvélar ekki skráningarskyld tæki

Eigendum vinnuvéla er ekki skylt að tryggja vinnuvélar sínar, jafnvel þótt þeim sé ekið í almennri umferð frá einu vinnusvæði til annars.

Sigurður Ingi Viðarsson, vátryggingaráðgjafi hjá Tryggingamiðstöðinni, segir vinnuvélar ekki skráningarskyld tæki og því hvíli ekki lögbundin tryggingaskylda á þeim líkt og á öllum öðrum ökutækjum. Ef vinnuvél veldur hins vegar skaða í almennri umferð er eigandi tækisins skaðabótaskyldur.

Sigurður Ingi segir þó flestar vinnuvélar tryggðar í dag. „Oft er um að ræða tæki sem eru á kaupleigu og í þeim tilfellum gerir fjármagnsfyrirtækið kröfu um að tækið sé tryggt, skiljanlega þar sem tækið er í eigu þess," segir Sigurður.

Ökumenn bifreiða eru slysatryggðir í öllum tilfellum, en því er öfugt farið með stjórnendur vinnuvéla. „Vinnuvélar eru einungis tryggðar í frjálsri ábyrgðartryggingu sem tekur til skaðabótaskyldu eiganda. Öfugt við ökutækjatryggingu er slysatrygging ökumanns eða eiganda ekki innifalin í frjálsri ábyrgðartryggingu fyrir vinnuvélar. Því þurfa eigendur og stjórnendur ökutækja að huga vel að slysatryggingu fyrir sjálfa sig.

Virk samkeppni er meðal tryggingafélaganna á þessum markaði. Sigurður Ingi segir að eigendum vinnuvéla standi til boða trygging fyrir tæki sín sem sé áþekk kaskótryggingu ökutækis, svokölluð húftrygging. „Þar er ökutækið tryggt hvort sem það skemmist í umferðinni eða við notkun þess, sama hver er valdur að skaðanum," segir Sigurður.

Hvað varðar verð á tryggingum vinnuvéla segir Sigurður að það fari eftir stærð og gerð tækjanna og sé skoðað í hverju tilfelli fyrir sig.


VÍKURVAGNAKERRURNAR

**ÞESSAR STERKU**



**Allar gerðir af kerrum**

Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Katrín Johannessen er kona með mikla tækjadellu. Hún keyrir um á búkollu alla daga og segir það ekkert mál að stýra svo stóru tæki. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Búkollan er ekkert mál

Katrín Johannessen er Færeyingur og sannkölluð kjarnakona. Hún vinnur nú hjá Íslenskum aðalverktökum þar sem hún keyrir um framkvæmdasvæðið í Innri Njarðvík á búkollu og gerir það af mikilli list.

„Ég byrjaði að vinna á búkollu í september. Ég er með meirapróf en það þarf til þess að keyra búkollu," segir Katrín sem er hress í bragði enda vinnur hún við það sem henni finnst skemmtilegast. „Ég er bara tækjakerling og með bíladellu," segir Katrín og hlær.

„Mér finnst miklu skemmtilegra að keyra vinnuvél heldur en fólksbíl. Þetta er samt svolítill karlaheimur. Ég er eina konan sem vinnur hér og er eina konan á svæðinu. Ég vann í Mosfellsbæ áður en ég byrjaði hér og þar var ég líka eina konan á vinnuvél."

Katrín segir engan mun vera á hæfileikum kynjanna til að stýra jafnstórum vélum. „Ég vil meina að þeir sem geti keyrt fólksbíl geti líka keyrt búkollu," segir Katrín og aðspurð um hvort það sé erfitt að keyra vinnuvél af þessari stærð segir hún það lítið mál. „Nei, þetta er ekkert mál. Það tekur alltaf tíma að venjast stærri tækjum. Maður þarf alltaf að átta sig á rýminu sem er í kringum mann. Fólk þarf að hafa smáskammt af rýmisgreind. Sé hún ekki til staðar þá máttu bara sleppa því að fara á svona stór tæki."










Stilling - betri en bestir

Bílavarahlutir

KÖNIG

# Keðjur fyrir trukka

- Betra grip í snjó og ís
- Hafa miklu betra hliðargrip í beygjum
- Eru mun þægilegri í akstri
- Þær trufla hvorki ABS né Anti spin kerfin
- Endast lengur vegna þess að það er minna álag á hliðarkeðjum. Álagið dreifist á fleiri festingar á langböndum
- Hægt er að snúa keðjunum við án þess að skemma dekkin.

Allt að 40% meiri ending





Stilling Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is



Honda HR-V skrd. 4/2005, ekinn 4.000 km., sjálfskiptur, álfelgur, geislaspilari, rafdr.rúður og speglar, fjarst. samlæsingar, hiti í sætum ofl. Ásett verð 2.190.000 kr.- Gott eintak! Áhv. lán kr. 1.230.000 kr. Afb. 26.000 kr. Lánstími 60 mán.



Suzuki Grand Vitara skrd. 10/1999, ekinn 92.000 km. Sjálfskiptur, dráttarkúla, fjarst. samlæsingar, rafd. rúður og speglar ofl. Ásett verð 1.390.000. Fínn allt árið! Áhv. lán kr. 675.000. Afb. 16.000 kr. Lánstími 55 mán.



Hyndai Santa Fe skrd. 6/2004, ekinn 48.000 km. 5 gírar, álfelgur, geislaspilari, rafdr.rúður og speglar, fjarst.samlæsingar. Ásett verð 2.290.000 kr. Traustur bíll! Áhv. lán kr. 1.475.000. Afb. 28.000 kr. Lánstími 72 mán.



Subaru Legacy GL 2.0 Wagon skrd. 5/2005, ekinn 9.000 km. Sjálfskiptur, álfelgur, dráttarkúla, geislaspilari, fjarst.samlæsingar, rafdr.rúður og speglar ofl. Einn með öllu! Ásett verð 2.450.000 kr. Áhv. lán kr. 1.440.000. Afb. kr. 30.000. Lánstími 60 mán.



Honda Accord 2.0 Comfort skrd. 7/2005, ekinn 10.000 km. 5 gírar, rafdr. rúður og speglar, fjarst. samlæsingar, geislaspilari ofl. Einn þéttur! Ásett verð 2.050.000 kr. Áhv. lán 1.030.000 kr. Afb. 22.000 kr. Lánstími 60 mán.



Toyota Corolla Wagon Sol vvti skrd. 5/2005, ekinn 4.000 km. Sjálfskiptur, álfelgur, geislaspilari, fjarst. samlæsingar ofl. Einn vinsæll! Ásett verð 2.160.000 kr. Áhv. lán 1.445.000 kr. Afb. 24.000. Lánstími 84 mán.



Honda CRV Advance skrd. 8/2004, ekinn 29.000 km. Sjálfskiptur, álfelgur, rafdr. rúður og speglar, dráttarkúla, topplúga, geislaspilari, filmur, loftkæling ofl. Toppbíll! Ásett verð 2.750.000 kr. Áhv. lán 1.555.000 kr. Afb. 72.000 kr.



Honda Jazz LS 1.4 skrd. 12/2004, ekinn 23.000 km. 5 gírar, rafdr. rúður og speglar, geislaspilari, fjarst. samlæsingar ofl. Glæsilegur bíll! Ásett verð 1.280.000 kr.



Nissan Terrano II 2700 Sport skrd. 9/2001, ekinn 79.000 km. 5 gírar, rafdr. rúður og speglar, geislaspilari, fjarst. samlæsingar, hiti í sætum, álfelgur, dráttarkúla ofl. Topp bíll! Ásett verð 1.990.000 kr. Áhv. lán 792.000 kr. Afb. 23.000. Lánstími 43 mán.



Jeep Grand Cherokee Limited 5,7 Hemi skrd. 1/2005, ekinn 37.000 km. Sjálfskiptur, leðuráklæði, glertopplúga, rafdr. rúður og speglar, geislaspilari, hraðastillir, samlæsingar, krómfelgur, leiðsögukerfi, bakkskynjari, DVD spilari ofl. Einn með öllu! Ásett verð 4.500.000 kr. 6 mán. Ábyrgð frá Bílhúsinu fylgir með.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Nýir Disel Hyundai Santa Fe 2.0 Crdi Style 4wd 125 hestöfl, 5 gíra, hraðastillir, spólvörn, ABS, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, leður stýri og gírhnúður, glertopplúga, 16" álfelgur, toppbogar, dökkar rúður. Verð 2.680.000. Skoðum skipti.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

bilaland.is
575 1230



Fiat Marea nýskr. 06/1998, 1600 cc, 4 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 124.000 þ. Verð 490.000. B & L S. 575 1230.



Honda CR-V nýskr. 06/1997, 2000 cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 137.000 þ. Verð 950.000. B & L S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 06/2001, 1500 cc, 3 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 54.000 þ. Verð 590.000. B & L S. 575 1230.



Hyundai Galloper nýskr. 03/1998, 2500 cc, 7 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 150.000 þ. Verð 790.000. B & L S. 575 1230.



Hyundai Getz nýskr. 03/2005, 1300 cc, 4 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 14.352 þ. Verð 1.290.000. B & L S. 575 1230.



Hyundai Santa Fe nýskr. 04/2002, 2700 cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður/grár, ekinn 64.000 þ. Verð 1.890.000. B & L S. 575 1230.



Hyundai Sonata nýskr. 06/2001, 4 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 85.000 þ. Verð 930.000. B & L S. 575 1230.



Lada Sport nýskr. 06/2001, 1700 cc, 3 dyra, fimmgíra, grænn, ekinn 11.000 þ. Verð 670.000. B & L S. 575 1230.



Land Rover Freelander nýskr. 12/2000, 2500 cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 42.000 þ. Verð 1.790.000. B & L. S. 575 1230.



Mazda nýskr. 10/2004, 1600 cc, 5 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 30.000 þ. Verð 1.490.000. B & L S. 575 1230.



MERCEDES E280 Nýskr: 11/1994, 2800cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 196.000 þ. Verð: 920.000. B & L S. 575 1230.



Renault Clio nýskr. 07/2003, 1100 cc, 5 dyra, fimmgíra, blár, ekinn 80.000 þ. Verð 980.000. B & L S. 575 1230.



Renault Clio nýskr. 08/2004, 1100 cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 12.000 þ. Verð 1.290.000. B & L S. 575 1230.



Renault Laguna Berline nýskr. 09/2003, 1800 cc, 5 dyra, fimmgíra, dökkgrár, ekinn 39.000 þ. Verð 1.550.000. B & L S. 575 1230.



Renault Laguna II nýskr. 02/2002, 1600 cc, 5 dyra, fimmgíra, brúnn, ekinn 84.000 þ. Verð 1.090.000. B & L S. 575 1230.



Renault Megane nýskr. 02/2000, 1400 cc, 4 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 101.000 þ. Verð 660.000. B & L S. 575 1230.



Renault Megane Classic nýskr. 05/2002, 1600 cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 46.000 þ. Verð 1.090.000. B & L S. 575 1230.



Renault Megane II nýskr. 10/2004, 1600 cc, 3 dyra, fimmgíra, ljósbrúnn, ekinn 28.000 þ. Verð 1.570.000. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane II nýskr. 12/2003, 1600 cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 48.000 þ. Verð 1.540.000. B & L. S. 575 1230.



Suzuki Grand Vitara nýskr. 10/1998, 2000 cc, 5 dyra, fimmgíra, dökkgrænn, ekinn 91.000 þ. Verð 980.000. B & L S. 575 1230.



Toyota Rav4 nýskr. 07/1999, 2000 cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 73.000 þ. Verð 1.230.000. B & L S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**



Nýr 2006 M.Benz R 350 4x4. Í fyrsta sinn á Íslandi. 6 manna Lúxus bíll með glerþaki og loftpúðafjöðrun. Leðuráklæði, glerþak með lúgu, viðarinnrétting Ofl.ofl. verð á vel búnum bíl byrjar um 6 milljónir. Verð á bíl með þessum búnaði 7.335 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**



Jeep Liberty 2.8L. dísel Limited. 2006 nýr bíll. 4x4, ssk, leður, topplúga, rafm. í sætum, hiti í sætum, dráttarbeisli o.fl. Uppl. í s. 565 2500.



Mazda Tribute 2.3L. bensín árg. 04.'05. Ek. 16.000 km., ssk, dráttarb., spoiler, aurhlífar, loftkæling, gúmmí mottur o.fl. Uppl. 565 2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is



Nissan Patrol árg. 1997, ek. 137 þ. km. Breyttur 33", 4X4, dísel, bsk, dráttarkúla. Verð 1.170 þús. Til sýnis og sölu hjá Heimsbílum Klettháls 2, 110 Rvk, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is. Getum aftur bætt við okkur bílum á planið og á söluskrá. Afhverju ekki að prófa?

**Heimsbílar**
**Klettháls 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## TIL SÖLU

Bílabankinn
**Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is**



Ford F-150 Lariat 5.4, ek. 49 þús., km. Einn með öllu. Verð 3400 lán, 3000.

Toyota Avensis EXE 11/2005 ek. 2 þús., km, ssk, 17" álfelgur. Lúga. Leður, auka dekk á felgum. Steingrár. Verð 2.990 þús.

BMW 325 I 2003 ek. 79 þús., km. Einn með öllu. Verð 3290 þús.

Peugeot Expert Diesel, árg 2004, ek. 29 þús., km. Verð 1580 þús.

Peugeot Partner Diesel 10/2002, ek. 54 þús., km. Verð 890 þús.

Merzedes Benz 190 E 1986, skoðaður '06 ek. 206 þús, cd, nýleg vetrardekk. Verð 250 þús. Tilboð 150 Þús.

Toyota Corolla 1600 sjálfskiptur 1998, ek. 99 þús., km. 5 dyra. Fallegur bíll. Verð aðeins 590 þús.

Peugeot Partner Diesel 10/2001 ek. 117 þús., km. Verð 610 þús.

Jeep Grand Cherokke 3.7 Laredo, árg 2005, ek. 46 þús., km. Verð 3290 þús. Tilboð 2950 þús.

VW Golf 6/2004 ek. 62 þús., km. 5 dyra, 1600, 5 gíra. Verð 1790 þús. B.lán 1400 þús.

**Vegna mikillar sölu vantar nýlega jeppa og fólksbíla á skrá og á staðinn**
Opnunartími:
mán - fös kl 10-18 • lau kl 12-16 • Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is
**Bílakjarninn • Breiðhöfða**

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar o.m.fl.
908 6440
Finn týnda muni

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**908 6116**
er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Símaspá. Tarot. Sími 661 3839.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**Verktaki - G. Steingrímsson**
Getum bætt við okkur uppsetningu á léttum milliveggjum gifs/tré. Föst tilboð. S. 869 9102.

Flísar og múrverk. Trésmíði. Stórverk og smáverk. Upplýsingar Gísli s. 692 5337.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Vönduð vinna. Uppl. í sími 869 1698.

## Önnur þjónusta

**Stafrænar videóupptökur**
MK media stafrænar videóupptökur. Tökum upp giftingar, fermingar og skírnir. www.mkmedia.is

## Iðnaður



Tek að mér fleigun, allan gröft fyrir grunnum. Fyllingar í grunna, vegi og alla almenna jarðvinnu. Smágröfuleigan ehf, s. 899 3004.

## Múrarar

MÚRVERK
sími 698 0111

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Ásdís s:843 0656

HERBALIFE! Frábær fæðubót með líkamsrækt. Jonna 896 0935 - 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

**Aukakílóin burt!**
Viltu grennast, líða betur og ná árangri ... Hanna -50, Steina -20, Kata -40, Hulda -12, Linda -10. Uppl. gefur Birna í s. 899 2118.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator
Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator
Bættu Microsoft prófgráðu í ferilskrána. MCSA nám hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is, s. 863 2186.

SCHOOL OF ICELANDIC
Íslenska f. útlendinga stig I og II. I: 6/2-22/3 mán., mið. & fös. 18-19:30. Stig II: 7/2-13/4 Þri./fim. 18-19:30. Ármúla 5, S. 588 1169.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu stórt og vandað sófasett 3+1+1 og skemill. Uppl. í s. 554 3262 & 894 2729.

Eldhúsborð, ljós eik með stækkanlegri plastplötu og 6 baststólar til sölu. Uppl. í s. 821 6330.

Til sölu leðursófasett, 3+1+1, ásamt glersófaborði, vel með farið. Uppl. í s. 565 3429 & 846 0468.

Til sölu 2 rauðir tveggjasæta sófar og borðstofuborð úr dökkum við 120-200. 699 4603.

## Antík

Til sölu 60 ára gamalt borðstofuborð og 6 stólar. Verð tilb. Uppl. síma 551 6838.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Fatabreytingar.**
Fatabreytingar. Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11. s. 552 5540 & 861 4380.

## Dýrahald

Chihuahua hvolpur til sölu er með ættbók frá Íshundum. Uppl. í síma 894 1525.

100 lítra fiskabúr + allir fylgihlutir. Verð 15 þús. S. 864 5590.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Rifflar .243 verð frá kr. 38,700,-
SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 562 8383

## Hestamennska

Ístölt útsala

Ístölt útsala. Alvöru hestavöruútsala 30-50% afsl. Ístölt Bæjarlind, S.555 1100.


# Vantar þig starfskraft?




## Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 – 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt – atvinnu, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt - atvinna
– mest lesna atvinnublaðið



# Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

**Vinsamlegast mokið frá útidyrahurðum og hafið kveikt á útiljósum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
DV

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ Í VESTURBÆ RVK.**
Til leigu 3ja herbergja íbúð á besta stað í vesturbænum. Leigist í 1 ár. Stórar svalir og stutt í alla þjónustu. Ísskápur getur fylgt. Leiga 130 þús. með rafmagn, hita og hússjóði.
**Upplýsingar í síma 868 2168.**

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 101 fm 3 herb. íbúð í 108 Rvk. 95 pr. mán. + hiti og rafm. 3 mán. fyrirfram + tr. Reyklaus og engin gæludýr. Ekki garður. Laus 1. feb. Uppl. 895 0057 e. kl. 16:30.

Til leigu 3 herb. íbúð. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Uppl. í s. 553 0690 & 865 3411 milli 17-20.

4 herb. íbúð til leigu í Neðra Breiðholti. Uppl. í s. 895 9564.

Ca 24 fm stúdíó íbúð á sv. 107 til leigu. Meðmæli. S. 866 4754 & 557 5058.

## Húsnæði óskast

Erum 2 strákar, óskum að leigja 2ja-3ja herb. íbúð í febrúar eða mars, á bilinu 50-80 þús. á mán. Reyklausir. Uppl. í s. 892 3254.

**Breiðholt-Grafarvogur**
Vantar nú þegar góða, litla íbúð. reglusemi, skilvísi, fyrirfram. Uppl. í s. 567 1101 & 868 8317.

Óska eftir einstaklingsíbúð í miðbæ Kópavogs. Uppl. í s. 698 5840.

Ungan nema bráðvantar stúdíóíbúð eða herb. til leigu á sanngjörnu verði. Verð að geta flutt inn sem fyrst. Uppl. í s. 847 6565 Kjartan.

## Sumarbústaðir

Gestahús (sumarbústaðir) einn 15 m2 og annar 20 m2. Tilbúinir til flutnings af höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 695 9600.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Traustur aðili óskar eftir verslunarhúsnæði allt að 80 fm. sem gæti hentað undir naglastofu. Má þarfnast viðhalds, skoða allt. Uppl. í s. 869 7313.

Til leigu 300 fm atvinnuhúsnæði á 2 . hæð, við Malarhöfða 2. Leigist út allt í einu eða í tveimur hlutum. Uppl. í s. 565 2500

Til leigu glæsileg rúmgóð skrifstofa með aðgengi að kaffistofu á besta stað í 101 rvk. Vönduð húsgögn ásamt búnaði ( t.d. ljósritunarvél ) getur fyllgt með í leigunni. Uppl. í síma 896 2822.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir að leigja upphitaðann bílskúr í næsta nágrenni Tjarnargötu. Uppl. í síma 866 4796.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Ert þú á aldrinum 40-60 ára?**
Vantar þig aukatekjur?
Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki?
Viltu ferðast til spennandi landa?
Okkur vantar konur í vinnu!
**Hafðu samband við okkur!**
**Lilja Dóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri**
**Volare s. 8657036 liljahjoll@simnet.is**
**Eydís Davíðsdóttirr sölu og markaðsfulltrúi**
**Volare s. 8695226**
**eydis@tpostur.is**
**www.volare.is**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**Hagkaup Skeifa**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk í hlutastörf í matvörudeild, sérvörudeild og á kassalínu. Einnig höfum við laus störf í fullt starf á kassalínu og til að sjá um kerrurnar fyrir okkar. Hægt er að sækja um á www.hagkaup,is, mæta í Skeifuna eða hringja í Elínu, rekstrarstjóra í síma 563-5000 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**Hagkaup Garðabær**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Einnig eigum við laus störf í matvörunni Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Garðabæinn eða hringja í Eyrúnu, deildarstjóra í síma 565-6400 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér!
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf.**
**Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890 & 897 4796.**

AMERICAN STYLE

**Laus störf í sal og á grilli.**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style á Bíldshöfða leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í sal. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

aktu taktu

**Vantar þig góða vinnu eftir áramót?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu eða Fellsmúla? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í sal og á grilli. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

ÍTR

**Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?**
ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000".**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Prikið auglýsir.**
Vantar aðstoðarmenn í eldhús í hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk.
**Upplýsingar um aðstoðarmann 868 3587. Raggi.**

MAX1 BÍLAVAKTIN

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 7 febrúar í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

**Vífilfell**
Vífilfell óskar eftir að ráða starfsmann á lager fyrirtækisins Stuðlahálsi . Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1.
**Nánari upplýsingar í síma 525 2500**

SNÆLAND VIDEO
*Þar sem ungir mynd... fást*
Ís - grill - video - sælgæti

Snæland Video Núpalind 1, kóp. óska eftir fólki í fullt starf. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**Grill & Ís Laugarásvegi 1.**
óskar eftir starfsfólki eldri enn 18 ára. Góð laun í boði. Þægileg vaktavinna.
**Upplýsingar í síma 517 9000.**

**Nasa - Nasa**
Okkur vantar vana barþjóna, helst 20 ára og eldri. Skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Viðtalstímar á Nasa milli kl. 14 og 16, virka daga.
**Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**




Síld og Fiskur, Dalshrauni 9b Hafnafirði. Starfsmaður óskast í söludeild okkar í Hafnafirði við að taka til pantanir og við vörudreifingu. Uppl. gefur Sófus í s. 863 1938 milli kl. 13 & 17.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfkraft til afgreiðslustarfa í verslunum okkar. Vinnutími er frá kl 07-13 daglega. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Óskum eftir vönum háseta á línubát með beitningavél sem gerður er út frá Reykjavík. Uppl. í s. 520 7300.

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Uppl. í síma 898 4782.

**Ræstingar.**
Ræstingaþjónustan sf auglýsir laust 50% ræstingastarf á morgnana. Nánari upplýsingar gefur Guðfinna á skrifstofutíma, í síma 821 5054.

**Verslunarstörf.**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í tískuvöruverslun í kringlunni. 18 ára og eldri. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is með mynd og upplýsingar um fyrri störf.

Beitningamenn óskast. Beitt er í Keflavík. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 846 0563.

Örður ehf. óskar eftir að ráða gröfumann strax Uppl. hjá Braga í síma 691 1559.

## Viðskiptatækifæri

**Vantar þig starfsfólk?**
Við getum hjálpað þér að finna útlenskt starfsfólk sem hefur áhuga á að koma til Íslands og hjálpum þér við alla vinnuna í kring.
**Skoðum meðmæli úti. Uppl. í s. 865 4636.**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Dallas-Chicago er í beinni á NBA TV í kvöld. NBA TV í kvöld er í sportpakkanum á Digital Íslandi. Hringdu núna í síma 515 6100 og fáðu þér áskrift

## Einkamál

XXX DVD
**Besta verðið!!!**
2. DISKA DVD KR. 3.990.-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
ALLAR VHS Á 1.490.-
VERÐLAUNAMYNDIRNAR
Pirates og The Devil in miss Jones
komnar á DVD
**Grensásvideo.is**
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið 15-23.30

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

**Mest** lesna tímarit landsins!
birta 51% DAGSKRÁIN 40% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
birta
* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

# FUNDUR

FYLKIR

**Aðalfundur 2005**

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll þriðjudaginn 14. febrúar 2006 kl. 20.30.

*Dagskrá;*
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.

# ATVINNA

SD GOURMET

## Starfsmaður á lager

Sælkeradreifing sem er heildverslun á matvörumarkaði óskar eftir að ráða lagerstarfsmann. Starfið felst í vörumóttöku, frágangi á lager og tiltekt á vörupöntunum. Við leitum af starfsmanni sem er:

- áhugasamur, stundvís og áreiðanlegur
- duglegur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með lyftararéttindi (æskilegt en ekki skilyrði)

Starfið hentar vel fyrir duglegan og samviskusaman einstakling sem hefur áhuga á að starfa með góðum og samhentum hópi fólks. Umsækjendur hafi samband við Einar Sigurðsson lagerstjóra í síma 822 8839.

## SJÓNARHORN




Bækurnar bornar saman þegar að landi er komið með aflann.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## TOPP 5: DEPECHE MODE

**1. Violator (1990)** Platan var meðal annars tekin upp í Danmörku og í Míl-anó-borg. Smáskífan með laginu Personal Jesus kom út hálfu ári áður en sjálf platan kom út. Martin Gore söng tvö lög á plötunni. Í lok lagsins Enjoy the Silence má, ef vel er að gáð, heyra Andrew Fletcher öskra „crucified“.

**2. Music for the Masses (1987)** Lagið To Have and to Hold byrjar á texta á rússnesku. Það lag hefur hljómsveitin aldrei spilað á tónleikum en rokkhljómsveitin The Deftones tók það lag hins vegar upp. Síðasta plata Depeche Mode til að skarta almennilega sjálfstæðum lögum án söngs.

**3. Songs of Faith and Devotion (1993)** Fyrsta og eina plata sveitarinnar til þess að toppa vinsældalista bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum. Síðasta plata Alan Wilder með sveitinni en hann spilaði



einnig á trommur í fyrsta skipti á þessari plötu. Depeche Mode hefur alltaf verið þekkt fyrir millikafla á plötum sveitarinnar sem var skeytt aftast á nokkur lög. Þetta var hins vegar síðasta platan þar sem þessi kaflar voru faldir á milli laga því eftir þessa plötu stóðu þeir sjálfstæðir og höfðu oftast titil.

**4. Some Great Reward (1984)** Fyrsta platan sem Martin Gore syngur fleira en eitt lag á. Fyrsta plata þeirra til þess að komast á topp 100 í Bandaríkjunum. Margir töldu að Alan Wilder væri brúðguminn á plötuumslaginu en svo er ekki þótt hann sé vissulega skuggalega líkur Wilder.

**5. Speak & Spell (1981)** Fyrsta plata hljómsveitarinnar. Eina plata Vince Clark með hljómsveitinni sem jafnframt samdi flest lögin á plötunni en hann gekk síðar til liðs við Yazoo. Jafnframt þeirra langpoppaðasta plata. Inniheldur meðal annars smellinn Just Can't Get Enough sem náði inn á topp 10 listann yfir mest seldu smáskífurnar í Bretlandi.

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

ÚTSÖLU AÐ LJÚKA - 70% AF ÖLLU!



ILSE JACOBSEN • Hornbæk Garðatorgi, Garðabæ

# Kemur kirkjunni ekki við

UMRÆÐAN
AÐSKILNAÐUR RÍKIS OG KIRKJU



SIGURÐUR HÓLM

Merkilegt hefur verið að fylgjast með umræðum síðustu daga um hjónavígslur samkynhneigðra. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, hefur hvatt ríkisstjórnina sérstaklega til að samþykkja ekki lög sem heimila trúfélögum almennt að gefa saman samkynhneigð pör. Fjöldi guðfræðinga og presta á vegum Þjóðkirkjunnar hafa tekið undir orð biskups. Þeir hvetja yfirvöld til að „bíða“ með réttarbætur til handa samkynhneigðum þar til þjóðkirkjan er „tilbúin“ til þess að taka afstöðu.

Það getur verið að þjóðkirkjan sé „ekki tilbúin“ til þess að gefa samkynhneigða saman og það getur jafnvel verið að það sé gegn kenningum kirkjunnar. En það sem skiptir mestu máli er að það kemur þjóðkirkjunni alls ekkert við hvort yfirvöld heimili skráðum trúfélögum að gefa saman fólk af sama kyni sem elskar hvort annað.

Í frjálsu landi mega trúfélög hafa sína skoðun á lífinu og tilverunni, réttindum kvenna, réttindum útlendinga, réttindum samkynhneigðra og öðrum réttindum. Þau eiga hins vegar aldrei að hafa vald til að neyða trúarlegar skoðanir sínar upp á aðra þegna landsins. Ef lögum verður breytt á þann veg að trúfélög fái almenna heimild til að gefa saman samkynhneigða þá kemur það þjóðkirkjunni ekkert við. Enginn er að neyða þjóðkirkjuna til að breyta sínum reglum, enda koma reglur hennar heldur engum öðrum við en þjóðkirkjunni sjálfri.

Umræða síðustu daga hefur verið einkar áhugaverð því ýmsir talsmenn kirkjunnar hafa gefið í skyn að þjóðkirkjan hafi einhverja heimtingu á því að hafa áhrif á almenn lög í landinu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að í þau fjölmörgu skipti sem ég hef rætt um nauðsyn aðskilnaðar ríkis og kirkju við fulltrúa þjóðkirkjunnar þá hefur mér alltaf verið sagt að ríki og kirkja séu í raun aðskilin. Fullyrt er að ríkið skipti sér ekki af kirkjunni og að kirkjan skipti sér ekki af ríkinu. Mér er alltaf sagt að tengsl ríkis og kirkju séu aðeins til að nafninu til. Ég vildi óska þess að svo væri.

Ef eitthvað er þá sýnir þessi andstaða þjóðkirkjunnar við almenn réttindi samkynhneigðra hversu nauðsynlegt það er að aðskilja ríki og kirkju sem fyrst. Siðmennt, félag siðrænna húmanista, hvetur alþingismenn til að samþykkja lög um breytingar á hjúskaparlögum þannig að skráð trúfélög öðlist rétt til að gefa saman samkynhneigða einstaklinga. Félagið hefur minnt á að það besta við slík lög er að þau myndu auka réttarstöðu samkynhneigðra umtalsvert án þess að skerða rétt trúfélaga til að taka ákvörðun á eigin forsendum. Það er því enginn sem tapar á þessum lögum, nema sá sem vill neyða sínar skoðanir á samkynhneigðum upp á aðra.

*Höfundur er varaformaður Siðmenntar.*

# Í nafni jafnréttis

UMRÆÐAN
SKÓLABÚNINGAR



EIRÍKUR BRYNJÓLFSSON
KENNARI

Enn er farið að ræða um skólabúninga. Mörg rök eru færð fyrir þessum fatnaði. Sum nýstárleg. Hér tilfæri ég nokkur sem ég hef tínt til úr fjölmiðlum undanfarna daga.

Einelti vegna efnamunar verður úr sögunni, voru ein rökin. Mig rak í rogastans. Þetta hefur engum manni dottið í hug fyrr. Þetta er nýjung í fræðum um einelti og markar eðlilega mikil tímamót. Og ekki spillir fyrir að höfundur þessara orða er formaður í fjölskyldunefnd ríkisins.

Svo kom kona fram í sjónvarpi og kynnti niðurstöður könnunar. Krakkar í skólabúningum ná betri árangri í námi heldur en þeir sem ekki eru í skólabúningum, sagði konan. Ég var gjörsamlega orðlaus. Þessi kennslufræðilega uppgötvun á eftir að hafa gríðarleg áhrif. Eigi nemandi í námsvanda látum við hann einfaldlega skipta um föt. Svör fólksins á götunni voru meðal annars þessi: Ég styð skólabúninga svo það sjáist ekki hvað börn eiga misríka foreldra. Allir verða jafnir ef við tökum upp skólabúninga. Á þessu geta allir séð að skólabúningar eru upphaf og endir alls góðs í skólamálum landsins. Þeir eru risaskref í átt til jafnréttis allra þegnanna. Mig langar að leggja orð í belg í þessu mikilvæga framfaramáli.

Fyrst langar mig að benda þjóðinni á að til er mjög stór lager af svokölluðum maófötum í því víðfeðma landi Kína. Þau voru til í grænu og bláu og voru með brúnum, kúptum hnöppum. Jakkarnir voru mjaðmasíðir og buxur fremur víðar en virkilega klæðilegar. Svo voru til derhúfur í stíl. Ég er þess fullviss að hægt er að fá þessar flíkur fyrir lítið og dreifa í grunnskólum landsins.

En eigum við að láta þar við sitja að koma á jafnrétti í skólum landsins á þennan einfalda máta? Hvað með allt samfélagið? Það er auðvitað engin ástæða til að einungis börnin fái maóföt. Við getum á sama hátt afnumið einelti vegna efnamunar fullorðinna, þurrkað út merki um það hve fullorðnir Íslendingar eru mismunandi ríkir og gert alla jafna með því að taka upp sams konar búninga fyrir fullorðna. Þetta verða sannkallaðir þjóðarbúningar!

Ísland verður fyrirheitna landið. Land jafnréttis. Við getum auglýst það með þessari spurningu: Vitið þið hver er munurinn á forstjóra KB banka og leikskólakennara á Íslandi? Svarið er einfalt. Það er enginn munur á forstjóra KB banka og leikskólakennara á Íslandi. Þeir eru nefnilega báðir eins klæddir. ■


SIRKUS

OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR




STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL

NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma uppáhalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlið í dagskrárvísi vistast hann á 80 GB hörðum diski. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.




UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökuykilinn með einum smelli - engar spólur, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.




HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þarftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á "pásu" og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!




TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN

# Er ekki nóg komið?

**UMRÆÐAN**
ÁLVER



JÓNATAN ÞÓRMUNDSSON

*Ég hef hingað til trúað því, að þjóð okkar búi yfir nægilegu frumkvæði, hugviti og sjálfstrausti til margs konar verkefna, svo að hún þurfi ekki að festa sig í viðjum áliðnaðarins.*

Það var vissulega ónotaleg tilfinning að fylgjast með baráttu Austfirðinga fyrir Kárahnjúkavirkjun og álveri í Reyðarfirði án tillits til fyrirsjáanlegrar skaðsemi þessara framkvæmda. Þar blasa nú við stórfelldar umbreytingar á miklu landsvæði, sívaxandi sandfok yfir sveitir Austurlands og aukinn innflutningur ófaglærðra verkamanna frá útlöndum. Þar að auki er margt óljóst um endanlegan kostnað og fullkomin óvissa er um efnahagslegan ávinning af framkvæmdunum fyrir Austfirði og landið allt.

En mér varð verulega hverft við nýverið, þegar ég uppgötvaði, að álmeinið er að breiða úr sér um allt land og Austfjarðaslysið því ekki einangrað fyrirbæri. Forystumenn sveitarfélaga keppast við að dásama áliðnað og karpa um, hver eigi næstur að fá álver í sinn fjörð. Kappsemi forystumanna okkar í áliðnaðarmálum hryggir mig ósegjanlega. Það kann að hafa verið nauðsynlegt fyrir 30-40 árum að stofna til áliðnaðar á Íslandi, þegar ekki var kostur annarra arðbærra atvinnutækifæra. Sömu gömlu lausnirnar duga ekki lengur. Á sama tíma bíða þjóðarinnar ótal tækifæri í hátækniiðnaði, upplýsingatækni og ferðamannaþjónustu. Allt eru þetta mikilvægar atvinnugreinar til framtíðar, án verulegrar mengunarhættu og mun arðvænlegri fyrir íslenskt samfélag en duttlungafullur áliðnaður. Mun fjármögnun nýsköpunarverkefna sitja á hakanum til 2020, þegar álver verða komin í flesta firði landsins?

Ég hef hingað til trúað því, að þjóð okkar búi yfir nægilegu frumkvæði, hugviti og sjálfstrausti til margs konar verkefna, svo að hún þurfi ekki að festa sig í viðjum áliðnaðarins. Við hverja er að sakast? Enga nema okkur sjálf, þjóðina. Sofandaháttur okkar og dofin vitund í þægindakapphlaupi nútímans hafa sljóvgað stjórnmálamenn okkar. Þeir eru aðeins spegilmynd af þjóðinni. Hvenær taka þeir á sig rögg, sýna framsýni og raunverulega forystuhæfileika til að leiða þessa þjóð til annars en skammtímalausna? Meðan þjóðin hefur ekki öðlast meiri trú á sjálfa sig en álrisana, treysti ég ekki heldur stjórnmálamönnum til þess að breyta neinu í þessu efni, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Það dugir ekkert minna en vakning fólksins sjálfs og endurnýjuð trú á landið okkar og framkvæmdagleði þjóðarinnar með nýjum hugsunarhætti í atvinnu- og efnahagsmálum.

*Höfundur er prófessor.*

# Valdníðsla, skilvirkni, stjórnun

**UMRÆÐAN**
STJÓRNUN



INGI RÚNAR EÐVARSSON

*Sjálfstæðum stjórnendum ríkisstofnana er settur stóllinn fyrir dyrnar ef þeir mögla opinberlega. Þetta er valdníðsla ráðherra sem á ekkert skylt við stjórnun frekar en að eldhúshnífur sé gerður ábyrgur fyrir morði.*



Sverrir Jakobsson skrifar súran pistil í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Inntak pistilsins mætti draga saman með orðum Shakespeare: Úr liði er öldin. Þar ræðst hann harkalega að vísindum stjórnunar og kennir þeim fræðum um valdníðslu ráðherra, rökhyggju og skilvirknisdýrkun samtímans. Auk þess kennir hann þessum váfræðum um dauða hugmyndafræðilegrar umræðu. Ég hef lengi verið viss um mikilvægi og gildi stjórnunar fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, en að hún sé rót alls ills er ég alls ekki reiðubúinn til að kvitta upp á. Þar sem lifibrauð mitt er stjórnun tel ég mig knúinn til að leiðrétta rangtúlkanir Sverris.

**Stjórnunarfræði**

Innan stjórnunarfræðanna eru margar vistarverur sem hafa þróast frá upphafi 20. aldar. Þar má nefna almenna stjórnun, mannauðsstjórnun, stefnumótunarfræði, skipulagsfræði, gæðastjórnun og á síðari árum hefur umræða um þekkingarstjórnun orðið rúmfrekari (ég vísa í nýlega bók mína um þekkingarstjórnun fyrir þá sem vilja kynna sér þau fræði). Innan fræðanna er leitað svara við spurningum eins og: Hvað einkennir góða leiðtoga? Í hverju felst stjórnun? Hvernig er mögulegt að virkja sköpunarkraft starfsfólks? Hvernig er best að standa að ráðningu starfsfólks og þjálfun þess? Hvernig á að breyta vinnulagi og hugsun til að bæta gæði vöru og þjónustu? Stjórnunarfræðin er þverfagleg og hafa öðlast þekkingu úr rannsóknum félagsvísinda, hagfræði og verkfræði.

**Úrlausn vandamála**

Sverrir segir á einum stað í pistli sínum að stjórnun felist í því að finna lausnir, ekki vangaveltum um eðli tilverunnar. Ég tel að kjarni stefnumótunarfræða snúast að miklu leyti um að velta vöngum um vænlegar leiðir í breytilegu umhverfi. Hið sama má segja um ákvarðanatökufræði sem miðast að því að finna hentugar lausnir við flókna ákvarðanatöku. Ef eitthvað einkennir stjórnun samtímans þá eru það sífelldar vangaveltur um mannlífið, menningu og rekstrarumhverfi fyrirtækja sem breytist á ljóshraða. Fjölmörg fyrirtæki hafa kosið að kalla sig lærdóms- eða þekkingarfyrirtæki til að auðvelda starfsemi sína í slíkum ólgusjó. Þau leggja áherslu á að nýsköpun, lausn vandamála og efla menntun og þátttöku starfsfólks í daglegum rekstri.

Ég hygg að Sverrir hefði bæði gagn og gaman af því að sitja nokkur námskeið í stjórnun. Ég tel að stjórnunarfræðin geti höfðað mjög til hans sem róttæks hugsuðar og húmanista.

**Valdníðsla**

Mikið hefur verið fjallað um stjórnunaraðferðir innan stjórnunarfræða. Hvaða aðferðir skila bestum árangri? Einvaldurinn eða hinn lýðræðislegi stjórnandi. Flestir hallast að því að það fari nokkuð eftir aðstæðum. Þannig henti einvaldsstjórnun vel við hjálparstarf eftir náttúruhamfarir og innan hers. Við flestar aðrar aðstæður skili það góðum árangri að virkja sem flesta starfmenn til dáða og leita álits þeirra. Slík umræða á ekkert skylt við það að hjúpa vald og ákvarðanir embættismanna í dulbúing vísinda og stjórnunar eins og Sverrir getur um í pistli sínum.

Embættismenn og sérstaklega ráðherrar hafa falið ráðherraræði sitt og ákvarðanir með því að láta þær bera vísindalegt og skynsamlegt yfirbragð. Og bera rétt heiti eins og árangursstjórnun. Réttu fræðimennirnir eru kallaðir fram – reyndar furðulega margir á síðasta áratug sem hafa lofsungið frjálshyggjuúrræði sem heilagan sannleika. Og aðrir studdir dyggilega til að lofsyngja ágæti kvótakerfisins. Síðan eru pantaðar skoðanakannanir til áréttingar þegar aðstæður eru hagstæðar. Óþægilegir fræðimenn eru hins vegar svertir og gagnrýnir fjölmiðlamenn eru hunsaðir – fá ekki viðtal. Sjálfstæðum stjórnendum ríkisstofnana er settur stóllinn fyrir dyrnar ef þeir mögla opinberlega. Þetta er valdníðsla ráðherra sem á ekkert skylt við stjórnun frekar en að eldhúshnífur sé gerður ábyrgur fyrir morði.

**Bölhyggja**

Sverrir endar pistil sinn á bölhyggju um að hugmyndafræðileg umræða sé dauð. Hann minnir mjög á þýska fræðimanninn Max Weber sem taldi að rök- og skynsemishyggjan gerði að verkum að heimurinn sé krufinn til mergjar með aðferðum reiknislistar og tæknihyggju. Trú, hindurvitni og hugsjónir muni víkja fyrir bestu lausninni og hámörkun arðseminnar.

Ég tel að margt sé til í þessum rökum en það er skoðun mín að svokallaður dauði hugmyndafræðilegrar umræðu felist í vanda vinstrimanna við að finna lausnir sem henta í hnattrænu þekkingarhagkerfi. Þar er ekki nóg að benda á gömul úrræði í velferðarmálum og öryggismálum eins og mér finnst vinstri grænir gera í mjög ríkum mæli. Það er hin skemmtilega áskorun okkar vinstrimanna, jafnaðarmanna, umhverfissinna og kvenréttindasinna að finna nýjar lausnir við gömlu hugsjónir frelsis, jafnréttis og bræðralags. Ég er mikill áhugamaður um slíkar tilraunir og tel að stjórnunarfræðin geti nýst vel í því starfi.

*Höfundur er prófessor í stjórnun.*

# *Ég vil geta andað!*

**UMRÆÐAN**
VALKOSTIR MND-SJÚKLINGA



GUÐJÓN SIGURÐSSON

*Að velja það að fara í öndunarvél eða ekki, er erfitt og flókið val. Þar sem þessi þjónusta er í boði, til dæmis í Danmörku og Bandaríkjunum þá velja langflestir MND veikir að fara í öndunarvél.*

Ég greindist með taugahrörnunarsjúkdóminn MND í mars árið 2004. Sjúkdómurinn leggst misjafnlega á einstaklinga en allt endar þetta á einn veg hjá okkur – með algerri lömun og síðan dauða. Þetta er enn þá ólæknandi sjúkdómur. Á einhverju stigi sjúkdómsins hættir MND sjúklingur að geta andað, vegna lömunar í þind. En ég vil geta andað! Er það tilætlunarsemi?

Öndunarvél eða ekki? Það getur orðið spurning um líf eða dauða fyrir mig og kannski einhverja aðra í náinni framtíð! Og það er einmitt þess vegna sem ég skrifa þessa grein þar sem ég vil velta umræðunni af stað hér á Íslandi.

Umræðu sem er nauðsynlegt að taka. Hjálpartækið öndunarvél er lítið og meðfærilegt. Ef fótvöðvar gefa sig fæ ég hjólastól. Ef ég missi hönd eða fót þá fæ ég gervilim. Ef hjartað bilar þá fæ ég hjarta. Ef nýra bilar þá fæ ég nýra en ef að þindin hættir að starfa þá get ég farið til himna (vonandi). Er mismunun á milli vöðva? Ættum við MND veikir ekki að hafa raunverulegt val?

Af hverju hefur ekki einn einasti MND sjúklingur valið að fara í öndunarvél fram til þessa á Íslandi? Grundvallarskilyrði fyrir slíku vali eru af þrennum toga að mínu mati: Númer eitt er tæknikunnátta íslensks fagfólks. Númer tvö er að heimahjálp sé tryggð allan sólahringinn. Og númer þrjú að öruggt sé að einstaklingurinn komist úr öndunarvélinni þegar sá tími kemur. (Slökkt verði á vélinni.) Öll þrjú atriðin verða að vera á hreinu. Félags- og heilbrigðisráðuneyti verða að skrifa þetta ferli niður á blað þannig að öll atriðin sem ég nefni séu lagalega tryggð. Það þriðja er komið í höfn með snaggaralegri framgöngu landlæknis við að koma í gegn svokallaðri „Lífsskrá“. Einnig er vinna hafin við hin tvö hjá ráðuneytunum. Atriði eitt er svo gott sem í höfn, þarfnast þjálfunar starfsfólks.

En er raunverulegt val um að fara í öndunarvél á Íslandi í dag? Hvað mundir þú velja ef það að velja öndunarvél myndi hefta alla fjölskylduna alla daga ársins. Á meðan ég er ekki öruggur um að aðstoð verði veitt öllum stundum, svo fjölskyldan geti um frjálst höfuð strokið, þá er valið ekkert í mínum huga! Ég vel að deyja. Eða kannski frekar; ég er neyddur til að deyja. Ég hef ekki val um að lifa eins og staðan er í dag.

Sumir segja: Af hverju að framlengja líf þessa einstaklings sem hvort eð er mun deyja fljótlega? Á móti spyr ég: Hvað eru lífsgæði? Er það ekki hver og einn einstaklingur sem verður að meta það? Öndunarvél læknar ekkert. En hún veitir einstaklingi möguleika á að sjá börn þroskast, barnabörn fæðast, njóta tónleika, horfa á kappleiki, skrifa bók, semja leikrit, taka þátt í félagsstarfi, rökræða framtíðina og svo margt annað sem gefur lífinu gildi.

Að velja það að fara í öndunarvél eða ekki, er erfitt og flókið val. Þar sem þessi þjónusta er í boði, til dæmis í Danmörku og Bandaríkjunum þá velja langfæstir MND veikir að fara í öndunarvél. Upplýsingagjöf verður að vera heiðarleg og sönn – ákvörðun verður að vera tekin af allri fjölskyldunni.

Lífsvilji einstaklings verður að vera mikill og viðkomandi verður að njóta stuðnings hvort sem hann velur öndunarvél eða að kveðja þennan heim fyrr en ella. Það er öll tæknikunnátta og tækjabúnaður til staðar á Íslandi svo MND sjúklingar geti farið í öndunarvél. Við eigum frábæra lungnadeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Þar er frábært og viljugt starfsfólk og aðstaða þar er til fyrirmyndar.

Ég vil þakka yfirvöldum í Hafnarfirði, stjórnvöldum heilbrigðis- og félagsmála, landlækni og ekki síst starfsfólki og stjórnendum LSH fyrir stuðning og aðstoð eins og hægt er við baráttu mína, fyrir því sem ég tel svo sjálfsagt mál.

*Höfundur er formaður MND félagsins.*



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.323 **-0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 700 **Velta:** 6.898 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Straumur | +2,63% | TM | -5,09% |
| HB Grandi | +0,55% | Actavis | -2,16% |
| | | Landsbankinn | -2,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,40 -2,20% ... Atorka 6,20 -1,60% ... Bakkavör 55,40 +0,00% ... Dagsbrún 5,62 -1,80% ... FL Group 22,70 +0,00% ... Flaga 4,05 -0,50% ... Íslandsbanki 19,90 -1,50% ... KB banki 894,00 -1,50% ... Kögun 64,00 +0,00% ... Landsbankinn 27,70 -2,10% ... Marel 70,10 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,90 -1,10% ... SÍF 4,04 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,50 +2,60% ... Össur 108,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# H&M græddi 110 milljarða

Tískuverslunarkeðjan Hennes & Mauritz (H&M) skilaði 110 milljarða króna hagnaði á árinu 2005 sem er 23 prósenta aukning frá fyrra ári. Á fjórða ársfjórðungi var hagnaðurinn 35 milljarðar króna sem var í takt við væntingar markaðarins að sögn Vegvísis Landsbankans.

Jólasalan gekk vel í verslunum H&M en söluaukningin var um fjórtán prósent en um fjögur prósent þegar nýjar verslanir voru undanskildar.

Metnaður er meðal stjórnenda H&M að sækja fram á við og horfa þeir til Miðausturlanda sem hefur reynst mörgum evrópskum tískuverslunarkeðjum gjöfult markaðssvæði. Einnig er horft á vöxt í Rússlandi, Los Angeles í Bandaríkjunum og gegnum heimasíðu fyrirtækisins. Alls ætlar H&M að opna 150 nýjar verslanir á þessu ári.

Sænski fjárfestingabankinn Carnegie mælir með kaupum í H&M en nýtt verðmat gefur gengið 350 sænskar krónur á hvern hlut. Til samanburðar er núverandi markaðsgengi 280 krónur á hlut.

- eþa



**LEIÐANDI Í TÍSKUNNI**
Hagnaður H&M jókst mikið á síðasta ári og nam um 110 milljörðum króna.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**
Novator, fjárfestingafélag Björgólfs, er sagt hafa fest kaup á hlutum í næststærsta fjarskiptafyrirtæki Breta.

## Kaupir í Cable & Wireless

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur keypt hlut í næststærsta fjarskiptafyrirtæki Breta, Cable & Wireless, að því er fram kemur í breska blaðinu Daily Telegraph.

Eignarhluturinn hefur þó ekki enn náð þremur prósentum í félaginu, en þá þarf að tilkynna um hann til kauphallar. Verð hlutabréfa í fyrirtækinu hækkaði í gær um 3,5 prósent. Verð á hlutafé í Cable & Wireless hefur lækkað en félagið sendi nýverið frá sér afkomuviðvörun í fyrra eftir að hafa sameinast smærri keppinauti að nafni Energis.

Telegraph segir óljóst hvort Björgólfur sé að fjárfesta til lengri eða skemmri tíma, en bendir á að vitað sé að Björgólfur hafi mikla trú á þróun háhraðanettenginga. ■

## Umsvif aukast

Umsvif á fasteignamarkaði jukust lítillega í seinustu viku að því er fram kemur í Hálf fimm fréttum KB banka. Gengið var frá 131 kaupsamningi í vikunni samanborið við 93 samninga vikuna áður. Meðalupphæð samnings var 25,3 milljónir króna.

Veltan hefur þó verið á niðurleið sé litið á umsvifin yfir lengra tímabil en hún náði hámarki síðasta vetur. Fjögurra vikna meðaltal á fjölda kaupsamninga hefur ekki verið lægra síðan í ársbyrjun 2004. ■

## Vírus sem leggst á Symbian síma

SYMBOS_SNDTOOL.A heitir vírus sem leggst á farsíma sem notast við Symbian stýrikerfi og keyra á svokölluðum Series 60 grunni.

Vírusvarnafyrirtækið Trend-Micro segir meinsemdina í hægri dreifingu, en hún getur smitað eftirtaldar tegundir farsíma: Nokia síma af gerðinni 3600, 3620, 3650, 3660, 6600, 6620, 7610; 7650 og Nokia N-Gage, auk símanna Panasonic X700, Sendo X og Siemens SX1.

Þegar forritið hefur komið sér fyrir á símanum kemur það fyrir skrám á honum og leitar svo að tækjum sem eru með opna blátannartengingu og sendir þeim skrá sem kann að vera skaðleg. TrendMicro ráðleggur fólki að sýna aðgát þegar sóttar eru skrár.

- óká







**A.A. MILNE (1882-1956) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ef þú verður hundrað ára vil ég lifa í hundrað ár mínus einn dag, svo ég þurfi aldrei að lifa án þín.“*

*A.A. Milne var breskur rithöfundur sem skrifaði meðal annars sögurnar um Bangsímon.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 31. JANÚAR 1606

## *Fawkes sleppur við gálgann en deyr samt*

Á þessum degi árið 1606 átti að hengja Englendinginn Guy Fawkes. Þegar hann var á leið upp stigann að gálganum stökk hann niður og hálsbrotnaði þegar hann lenti á jörðinni.

Fawkes var einn helsti leiðtogi samsærismanna sem hugðust sprengja þinghúsið í London í loft upp. Að kvöldi 5. nóvember 1605 kom Sir Thomas Knyvet að Guy Fawkes læðupokast í kjallara þinghússins. Hann var handtekinn og nákvæm leit hófst fundust þá nærri tvö tonn af byssupúðri. Fawkes viðurkenndi við yfirheyrslur að þetta væri samsæri kaþólskra, sem Robert Catexby hefði skipulagt, til að tortíma allri ríkisstjórn Englands sem var að mestu leyti mótmælendur, en einnig ætluðu þeir sér að deyða Jakob I Englandskonung, sem átti að mæta í þingið þann 5. nóvember.



GUY FAWKES

Á næstu mánuðum voru allir sem tengdust „byssupúðursamsærinu“ drepnir eða handteknir. Einnig urðu margir saklausir kaþólikkar fyrir barðinu á stjórnvöldum. Guy Fawkes var ásamt nokkrum öðrum háttsettum samsærismönnum, dæmdur til hengingar, strekkingar og niðurbútunar. Fawkes sá þó, eins og áður sagði, sjálfur um að steypa sér í dauðann.

Til minningar um samsærið er árlega haldinn Guy Fawkes-dagur í Bretlandi þann 5. nóvember.

## MERKISATBURÐIR

- **1881** Kirkjan á Núpi í Dýrafirði fýkur út á sjó í ofsaveðri.
- **1950** Harry S. Truman Bandaríkjaforseti lýsir yfir að hann styðji þróun vetnissprengju.
- **1951** Flugvélin Glitfaxi ferst út af Vatnsleysuströnd og með henni tuttugu manns.
- **1971** Apollo 14 er skotið á loft. Leiðin liggur á tunglið.
- **1980** Ferðamönnum er heimilað í fyrsta sinn að kaupa tollfrjálsan bjór við komuna til landsins.
- **1990** McDonalds opnar fyrsta skyndibitastað sinn í Moskvu.
- **1995** Tilkynnt er að Einar Már Guðmundsson hljóti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Engla alheimsins.

## ANDLÁT

**Eyjólfur Jónsson**, áður Miðbraut 28, Seltjarnarnesi, lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 24. janúar.

**Guðmundur Teitsson**, fæddur 26. janúar 1954, lést að heimili sínu, Akurgerði 6, 300 Akranesi, 26. janúar.

**Jóhannes Jónsson**, Húsanesi, lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn 26. janúar.

**Jón Elías Vagnsson**, frá Látrum í Aðalvík, Dalbraut 5, Hnífsdal, lést á heimili sínu 26. janúar.

**Sigurveig Níelsdóttir**, Ástúni, Fáskrúðsfirði, lést fimmtudaginn 26. janúar.

**Sveinbjörn Benediktsson**, fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma, Hraunprýði, Hellissandi, lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 26. janúar.

**Úlla Sigurðardóttir**, Fjölnisvegi 18, Reykjavík, andaðist á Hrafnistu að kvöldi fimmtudagsins 26. janúar.

**Þóra Stefánsdóttir**, Þorragötu 9, Reykjavík, lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 26. janúar.

**Hjálmar Guðnason**, Hóli, Vestmannaeyjum, lést á heimili sínu föstudaginn 27. janúar.

**Örn Hilmar Ragnarsson** andaðist 27. janúar á Landspítalanum við Hringbraut.

## JARÐARFARIR

- 14.00 **Ester Landmark**, Hafnargötu 10, Siglufirði, verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju.
- 14.00 **Sonja Andrésdóttir Cichy**, Dynskógum 2, Hveragerði, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju.

## AFMÆLI

**Valgarð Briem** hæstaréttarlögmaður er 81 árs.

**Elín Pálmadóttir** blaðamaður er 79 ára.

**Ágúst Ingi Jónsson**, fréttastjóri Morgunblaðsins, er 55 ára.



**Harpa Njálsdóttir** félagsfræðingur er sextug.



**Jakob F. Ásgeirsson** rithöfundur er 45 ára.



**Marín Manda Magnúsdóttir** fatahönnuður er 27 ára.



**DÓMARI** Anna Kristín Jónsdóttir segir dómarastarfið bráðskemmtilegt en einnig erfitt enda séu ekki allir alltaf sáttir við suma af þeim dómum sem hún kveður upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ANNA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR: DÓMARI Í GETTU BETUR

# Verður að vera óskeikul

Anna Kristín Jónsdóttir útvarpskona settist í dómarasætið í spurningakeppni Gettu betur í haust. Ríkisútvarpið hefur staðið fyrir þessari spurningakeppni framhaldsskólanna árlega frá árinu 1986. Undankeppni í útvarpinu er nú á enda og framundan er átta liða útsláttarkeppni í sjónvarpssal sem hefst 23. febrúar.

„Þetta hefur verið bráðskemmtilegt en heilmikið mál og maður er að reyna að vanda sig,“ segir Anna Kristín glaðlega, en hún segir þó stundum koma upp álitamál og ekki séu allir ávallt sáttir við þann úrskurð sem hún kveður upp. „Það sem er erfiðast er kannski krafan um að maður eigi að vera algerlega fullkomlega óskeikull, sem reynist stundum erfitt að standa undir,“ segir Anna Kristín en skilur þó vel að keppendur skuli vera kröfuharðir enda hafi þeir sjálfir lagt mikið á sig.

Anna Kristín hlakkar töluvert til að fara í sjónvarpssal. „Þá magnast þetta ennþá meira upp, áhuginn eykst og fleiri fylgja keppendunum. En þar með er ennþá meiri spenna og ennþá meira í húfi,“ segir Anna Kristín og veit að margir krakkanna taka þessa keppni mjög alvarlega. „Annars er þetta nú bara leikur,“ segir hún hlæjandi.

Anna Kristín er ekki ókunnug spurningakeppnum og hefur meðal annars tekið þátt í fjölmiðlakeppninni. „Ég hef oft deilt við ættingja mína, vini og vandamenn um rétta túlkun á svörum,“ segir Anna Kristín glettin og nokkuð víst að hún gefur ekki svo auðveldlega eftir.

Gettu betur hefur verið einn vinsælasti dagskrárliður ríkisútvarpsins frá upphafi. Fyrstu árin sigruðu ýmsir skólar. Fjölbrautaskóli Suðurlands sigraði fyrsta árið en vorið 1993 hófst sigurganga Menntaskólans í Reykjavík sem stóð alveg þar til vorið 2004, þegar liðið tapaði fyrir Borgarholtsskóla í undanúrslitum. Hver fer með sigur af hólmi að þessu sinni verður svarað í apríl, en úrslitin ráðast rétt fyrir páska.

Anna Kristín hefur ekki gert upp við sig hvort hún muni setjast í dómarasætið á ný að ári. „Ég skal svara því í apríl,“ segir hún hlæjandi. ■



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ingvi Guðjónsson**

Álfalandi 7, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakots, sunnudaginn 22. janúar. Útför hans fer fram í Fossvogskirkju, miðvikudaginn 1. febrúar kl. 15.00. Þeim, sem vilja minnast hans, er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þóra Magnúsdóttir**
**Kristín Ingvadóttir Hilmar Karlsson**
**Magnús Ingvason Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir**
**Katrín Lovísa Ingvadóttir Páll Baldvin Baldvinsson**
**og afabörn**
**Hólmfríður K. Guðjónsdóttir og Böðvar Valtýsson.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Elías Vagnsson**

Frá Látrum í Aðalvík, Dalbraut 5, Hnífsdal,

lést að heimili sínu þann 26. janúar.
Jarðarförin fer fram frá Hnífsdalskapellu laugardaginn 4. febrúar klukkan 11.

**Jóhanna Unnur Reimarsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir Unnsteinn Halldórsson**
**Erla Jónsdóttir Víðir Ólafsson**
**Vagn Jóhannes Jónsson Pálína Eyja Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- allt að 50% afsláttur
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# Staða eldri kvenna

Landssamband sjálfstæðiskvenna efnir til hádegisfundar um stöðu eldri kvenna í dag, 31. janúar. Þar verður rætt um hver félagsleg- og fjárhagsleg staða eldri kvenna sé og hvernig þær takist á við efri árin.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Landssambands sjálfstæðiskvenna, lofar áhugaverðum fundi. „Ástæða þess að við ákváðum að fjalla sérstaklega um stöðu eldri kvenna er sú að það hefur orðið töluverð óánægja hjá eldri konum til dæmis með stöðu þeirra í almannatryggingakerfinu,“ útskýrir Heiðrún, en margar þeirra kvenna sem ganga nú í gegnum kerfið hafa lengi verið heimavinnandi og fá því lítinn lífeyri og búa margar hverjar við slæm kjör, að sögn Heiðrúnar sem vonar að sem flestir þingmenn og sveitarstjórnamenn sjái sér fært að mæta.



**FUNDARSTJÓRI** Salóme Þorkelsdóttir, formaður Sambands eldri sjálfstæðismanna, er fundarstjóri.

Fundarstjóri verður Salóme Þorkelsdóttir, fyrrverandi forseti alþingis og núverandi formaður Sambands eldri sjálfstæðismanna. Framsögumenn verða Sigríður Jónsdóttir skrifstofustjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Margrét S. Jónsdóttir, félagsráðgjafi og Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur.

Fundurinn fer fram í Valhöll, Háaleitisbraut 1, frá klukkan tólf til hálf tvö. ■

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1797** Franz Schubert tónskáld.



**1804** Jozef Bajza, ungverskur rithöfundur og skáld.



**1868** Theodore William Richards, nóbelsverðlaunahafi í efnafræði.



**1881** Irving Langmuir uppfinningamaður. Hlaut nóbelsverðlaun árið 1932.



**1882** Anna Pavlova balletdansmær.




Fiton/SÍA

## VISIR.IS - ÞAR SEM ALLT ER

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. **ALLT** geymir upplýsingar um **ALLT** milli himins og jarðar, iðnaðarmenn, þjónustufyrirtæki, umboð, verslanir og **ALLT** hitt sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**



vísir

**ALLT ER NÝ VÖRU- & ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS**

allt

# VEFSÍÐUGERÐ MX 2004

- alvöru námskeið í gagnvirkri vefsíðugerð



*„Ég byrjaði á 3D StudioMax hjá NTV, fór síðan á Photoshop námskeið og að lokum Vefsíðugerð MX 2004. Þessi frábæru námskeið hafa skilað sér í því að í dag starfa ég sem vefhönnuður hjá* ***Plazt.com****"*

**Davíð Pétur Steinsson**
Vefhönnuður hjá Plazt.com

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri vefsvæða.

Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunnu vefsvæði.

**Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:**

**1** - Myndvinnsla fyrir vefinn með **Fireworks MX 2004**
**2** - Almenn vefsíðugerð með **Dreamweaver MX 2004**
**3** - Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með **Dreamweaver MX 2004**

Kennt þri. og fim kl. 18:00 - 22:00
og lau 13:00 - 17:00.
Hefst 14. feb. og lýkur 13. maí.

ntv.is

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**



ÚTVARPIÐ ÞITT ÞOLIR EKKI EINTÓMAN VIÐBJÓÐ

X 97·7


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 4 | 3 | 2 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 1 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 2 | 5 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 3 | 1 | 6 |
| 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 5 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 7 | 6 | 2 | 5 | 9 | 1 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 1 | 7 | 5 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | | 7 | | | |
| 3 | | | | 4 | | | 8 | 6 |
| | 7 | | | 8 | | | 1 | |
| 1 | | 5 | 6 | | | | 7 | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 1 | 2 | | 3 |
| | 3 | | | 6 | | | 5 | |
| 2 | 9 | | | 3 | | | | 8 |
| | | | 4 | | | | | 1 |


ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

SECURITAS


# STUÐ MILLI STRÍÐA Merking þrífst á andstæðu sinni

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** GERIST TILVISTARHEIMSPEKINGUR



Lesandi á barmi taugaáfalls hafði samband við mig út af síðasta pistli mínum og virtist hafa jafnvel meiri áhyggjur af andlegu ástandi mínu en líkamlegu eftir að hafa lesið um það að ég væri tilbúinn til þess að drepast úr fuglaflensu.

Þessar áhyggjur eru þó alveg óþarfar þar sem ég er bara helvíti brattur eftir að hafa hrist af mér flensuskítinn og er eldhress miðað aldur, fyrri störf og minniháttar skakkaföll í lífinu.

Merking þrífst nefnilega á andstæðu sinni og án fullvissunnar um dauðann yrði lífið frekar óspennandi. Það er dauðinn sem gefur lífinu gildi og það að ég sé tilbúinn til þess að lifa rólegur án þess að hafa áhyggjur af fuglaflensu, alnæmi, verðtryggingu lána og hugsanlegri kjarnorkustyrjöld þarf síður en svo að þýða að ég sé tómhyggjumaður í sjálfsmorðshugleiðingum.

Þetta lífsviðhorf gefur mér þvert á móti tilfinningalegt svigrúm til þess að njóta lífsins á meðan ég lifi því. Þessu getur vitaskuld fylgt sú aukaverkun að maður lifi eins og hver dagur sé manns síðasti og lifi þá ef til vill full hratt en á móti kemur að manni leiðist ekki á meðan.

Þetta er auðvitað bölvuð niðursuðudósaheimspeki en hún heldur vatni og virkar vel. Vestræn tvíhyggja hefur líka gegnsýrt þankagang okkar svo harkalega að við getum ekki skilið einföldustu hluti nema að finna þeim stað í andstæðupörum. Þess vegna höfum við guð og djöfulinn, gott og illt og þó að George W. Bush noti tvíhyggjuna til þess að réttlæta stríðsbrölt sitt út um allan heim gagnast hún mér líka til þess að gera lífsviðhorf mín að heilögum sannleika. Þetta er svo einfalt að gullfiskurinn minn skilur þetta enda ræðum við þetta oft á síðkvöldum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






# TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**!** **K. 12.00**
*Eyþór Þorbergsson ræðir um rannsókn og saksókn fíkniefnamála í erindi sem hann flytur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu L201 Sólborg við Norðursløð.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Undrabarn með Sinfóníunni



Bandaríski fiðluleikarinn Rachel Barton Pine leikur einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið. Pine leikur einleik í Fiðlukonsert nr. 2 „í ungverskum stíl“ eftir Joseph Joachim. Sama kvöld flytur hljómsveitin sinfóníu nr. 6 eftir Sergej Prokofíev. Hljómsveitarstjóri verður Carlos Kalmar.

Lífshlaup Rachel Barton Pine má kalla flest annað en hefðbundið. Hún ólst upp í mikilli fátækt í hverfinu Irving Park í Chicago með foreldrum sínum og tveimur yngri systkinum. Þriggja ára gömul sat hún messu í kirkju hverfisins ásamt fjölskyldunni og þar heillaðist hún af ungum stúlkum sem komu fram og léku á fiðlur.

Aðeins 14 ára gömul var Pine orðin fyrirvinna fjölskyldunnar, lék á fiðluna í brúðkaupum, veislum og á hvers kyns mannamótum, og gætti þess alltaf að farða sig hressilega og ljúga aðeins til um aldur.

Árið 1995 munaði minnstu að fiðlan drægi Pine til dauða þegar fiðlutaskan hennar festist í lestardyrum með þeim afleiðingum að Pine dróst niður á lestarteinana. Í þessu hörmulega slysi missti hún vinstri fót og skaddaðist alvarlega á þeim hægri.

Sjálf er hún mikill unnandi þungarokks og nýtir sér það til þess að kynna klassíska tónlist. Hún heimsækir til að mynda rokk-útvarpsstöðvar fyrir ungt fólk, leikur þar jöfnum höndum Metallica og Mozart og hrífur fólk með sér með hæfileikum sínum og óbilandi trú á lífið.

## > Ekki missa af ...

... tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur á Nasa annað kvöld þar sem Sammi í Jagúar stjórnar frumflutningi á tónlist, sem hann hefur samið og útsett sérstaklega fyrir Stórsveitina.

... yfirlitssýningu á myndverkum Thors Vilhjálmssonar sem nú stendur yfir í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti.

... stóru yfirlitssýningunni á verkum Jóhannesar S. Kjarval sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum í tilefni af 120 ára fæðingarafmæli listamannsins.


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
KYNNING FYRIR SÝNINGU (fyrir utan frumsýningu)
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið
SALKA VALKA
Fi 2/2 kl. 20 AUKAS. Fi 16/2 kl. 20 AUKAS.
WOYZECK
AUKASÝNINGAR
Lau 11/2 kl. 20 · Su 12/2 kl. 20
Fö 17/2 kl. 20 · Lau 18/2 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. · Su 5/2 kl. 14 UPPS.
AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17.
CARMEN
Fö 3/2 kl. 20 · Lau 4/2 kl. 20
Fö 10/2 kl. 20 · Su 19/2 kl. 20
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. · Fö 3/3 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT
Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 18/2 kl. 14 · Su 19/2 kl. 14

Nýja svið/Litla svið
MANNTAFL
Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 16/2 kl. 20 UPPS. · Fö 17/2 kl. 20 UPPS.
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. · Su 26/2 kl. 20
BELGÍSKA KONGÓ
Mi 1/2 kl 20 UPPS. · Lau 4/2 kl. 20 UPPS.
Su 5/2 kl. 20 UPP. · Fi 9/2 kl. 20 UPPS.
Fö 10/2 kl. 20 · Lau 11/2 kl. 20
Lau 18/2 kl. 20 · Su 19/2 kl. 20
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fi 2/2 kl. 20 · Su 12/2 kl. 20
Mi 1/3 kl. 20
NAGLINN
Fö 3/2 kl. 20 · Lau 4/2 kl. 20
Lau 11/2 kl. 20 · Su 12/2 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2. lau. 25/2. Síðustu sýningar.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 5/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Þri. 31/1 uppselt, mið. 1/2 uppselt, fim. 2/2 uppselt, fös. 3/2 uppselt, lau. 4/2 kl. 16:00 uppselt og kl. 20:00 uppselt, sun. 5/2 uppselt, þri. 7/2 uppselt, mið. 8/2 uppselt, fim. 9/2 uppselt, fös. 10/2 uppselt, aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00, lau. 11/2 uppselt, sun. 12/2 uppselt.
Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.
Þri. 14/2 uppselt, mið. 15/2 uppselt, fös. 17/2 uppselt, aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00, lau. 18/2 uppselt, sun 19/2 uppselt, mið. 22/2 uppselt, fös. 24/2 uppselt, aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00, lau. 25/2 uppselt, sun. 26/2 uppselt.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 5/2 kl. 18:00 uppselt, sun. 12/2 kl. 18:00 uppselt. Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum. Sun 19/2 kl. 18:00 uppselt, sun. 26/2 kl. 18:00 uppselt. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**SÓLRÚN BRAGADÓTTIR OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** Á myndina vantar sænska barítónsöngvarann Thomas Lander, sem fyrst kom hingað til lands til að syngja á á Listahátíð 1986. Í kvöld halda þau tónleika í Salnum helgaða Jenny Lind og H.C. Andersen.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þoldi ekki söngmaskínur

**Sænska sópransöngkonan Jenny Lind naut á sínum tíma ómældrar hrifningar danska skáldsins H.C. Andersen. Sólrún Bragadóttir hefur kynnt sér sögu hennar og syngur lögin hennar.**

„Ég kynntist henni í fyrra,“ segir Sólrún. Þar er hún að vísa til leiksýningar sem sett var á svið í Danmörku síðastliðið sumar í tilefni af 200 ára afmæli H.C. Andersen. Sýningin fjallaði um ást skáldsins á söngkonunni, sem reyndar var ekki endurgoldin.

Sólrún fór með hlutverk Jennýjar, en H.C. Andersen var leikinn af íslenska látbragðsleikaranum Kristjáni Ingimarssyni. Þau Sólrún og Kristján eru bæði búsett í Danmörku.

„Þetta var svolítið skondið. Við vorum þarna tveir Íslendingar að leika þau Jenny Lind og H.C. Andersen.“

Sýningin var sett upp á þremur stöðum í Danmörku og var jafnan leikið undir berum himni. Sólrún söng þarna bæði lög og aríur sem Jenny hafði gert fræg.

„Þetta var allt saman sett í ævintýrabúning og kammersveit lék undir.“

Í kvöld stígur Sólrún á svið í Salnum í Kópavogi ásamt sænska barítónsöngvaranum Thomas Lander og píanóleikaranum Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur. Þau ætla að flytja dagskrá helgaða þeim Jenny Lind og H.C. Andersen.

Dagskrá tónleikanna verður tvískipt. Fyrir hlé verður áherslan á sönglög, einkum sænsk lög en einnig lög eftir Schumann sem samin eru við texta eftir H.C. Andersen. Eftir hlé er svo komið að óperuaríum eftir Meyerbeer, Verdi, Bellini og Donizetti.

„Mörg þessi tónskáld voru góðir vinir hennar og sumt er samið sérstaklega fyrir hana.“

Sólrún segir sænska „Næturgalann“, eins og Jenny Lind var jafnan nefnd, hafa verið stórbrotinn persónuleika.

„Ég ráðlegg söngvurum að lesa um hana því hún hafði svo heilbrigða sýn á þetta allt saman. Hún einbeitti sér aldrei að því að afla fjár og frama heldur var hún fyrst og fremst trú sjálfri sér og trú rödd sinni.“

Jenny Lind byrjaði að koma fram í óperum aðeins sautján ára gömul, en hún var ekki nema 29 ára þegar hún hætti alfarið að koma nálægt óperum þótt hún hefði haldið áfram að syngja á tónleikum það sem eftir var. Á seinni árum tók hún að kenna söng og þótti afar kröfuharður kennari.

„Hún þoldi ekki söngmaskínur, fólk sem hafði góða rödd en ekkert annað. Það var svo mikið atriði fyrir hana að fólk hefði eitthvað að gefa.“

Sænski barítónsöngvarinn Thomas Lander kemur sérstaklega til landsins til að syngja með Sólrúnu á þessum tónleikum. Hann er þó ekki að koma hingað í fyrsta sinn.

„Hann söng hérna á Listahátíð í Gamla bíói árið 1986, þá kornungur og gerði þvílíkt stormandi lukku. Ég var á þessum tónleikum en þekkti hann ekki neitt.“

Síðar áttu þau eftir að syngja saman í óperunni í Hannover í Þýskalandi.

„Við frumfluttum þar Töfraflautuna sem Papagenó og Pamína og höfum verið góðir vinir upp frá því.“

Tónleikarnir í Salnum hefjast klukkan 20 í kvöld.


HIMNARÍKI
3. feb.
4. feb.
10. feb.
11. feb.
eftir Jón Atla Jónasson
2. feb.
5. feb.
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*
EF
eftir Valgeir Skagfjörð/ Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar:
21. feb kl. 9 uppselt
kl. 11 uppselt
kl. 13 uppselt
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100



**LEIKSTJÓRARNIR** Leikstjórar myndarinnar Quinceanera taka á móti Sundance-verðlaunun-um. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Quinceanera valin best á Sundance

Quinceanera var valin besta myndin á Sundance-kvikmyndahátíðinni sem er nýlokið. Myndin, sem vann bæði dómnefndarverðlaunin og áhorfendaverðlaun fyrir dramamyndir, fjallar um 15 ára stúlku af rómönskum ættum sem verður ófrísk og lendir í framhaldinu í útistöðum við fjölskyldu sína. Engir þekktir leikarar eru í myndinni en með aðalhlutverkið fer Emily Rios.

God Grew Tired of Us í leikstjórn Christophers Quinn var valin besta heimildarmyndin. Fjallar hún um þrjá pilta frá Súdan sem reyna að fóta sig í Bandaríkjunum eftir að hafa upplifað blóðuga borgarastyrjöld í heimalandi sínu.

Dito Montiel var valinn besti leikstjórinn fyrir myndina A Guide to Recognizing Your Saints. Með helstu hlutverk í henni fara Robert Downey Jr., Rosario Dawson, Dianne Wiest og Chazz Palminteri.

# Verkfall Eisensteins

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í kvöld rússnesku kvikmyndina Statska eða Verkfall frá árinu 1925 eftir Sergei Eisenstein.

Myndin er óvanalega þroskað fyrsta verk höfundar og hefur sterk höfundareinkenni hans. Hún er fyrst þriggja mynda Eisensteins um baráttu öreiganna þar sem æsingur byltingarbaráttu svífur yfir vötnum en hinar eru Beitiskipið Potemkin (1925) og Október (1927).

Í Verkfalli segir frá verkamönnum sem í byrjun síðustu aldar fara í verkfall eftir að samstarfsmaður þeirra fremur sjálfsmorð en hann hafði verið ranglega ásakaður um þjófnað. Dagarnir líða en ekkert þokast í samkomulagsátt. Lögreglan reynir að neyða verkamennina til uppgjafar, ræðst inn á heimili þeirra og stráfellir menn, konur og börn. Myndin er þögul en millitextar eru á íslensku.

Á undan kvikmyndinni verður sýnd stutt heimildarmynd um kvikmyndagerðarmanninn Sergei Eisenstein. Myndin er á íslensku og þulur er Sergei Halipov.

Þess má geta að félagsskapurinn MÍR, Menningartengsl Íslands og Rússlands, kom árið 2004 kvikmyndasafni sínu, hátt í 2.000 titlum, fyrir hjá Kvikmyndasafni Íslands og eru báðar þessar myndir úr því safni. Ívar H. Jónsson, formaður félagsins, þýddi millitexta myndarinnar Verkfall.

Myndin verður sýnd í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði og hefst sýningin klukkan 20 í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

28 29 30 **31** 1 2 3

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Sólrún Bragadóttir** sópran, **Thomas Lander** barítón og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari flytja sænsk lög í Salnum í Kópavogi.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Eyþór Þorbergsson** ræðir um rannsókn og saksókn fíkniefnamála á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu L201.

### BÆKUR

☐ 20.00 **Snæfríður Ingadóttir** les upp úr nýrri jólabók sinni: "Opið hús - menning á Íslandi nútímans" á Skáldaspírukvöldi í Iðu, Lækjargötu.













fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

# Max þeytir skífum

Plötusnúðurinn sjóðheiti Max Graham spilar á klúbbakvöldi á Nasa þann 3. febrúar næstkomandi. Max átti stóran slagara á síðasta ári þegar hann endurhljóðblandaði lagið Owner of a Lonely Heart frá árinu 1983. Hann hefur endurhljóðblandað lög á borð við Slow eftir Kylie Minogue og Talk með Coldplay.



Danni og Grétar G munu hita upp fyrir Graham. Húsið opnar klukkan 23.00 og fer forsalan fram í Þrumunni þar sem miðaverð er 1000 krónur.


SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

**HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?**

VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM FYRIR SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS SEM VERÐA VEITT Í FYRSTA SKIPTI 23. FEBRÚAR.

**Verðlaunin eru til heiðurs þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.** Lesendur eru beðnir að senda inn tilnefningar á **vísir.is/samfelagsverdlaun** eða fylla út seðilinn hér að neðan og senda á Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrir 16. febrúar.

**VERÐLAUN ERU VEITT Í SEX FLOKKUM:**

**1) Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýndi einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem það var við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Ung hetja**
Barn eða unglingur yngri en 16 ára sem vann sérstakt afrek við krefjandi aðstæður, hvort sem það var öðrum eða því sjálfu til hagsbóta, til dæmis að berjast aftur til heilsu eftir alvarlegt slys eða veikindi.

**3) Uppfræðari ársins**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað fram úr og látið gott af sér leiða.

**4) Framlag í æskulýðsmálum**
Félagsamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**5) Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagssamtök sem hafa unnið ötullega að því að brjóta á bak aftur fordóma í samfélaginu.

**6) Samfélagsverðlaunin**
Félagssamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

**TILLNEFNINGAR SEÐILL:**

• Í hvaða flokki hér að ofan er tillnefningin?

• Nafn á tilnefndum samtökum/einstaklingi

• Nafn þitt: símanúmer:

• netfang:

**Eingöngu svara þessum tveimur spurningum ef um samtök er að ræða:**
Megin störf hópsins?
Fær hópurinn styrki þá hvaða?

**Fylltu út hér að neðan í allt að 500 orðum.**
• **Samtök:** Helstu afrek hópsins til dagsins í dag?
• **Einstaklingar:** Af hverju á einstaklingurinn skilið að fá verðlaun?




**DRAGTIN** Hér er nýtískuleg útgáfa af Chanel-dragtinni.



**KLASSI** Glæsilegur og klassískur kjóll.

# Sjúkar í Chanel

Karl Lagerfeld sýndi nýjustu Chanel-línuna í síðustu viku og það er ljóst að þó karlinn sé orðinn ansi skorpinn þá virðist hann ekkert vera að klikka.

Það besta er hvernig Lagerfeld tekst að sameina tískuhefðir Chanel-hússins við nútímann. Þetta gerir hann til dæmis með því að taka þemu úr tískunni í dag eins og bóleró, blöðrupils og flatbotna stígvél og blanda þeim við hina klassísku Chanel-dragt. Það er ekki að ástæðulausu að ungstirnin í Hollywood eru sjúk í Chanel.

Litirnir voru eins og vanalega fremur fátæklegir og Lagerfeld notaðist við sína hefðbundnu liti, svartan og hvítan auk þess að bæta við ljósbleikum, beinhvítum og gráum. Flestar klæddust fyrirsæturnar lágbotna stígvélum sem minntu helst á sjöunda áratuginn en þó eiga þau ekki uppruna sinn þar. Lagerfeld fékk hugmyndina að þeim frá mynd sem tekin var af Coco Chanel á sjötta áratugnum en þá var hún eins og alltaf á undan sínum tíma.

Blúndur, blóm, slaufur, fjaðrir og hvítar pallíettur settu líka sinn svip á línuna og fyrirsætan Lily Cole lauk sýningunni með trompi í fallegum flögrandi hvítum kjól og dásamlegum blúndustígvélum við.

**hilda@frettabladid.is**



**SÉRSTAKT** Þessi glæsilegi galakjóll er poppaður upp með því að nota flatbotna stígvélin við.



**BLÖÐRUPILS** Allar tískuskvísur ættu að eiga eitt slíkt fyrir sumarið.



**GLÆSILEGUR** Elegant en um leið sérstakur kjóll frá Lagerfeld.



**COCO CHANEL** Stofnandi Chanel-hússins hefði vel getað klæðst þessari dragt meðan hún var uppi.

**TÖFF** Fyrirsætan Mariacarla Boscono er einbeitt á svip.



**CURTIS ADAMS** Töframaðurinn óvenjulegi kemur fram í Austurbæ þann 7. apríl.

# Óvenjulegur töframaður til Íslands

Töframaðurinn Curtis Adams kemur fram í Austurbæ þann 7. apríl næstkomandi. Adams, sem hefur verið kallaður „rokktöframaðurinn“, fer ótroðnar slóðir í töfrunum og þrífst á því að gera hluti sem engum hefur dottið í hug að gera áður. Hans sérgrein er öfgakenndar brellur og mega áhorfendur einnig búast við nýstárlegum sjónhverfingum, eldglæringum, sjóðheitum dansi og sprenghlægilegum grínatriðum.

Áhorfendur mega einnig búast við því að spila stóla rullu, því Adams er duglegur að fara út í salinn með ýmsar brellur, sem og að taka áhorfendur upp á svið. Leikstjóri sýningarinnar og meðhöfundur er Don Wayne, en hann er lifandi goðsögn í bransanum eftir að hafa verið leikstjóri og brelluhöfundur Davids Copperfield í tuttugu ár.

Miðasala á sýningu Curtis Adams hefst um miðjan febrúar.

# Sonur grímunnar með 8 tilnefningar

Gamanmyndin Son of the Mask hefur verið tilnefnd til átta Razzies-verðlauna en þau eru afhent á hverju ári fyrir allt það versta sem kemur frá „draumaverksmiðjunni“ í Hollywood.

Aðalleikarinn Jamie Kennedy, sem kom hingað til lands undir lok ársins 2004, var meðal annars tilnefndur sem versti leikarinn, rétt eins og annar Íslandsvinur, Rob Schneider, sem lék í myndinni Deuce Bigalow: European Gigolo.

Fjórar af fimm verstu myndunum að mati Razzies-nefndarinnar voru endurgerðir eða framhaldsmyndir. Hinar fjórar myndirnar sem voru tilnefndar sem þær verstu voru Deuce Bigalow: European Gigolo, Dirty Love með Jenny McCarthy, The Dukes of Hazzard og House of Wax.

Tom Cruise var tilnefndur til þrennra verðlauna: sem versti leikarinn í myndinni War of the Worlds og fyrir leiðinleg ummæli sín í garð geðsjúkra og fyrir afar opinbert samband sitt með Katie Holmes.

Will Ferrell var jafnframt tilnefndur sem versti leikarinn fyrir hlutverk sín í Bewitched og Kicking & Screaming.



**SONUR GRÍMUNNAR** Kennedy, sem kom til Íslands fyrir ekki svo löngu síðan, hefur verið tilnefndur sem versti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Son of the Mask.



**50 CENT** Rapparinn alræmdi ætlar að skrifa barnabók á næstunni.

# Semur barnabók

Rapparinn 50 Cent ætlar að venda kvæði sínu í kross á næstunni og setjast við skriftir á barnabækur. Fetar hann þar með í fótspor stjarna á borð við Madonnu og Jay Leno sem hafa bæði gefið út vinsælar barnabækur.

50 Cent, sem er þekktur fyrir svæsna texta sína, hefur þegar skrifað ævisögu sína en langar núna að deila reynslu sinni með börnum og kenna þeim sitthvað um lífið og tilveruna. „Sögurnar munu hafa jákvæðan boðskap og börn ættu að geta lært eitthvað af þeim,“ sagði rapparinn.









# Blóðug og tilgangslaus hefnd

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Árið 1972 réðust hryðjuverkasamtökin Svarti september frá Palestínu inn í ólympíuþorpið í München og héldu ísraelska íþróttarliðinu í gíslingu. Tveir íþróttamenn féllu strax fyrir byssukúlum Palestínumannanna en hinir níu voru myrtir eftir misheppnaða björgunaraðgerð þýsku lögreglunnnar. Heimsbyggðin fylgdist með atburðunum í beinni útsendingu enda voru allar sjónvarpsstöðvar búnar koma sér fyrir í þýsku borginni vegna leikanna.

Munich segir frá Avner sem er fyrrverandi lífvörður Goldu Meir, forsætisráðherra Ísraels. Þegar hryðjuverkin eru nýafstaðin ákveður stjórn Ísraels að gera út sérsveit sem koma á öllum þeim fyrir kattarnef sem stóðu að og skipulögðu „München-fjöldamorðin“ eins og þau eru kölluð. Avner er fengin til að stjórna fimm manna hópi sem hefur aðsetur í Evrópu og leitar uppi grunaða hryðjuverkamenn. Hann er í upphafi þjóðernissinnaður Ísraeli, sonur stríðshetju, sem þráir ekkert heitar en að berjast fyrir rétti lands síns. Hann var barnungur skilinn eftir á samyrkjubúi og finnst að „Ísrael sé móðir sín“, svo notuð séu orð konu hans. Þessi setning lýsir ágætlega því stolti sem býr í hjarta leyniþjónustumannsins.

Þegar líður á aðgerðirnar fara sérsveitarmennirnir að efast um réttmæti þeirra. Hverja eru þeir að drepa og hvar eru sannanirnar sem ættu að vera fyrir hendi og sýndu það svart á hvítu að fórnarlömbin væru blóðþyrstir morðingjar? Avner áttar sig fljótlega á því að hann er peð í atburðarrásinni og það sem átti að vera réttlát meðferð fyrir Munich er ekkert merkilegri en hryðjuverkin sem hann fyrirlítur.

München hefst í ólympíuþorpinu og er fréttamyndum blandað á snilldarlegan hátt inn í kvikmyndina. Eric Bana er mjög góður í hlutverki Avner. Við fylgjumst með honum breytast úr hrokafullum þjóðernissinna yfir í hræddan og ofsóknaróðan hryðjuverkamann. Hann er í mynd nánast hverja einustu sekúndu og stendur vel undir því. Aðdáendur Bonds þurfa engu að kvíða því Daniel Craig kemur skemmtilega á óvart. Þá er vert að minnast á Lynn Cohen í hlutverki Goldu Meir en hún er stórkostleg og skyggir á alla í upphafi myndarinnar. Það er í raun synd að hún skuli hverfa jafn skjótt.

Spielberg er hér með boðinn velkominn aftur til raunveruleikans eftir nokkrar vel heppnaðar „miðasölumyndir“. Hann skapar sannfærandi mynd um blóðuga og tilgangslausa hefnd en forðast að taka afstöðu. Fyrir vikið er myndin trúverðug en þetta hefði getað verið auðveld gryfja fyrir leikstjórann að falla í. Tónlist Johns Williams er full klisjukennd en það er skemmtilegt að heyra fræg popplög á hinum ýmsu tungumálum.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**MUNICH**

LEIKSTJÓRI: STEVEN SPIELBERG

**Aðalleikarar:** Eric Bana og Daniel Craig

**Niðurstaða:** Spielberg snýr aftur eftir nokkrar velheppnaðar „miðasölumyndir“ og sýnir sitt rétta andlit. Munich er sannfærandi mynd um blóðuga og tilgangslausa hefnd og forðast að taka málstað stöðu með öðrum aðilanum.

# The Schneedles vel sótt

Grínsýningin The Schneedles vakti mikla lukku þegar hún var sýnd í Austurbæ á dögunum. Uppselt var á báðar sýningarnar og komust færri að en vildu.

Fólk úr öllum aldurshópum lét sjá sig og var hlegið dátt að uppátækjum tvímenninganna á sviðinu.

The Shneedles voru rúmlega viku á landinu og nýttu hana vel. Meðal annars heimsóttu þeir Hlíðaskóla og skemmtu nemendum á táknmálssviði. Auk þess kíktu þeir á barnaspítala Hringsins og léku kúnstir sínar fyrir börnin, fjölskyldur þeirra og starfsfólk. ■



**THE SCHNEEDLES** Grínistarnir í The Schneedles slógu í gegn á tveimur sýningum sínum í Austurbæ.

# Crash besta myndin

Dramamyndin Crash var kjörin besta myndin þegar Screen Actors Guild-verðlaunin voru afhent í Los Angeles um helgina.

Bar hún meðal annars sigurorð af Brokeback Mountain sem hefur fengið fjölda verðlauna upp á síðkastið og þykir líkleg til að hreppa óskarinn sem besta myndin.

Reese Witherspoon var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Walk the Line og Philip Seymour Hoffman besti leikarinn fyrir sína frammistöðu í myndinni Capote.

Breska leikkonan Rachel Weisz fékk verðlaun fyrir aukahlutverk sitt í The Constant Gardener og Paul Giamatti vann fyrir aukahlutverk í The Cindarella Man.

Þátturinn Lost var valinn besti dramaþátturinn í sjónvarpi. Kiefer Sutherland var kjörinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt sem Jack Bauer í spennuþættinum 24 og Felicity Huffman var kjörin besta leikkonan fyrir sína frammistöðu í Desperate Housewifes. Sá þáttur var jafnframt valinn besti gamanþátturinn. ■



**CRASH** Kvikmyndin Crash var valin besta mynd ársins á Screen Actors Guild-verðlaununum.




HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| MUNICH VIP | KL. 8 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5-8-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5-8 | B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4:20 | |

### KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 8-10 | |
| HOSTEL | KL. 10 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8 | |

### AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 8 | B.I. 16 |
| DOMINO | KL. 8 | B.I. 16 |
| JARHEAD | KL. 10:15 | B.I. 16 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5-8:15-10 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 5 | B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 8 | |
| KING KONG | KL. 6 | B.I. 12 |

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

### HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8-10:30 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 12 |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8:10 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6 | B.I. 10 |

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 10:10 |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Angelina Jolie** hélt ræðu í Sviss sem góðgerðafulltrúi Sameinuðu þjóðanna þar sem hún hvatti fólk til að leiða það hjá sér að hún væri Hollywood-stjarna. Vildi hún að fundargestir einbeittu sér að málefnum Darfur-héraðs, Nepals og Afganistans.



Hinn nýi James Bond, **Daniel Craig**, ætlar aldrei aftur að vera undir áhrifum áfengis á tökustað. Ástæðan er sú að hann hefur látið leikstjóra plata sig til að leika í atriðum sem hann hefði ekki samþykkt ef hann hefði verið allsgáður. Meðal annars klæddi hann sig úr öllum fötunum í myndinni Some Voices frá árinu 2000.



Leikarinn **Eric Bana** hefur mikinn áhuga á að endurtaka hlutverk sitt sem græni risinn Hulk. Bana ætlar að leika í Hulk 2 ef framleiðslan gengur fljótt fyrir sig, annars mun hann hafna tilboðinu. Áður hafði verið uppi orðrómur um að **David Duchovny** úr The X-Files myndi fara með hlutverkið.



Rapparinn **Kanye West** og goðsögnin **Stevie Wonder** hafa bæst í hóp þeirra sem koma fram í hálfleik á úrslitaleik bandaríska fótboltans, Super Bowl, þann 5. febrúar. Áður hafði verið tilkynnt að hinir síungu rokkarar í **The Rolling Stones** myndu troða upp.

# Vill flytja til New York

Leikarinn og handritshöfundurinn Ricky Gervais, sem sló í gegn í þættinum The Office, ætlar að flytja frá Bretlandi til Bandaríkjanna.

Gervais, sem nýverið skrifaði þátt um Simpsons-fjölskylduna sem hefur verið í miklu uppáhaldi hjá honum, hefur eytt svo miklum tíma í Bandaríkjunum að undanförnu að hann er farinn að líta á landið sem sitt annað heimili.

„Við vorum að hugsa um að kaupa hús í Beverly Hills, eins og fólk gerir svo oft. Ég verð að eyða peningunum sem ég græði í Bandaríkjunum í eitthvað, er það ekki?“ sagði Gervais. „En þar varð jarðskjálfti þannig að núna erum við að spá í New York.“



**RICKY GERVAIS** Bretinn sniðugi ætlar að kaupa sér hús í New York.

Nýr gamanþáttur Gervais, Extras, hefur einnig notið mikilla vinsælda undanfarið og ætti hann því varla að lepja dauðann úr skel. ■

# Kvikmyndin Caché í almennar sýningar



**CACHÉ** Kvikmyndin Caché hefur notið mikilla vinsælda hér á landi.

Kvikmyndin Caché eftir Michael Heneke, sem sló í gegn á Franskri kvikmyndahátíð sem lauk í gær, fer í almennar sýningar í Háskólabíói á föstudag og verður sýnd þar a.m.k. tíu daga í viðbót.

Áætlað var að sýna myndina aðeins þrisvar sinnum á kvikmyndahátíðinni en vegna vinsælda hennar var sett upp aukasýning síðastliðinn sunnudag. Þá komust færri að en vildu og vegna fjölda áskorana var ákveðið að fjölga sýningunum. ■

# Uppselt á Melua

Uppselt er á tónleika bresku söngkonunnar Katie Melua sem verða haldnir í Laugardalshöll þann 31. mars. Melua ætlar að nýta tækifærið er hún kemur hingað til lands og skoða íslenska náttúru eins mikið og unnt er og hlakkar hún mikið til komunnar.

Melua, sem er aðeins 21 árs, er orðin ein söluhæsta söngkona áratugarins í Bretlandi. Nýjasta plata hennar Peace By Peace fór beint á toppinn í Bretlandi og hefur selst í vel á eina milljón eintaka. ■



**KATIE MELUA** Söngkonan unga kemur hingað til lands í lok mars.

# Buzz snýr aftur

Sjónvarpsmaðurinn sérstaki Buzz mun snúa aftur í mars og verða spyrill í tölvuleiknum vinsæla Buzz!: The Big Quiz, sem er gefinn út fyrir Playstation 2.

Buzz!: The Big Quiz byggir á hinum gríðarlegu vinsældum tónlistarspurninganna í fyrsta leiknum, en nú á að reyna á hvað þátttakendur vita í raun. Að þessu sinni geta spurningarnar verið um hvað sem er. Þeim geta fylgt myndir, hljóð eða myndbönd og koma spurningarnar inn á svið á borð við kvikmyndir, íþróttir og tónlist. Auk þess eru nokkrar spurningar sem fjalla um undarlega þekkingu Buzz.

Nýi leikurinn er mun fjölbreyttari en áður og er spennan mun meiri, þar sem keppendur fá fleiri tækifæri til að stela stigum hver frá öðrum. Að þessu sinni geta átta keppt í einu, þannig að upplifunin verður mun sterkari en fyrr.




**BUZZ** Sjónvarpsmaðurinn Buzz snýr aftur í nýjum leik í mars.

Einnig hefur heyrst að aðstoðarkona Buzz, hin gullfallega Rose, muni snúa aftur þrátt fyrir þrálátan orðróm sem nánast eyðilagði feril hennar. Rose mun gegna hlutverki hinnar kynþokkafullu aðstoðarkonu, og mun hún mæta með stærra bros og í nýjum kjól! ■


Ertu með einhver góð tilboð?




20%

NIVEA SILK COMFORT

Fyrir silkimjúka húð. Inniheldur hreint silkiþykkni. Andlitskrem sem hentar mjög þurri húð.

Lyf & heilsa

Við hlustum!

GOTT FÓLK McCANN · 30574



**Spænskir dómarar**

Það verða þeir Leon Breto og Trillo Huelin sem munu dæma viðureign Íslands og Rússlands á EM í dag. Þeir hafa dæmt tvo leiki í keppninni til þessa, annars vegar viðureign Dana og Serba/Svartfellinga og hins vegar viðureign Rússa og Norðmanna.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON: KOMINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Á NÝ

# *Ætlar að sanna tilverurétt sinn í liðinu*

„Ég get nú ekki sagt að ég hafi verið viðbúinn þessu. Þetta kom mér mjög á óvart," sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson, nýjasti liðsmaður íslenska landsliðsins í handbolta á EM í Sviss, spurður að hinni klassísku spurningu: Áttirðu von á því að verða valinn? „Ég var auðvitað klár í slaginn en þurfti fyrst að fá leyfi frá þjálfaranum mínum hjá Lemgo. Hann var ánægður fyrir mína hönd og óskaði mér góðrar skemmtunar," sagði Ásgeir, sem kemur inn í íslenska hópinn í stað Vilhjálms Halldórssonar.

Ásgeir var staddur á flugvellinum í Hannover þegar Fréttablaðið náði tali af honum um hádegisbilið í gær en hann hafði fengið kallið frá Viggó kvöldið áður. Hlutirnir gerðust því hratt eftir að ákveðið hafði verið að fá Ásgeir Örn í hópinn og var hann kominn til móts við íslenska liðið síðdegis í gær.

„Ég hlakka mikið til að taka þátt í þessu með strákunum. Ég þekki þá auðvitað flesta vel og veit að hverju ég geng," sagði Ásgeir Örn, sem hefur ekki verið í náðinni hjá Viggó Sigurðssyni landsliðsþjálfara að undanförnu en er kallaður inn í hópinn nú vegna meiðsla Ólafs Stefánssonar og líklega einnig vegna



þess að Einar Hólmgeirsson hefur ekki náð sér almennilega á strik það sem af er móti. „Það má því segja að þetta sé tvöföld áskorun fyrir mig, bæði að taka þátt í svona stórmóti en um leið að sanna að ég eigi heima í þessu liði," segir Ásgeir sem hefur ekkert séð til íslenska liðsins á mótinu. „En ég hef reynt að hlusta á útvarpslýsingarnar." Ásgeir kveðst í góðu standi og segir þá leikmenn Lemgo sem ekki leika með landsliðum hafa verið í ströngum æfingabúðum síðustu vikur. „Það er enn meira álag ef eitthvað er. Ég kem til Sviss í góðu standi," segir Ásgeir.

## > Guðjón fær grænt ljós

Guðjón Þórðarson hefur fengið leyfi frá félagi sínu Notts County til að taka við liði Leicester, fari svo að honum verði boðin staðan. Guðjón hefur verið sterklega orðaður við stjórastöðuna hjá þeim bláklæddu eftir að Craig Levin var vikið úr starfi í síðustu viku, en hann á tvö og hálft ár eftir af samningi sínum við Notts County. „Við viljum halda honum í okkar röðum en munum ekki standa í vegi fyrir honum ef hann vill fara," sagði Steve Thompson, stjórnarformaður félagsins, í gær. Á sama tíma hafnaði stjórn Burnley forráðamönnum Leicester að ræða við stjóra sinn Steve Cotterill, sem var fyrstur á óskalista félagsins. Guðjón hefur lýst yfir áhuga á starfinu hjá Leicester, en segir jafnframt að orðrómurinn trufli hann ekki í starfinu hjá Notts County.



## ÚR SPORTINU

Skipuleggjendur EM í Sviss eru hæstánægðir með aðsóknina á leiki mótsins það sem af er en þeir segja að um 95% af þeim miðum sem í boði voru í undanriðlunum hafi selst upp. Það sem skipuleggendurnir eru einna mest ánægðir með er að uppselt hefur verið á flesta leiki þrátt fyrir að gestgjafar Sviss hafi ekki verið að spila. Í því samhengi nefna þeir samanlagðan fjölda áhorfenda í fyrstu 12 leikjum keppninnar sem mældist rétt um 43 þúsund talsins, eða rúmur helmingur þess fjölda sem mun mæta á hvern einasta leik á HM í fótbolta í sumar. Þessar tölur sýna glögglega hversu gríðarlega mikill munur er á íþróttunum.

Framherjinn gamalreyndi Dion Dublin gekk óvænt í raðir Celtic í gær, á næstsíðasta degi félagsskiptagluggans. Dublin er 36 ára gamall og kemur til Skotlands frá Leicester þar sem hann hefur leikið upp á síðkastið. „Mér finnst ég ennþá í góðu formi og vonandi get ég hjálpað Celtic að vinna titla," sagði Dublin sem er ennþá í fullu fjöri.

Miðjumaðurinn Joey Barton bað formlega um að vera settur á sölulista hjá liði sínu Man. City í gærmorgun en var neitað þeirri beiðni síðdegis af forráðamönnum liðsins. Barton er undir smásjánni hjá Liverpool en virðist þurfa að sætta sig við að vera áfram hjá City út tímabilið.



Kamerúnski varnar- og miðjumaðurinn Geremi kveðst vera ánægður í herbúðum Chelsea þrátt fyrir að vera ekki fastamaður hjá liðinu og í raun algjör varamaður. Geremi er með þjóð sinni á Afríkukeppninni um þessar mundir en hefur ekki hugsað sér til hreyfings frá Chelsea í ár. „Mér finnst ég vera að vinna mér inn sífellt meira traust hjá stjóranum og liðið er sigursælt. Mér líkar vel hjá Chelsea og ég hef aldrei viljað fara frá félaginu," sagði Geremi við enska fjölmiðla í gær.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

28 29 30 **31** 1 2 3

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Keflavík.
- 19.15 **KR** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í DHL-höllinni.
- 19.15 **Breiðablik** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Smáranum.

**SJÓNVARP**

- 14.40 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Rússa.**
- 16.55 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Dana** og **Króata.**
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn.
- 20.30 **Timeless** á Sýn.

# Þungir og óþolinmóðir

**Strákarnir okkar hefja leik í milliriðli EM í dag er þeir taka á rússneska birninum. Línumaðurinn Sigfús Sigurðsson telur Ísland eiga góða möguleika í leiknum og vel geta lagt rússneska björninn af velli í St. Gallen.**

**HANDBOLTI** Leikur Íslands og Rússlands er fyrsti leikur dagsins í milliriðlinum og hefst hann kl. 14.45. Íslenska landsliðið kom til St. Gallen í gær en vegna bilunar í rútu seinkaði för liðsins og það missti þar með af æfingu sem það átti bókaða kl. 13. Fyrir vikið varð liðið að æfa síðast allra eða kl. 19. Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var með létta æfingu þar sem menn hlupu úr sér rútuferðina áður en skerpt var á leikkerfum. Ef eitthvað var að marka liðsuppstillingu Viggós á æfingunni þá mun Einar Hólmgeirsson byrja í stöðu hægri skyttu og Róbert Gunnarsson mun leika á línunni þegar Ísland sækir en Sigfús Sigurðsson mun leysa hann af í vörninni.

Ólafur Stefánsson æfði meira og minna í einrúmi alla æfinguna og spurning hversu miklar barsmíðar rifbein hans þola. Vilhjálmur Halldórsson var sendur heim frá Sviss í gær en í hans stað kom hinn örvhenti Ásgeir Örn Hallgrímsson og er það vísbending um að ástand Ólafs sé ekkert sérstakt. Fréttablaðið náði tali af línutröllinu Sigfúsi Sigurðssyni eftir æfinguna og spurði hann út í leikinn. „Leikurinn leggst ágætlega í mig. Ég er eiginlega búinn að spila tvisvar við þetta lið með Magdeburg í vetur en uppistaðan í liðinu eru leikmenn Medvedi og Maximov þjálfar það lið einnig.



**KLÁRIR Í SLAGINN** Leikmenn íslenska landsliðsins tóku vel á því á æfingu í gær og var Ásgeir Örn Hallgrímsson mættur í slaginn. Óvissa ríkir um hversu góðu standi Ólafur Stefánsson verður í. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI



Þetta er samæft lið með sterkar skyttur, línumenn og markmenn. Við þurfum klárlega vörn og markvörslu í þessum leik til þess að ná sigri," sagði Sigfús en hann gerir sér vel grein fyrir því hvar Ísland hefur forskot á Rússana.

„Þeir eru stórir og þungir og þegar þeir mæta hröðu liði eins og okkur þá lenda þeir í vanda. Annars snýst leikurinn ekki um hvað þeir gera heldur hvað við gerum. Ef við náum að spila okkar leik þá vinnum við og ég tel okkur geta unnið þennan leik þótt Óli spili ekki með okkur. Rússarnir eru óþolinmóðir og það sem getur orðið þeim að falli, eins og oft áður, er að þegar þeim gengur vel í riðlinum þá kviknar mikill hroki í þeim í milliriðlinum og þá eru þeir brothættir," sagði Sigfús Sigurðsson. henry@frettabladid.is

## *Sjaldan hefur tækifærið verið betra*

Íslenska landsliðinu í handbolta standa allir vegir færir á EM í Sviss. Liðið er í öðru sæti síns milliriðils með þrjú stig, jafn mörg og Danir en með betri markatölu, og einu stigi á eftir Rússum sem eru efstir með fjögur stig. Ólympíumeistarar Króata eru síðan með tvö stig en Noregur og Serbía koma inn í milliriðilinn án stiga.

Með sigri í einum af þessum þremur leikjum er íslenska liðið klárlega búið að tryggja sér sæti á meðal átta efstu og það gæti jafnvel dugað til að enda í sex efstu sætunum. Sá árangur á vel að geta náðst þar sem eðlilegt er að gera þá kröfu að liðið leggi Norðmenn sem hafa tapað fyrir okkur margoft síðustu vikur.

Eftir standa því leikirnir gegn Rússum og Króötum og vinnist annarhvor þeirra leikja er liðið líklega komið með sæti í undanúrslitunum og mun þar af leiðandi spila til verðlauna. Fyrst er að fást við Rússa, en liðið mætir þeim fyrir þrjú í dag. Króötum mætir liðið á miðvikudag og að lokum mætir Ísland liði Noregs á fimmtudag.

Strákarnir okkar hafa sjaldan fengið betra tækifæri til að ná langt á stórmóti og það er algjörlega í þeirra höndum hversu langt þeir komast enda þarf liðið lítið að hugsa um hagstæð úrslit í öðrum leikjum. Þeir ráða sjálfir sínum örlögum.



EM Í HANDBOLTA
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Sursee í Sviss.*
henry@frettabladid.is

Dregið var í fimmtu umferð ensku bikarkeppninnar í gær:

# Liverpool tekur á móti Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Liverpool og Manchester United munu mætast í stórleik fimmtu umferðar ensku bikarkeppninnar en dregið var í gær. Leikurinn mun fara fram á Anfield Road um miðjan febrúar og verður þriðja viðureign liðanna í enska bikarnum á síðusta áratug. Leikmenn Liverpool munu án efa vilja ná hefndum eftir að hafa tapað fyrir Man. Utd. í deildarleik liðanna á Old Trafford á dögunum þar sem Rio Ferdinand skoraði sigurmarkið á 90. mínútu.

„Allir sem sáu þann leik hljóta að hafa séð hvað liðin eru jöfn að getu. Ég býst því ekki við öðru en að bikarleikurinn verði mjög spennandi," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, eftir dráttinn í gær. „Nú erum við á heimavelli og það gefur okkur forskot. Ég er ekkert fúll með að hafa dregist gegn Man. Utd. Ef við ætlum að vinna þessa keppni þurfum við að vinna öll bestu liðin," bætti Benitez við.

Af öðrum áhugaverðum leikjum í 5. umferðinni má nefna að Chelsea eða Everton mætir 3. deildarliðinu Colchester. Brentford, sem einnig spilar í 3. deild, mætir Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Charlton, Newcastle mætir Southampton og þá mætir Stoke City annaðhvort Reading eða Birmingham.

Ekki er enn ljóst hvar úrslitaleikurinn fer fram en allt bendir til þess að framkvæmdum á Wembley verði ekki lokið í lok maí, þegar úrslitaleikurinn fer fram. Ef svo fer mun leikurinn fara fram á Þúsaldarvellinum í Cardiff. - vig



**GUNNAR VIÐARSSON** „Handboltinn er orðinn svo hraður að það verður sífellt erfiðara að vera dómari." FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Íslensku dómararnir:

# Tökum einn leik í einu

**HANDBOLTI** „Þetta hefur gengið vel og við erum sáttir við eigin frammistöðu," segir Gunnar Viðarsson, annar helmingur dómaraparsins sem er fulltrúi Íslendinga á EM í Sviss, en hann og Stefán Arnaldsson hafa fram að þessu dæmt tvo leiki í mótinu og munu dæma leik Þýskalands og Úkraínu í dag. Gunnar kveðst með engu móti vita hvað tekur við að þeim leik loknum en segir allt eins mögulegt að þeir félagar fái fleiri leiki á mótinu.

„Hér er mikið álag á dómarana, við erum allir staddir í Zürich og ferðumst síðan með lestum á leikstaði. Þess á milli æfum við síðan á fullu," segir Gunnar.

Gunnar útilokar ekki þann möguleika að hann og Stefán fái að dæma í undanúrslitunum en minnir á að það fari að stóru leyti eftir því hvernig mótið spilast. „Við bíðum og sjáum til hvernig þetta þróast en ef íslenska liðinu heldur áfram að ganga vel hverfa okkar möguleikar. Við tökum bara einn leik í einu." - vig

Guðjón vill ekki Íslendinga:

# Ekki í nógu góðu formi

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson, stjóri Notts County á Englandi, hefur ekki hug á að fá íslenska leikmenn til sín að svo stöddu þar sem þeir eru almennt ekki í nægilega góðu formi. Guðjón er að styrkja liðið um þessar mundir en liðið er í harðri baráttu um spilasæti í 3. deildinni á Englandi.

„Ég hef ekkert skoðað íslenska leikmenn undanfarið. Andri Steinn Birgisson og Ellert Jón Björnsson komu til okkar á haustmánuðum en þessir strákar þurfa að vera í mun betra ásigkomulagi þegar þeir koma. Menn fara ekki langt hérna ef þeir eru ekki í toppformi. Hraði leiksins hérna er miklu meiri en á Íslandi auk þess sem menn eru grimmari og grófari," sagði Guðjón við Fréttablaðið og bætti við að hann þyrfti leikmenn sem gætu breytt einhverju fyrir liðið strax.

„Það þarf að aðlagast og ég hef ekki tíma né peninga til að taka inn menn sem geta ekki breytt neinu fyrir mig nú þegar," sagði Guðjón, sem fékk til sín tvo leikmenn í dag, annan frá Englandi en hinn frá Frakklandi. - hþh

# Er fasteignin þín að seljast?







**35%**
**Fasteignablað Fréttablaðsins**

**20%**
**Fasteignablað Morgunblaðsins**

# 80% fleiri lesa Fasteignablað Fréttablaðsins




Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005*) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að meðal fólks á aldrinum 25 - 54 ára lesa **35% Allt – fasteignir**, sem berst **frítt með Fréttablaðinu** á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Moggans. Auglýsing í **Allt – fasteignum** birtist einnig í **heila viku á visir.is** í kaupbæti. Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að kaupa fasteignaauglýsingu.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

**allt-fasteignir**
– mest lesna fasteignablaðið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sometimes I got so bored of trying to touch her breast that I would try to touch her between her legs. It was like trying to borrow a dollar, getting turned down, and asking for 50 grand instead.“**

**Svar:**
Rob í myndinni High Fidelity árið 2000.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON REYNIR AÐ FYLGJAST MEÐ 24 Í FYRSTA SINN

## *Jack snýr aftur með hvelli*

Fimmta sería 24 hófst á sunnudaginn með látum. Þessir þættir hafa notið mikilla vinsælda meðal sjónvarpsáhorfenda um allan heim og eru Íslendingar þar engin undantekning.
Mörgum er alveg sama þótt unglingurinn spili á trommur þegar fréttatíminn er en þegar Jack Bauer mætir á svæðið er eins gott að þagga niður í öllum bumbuslætti og graðhestatónlist.
Ég nýt þeirra forréttinda að þurfa hvorki að sussa niður í börnum né foreldrum heldur leggst þver og endilangur í bandaríska sófann hennar ömmu og góni úr mér glyrnurnar. Það verður reyndar að viðurkennast að ég hef hingað til ekki nennt að fylgjast með 24. Hef stundum dottið niður á endursýningar seint á kvöldin og mætt úrillur til vinnu daginn eftir.
Nú ætlaði ég að fylgjast með, hitaði ostasósu og dró fram mexíkóskar flögur af þessu tilefni.
Kiefer Sutherland hefur lýst því yfir að Jack Bauer sé ekki eilífur og að vinsældir þáttanna séu formatinu að þakka en ekki honum. Ég verð að slá ákveðna varnagla á þessa yfirlýsingu leikarans. Kærastan mín hefur nefnilega eytt heilli helgi í að horfa á kappann slátra hverjum hryðjuverkamanninum á fætur öðrum. Ef hans nyti ekki við hefði hún sennilega frekar smellt öllu Dallas-safninu sínu í og horft á J.R. eða Bobby Ewing berast á banaspjótum.



**JACK BAUER** Snýr aftur upp á yfirborð jarðar til að kippa málunum í lið en það er erfitt að fást við kauða þegar hann er í vígahug.

Framleiðendur 24 festu alla dyggustu aðdáendurna við skjáinn á sunnudaginn. Helstu vinir Bauers voru drepnir eða enduðu lífshættulega slasaðir á spítala. Jack, sem opinberlega hafði verið dauður í þó nokkurn tíma, snýr aftur og ef marka má fyrsta þáttinn verður engum hlíft. Það verður þó að teljast undarlegt að áskriftarstöð á borð við Stöð 2 skuli hafa séð sig nauðuga að smella tveimur auglýsingahléum inn í miðjan þáttinn en það skemmdi stemninguna.



▶ 21.25 *Heimildarmynd*

NÆRMYND – DAGUR KÁRI



▶ 21.35 *Spenna*

PRISON BREAK



▶ 21.30 *Spenna*

REUNION



▶ 21.00 *Lífsstíll*

INNLIT / ÚTLIT



▶ 20.40 *Golf*

PRESIDENTS CUP OFFICAL FILM

### SJÓNVARPIÐ

**14.45** EM í handbolta **16.30** EM-stofan **16.55** EM í handbolta **17.35** Táknmálsfréttir **17.45** EM í handbolta

**18.35 Gló magnaða (36:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.40 Veronica Mars (18:22)**
▶ **21.25 Nærmynd – Dagur Kári** Dagur Kári á að baki nokkrar vel heppnaðar og verðlaunaðar stuttmyndir og tvær bíómyndir í fullri lengd, Nóa albínóa, sem hlotið hefur fjölda viðurkenninga á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum, og Voksne mennesker sem hlaut Edduverðlaunin á dögunum. Í þættinum er fylgst með Degi Kára við undirbúning og upptökur á henni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (5:10)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Allir litir hafsins eru kaldir (3:3) **0.05** EM í handbolta **1.25** Kastljós **2.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Martha **10.05** Í fínu formi 2005 **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (3:18)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Teenagers From Hell **13.50** The Guardian (18:22) **14.30** LAX (5:13) **15.15** Extreme Makeover – Home Edition (12:14) **16.00** Shin Chan **16.20** He Man **16.40** Töframaðurinn **17.05** Töfrastígvélin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12 (7:21) (e)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (24:31)**
**20.50 Numbers (10:13)** Bönnuð börnum.
▶ **21.35 Prison Break (1:22)** (Bak við lás og slá) Nýr hörkugóður bandarískur framhaldsþáttur sem vakið hefur mikla athygli. Ungur verkfræðingur lætur loka sig inni í fangelsinu sem hann sjálfur átti þátt í að hanna, til þess að hjálpa bróður sínum. Sá hefur verið dæmdur til dauða fyrir glæp sem hann fullyrðir að hafa ekki framið. Bönnuð börnum.
**22.20 Crossing Jordan (21:21)**

**23.05** Twenty Four **23.50** Nip/Tuck **0.40** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **1.25** New Best Friend (Str. b.börnum) **2.55** Numbers (B. börnum) **3.40** Third Watch **4.20** Crossing Jordan **5.05** The Simpsons 12 **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ford fyrsætukeppnin 2005**
**19.30 My Name is Earl (3:24)**
**20.00 Friends 6 (16:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**21.00 American Dad (10:13)**
▶ **21.30 Reunion (3:13)** (1988) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra. Allt frá útskriftinni 1986 fram að 20 ára endurfundunum, fjallar hver þáttur um 1 ár í lífi þeirra.
**22.20 HEX (18:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.

**23.05** Smallville (7:22) **23.50** Friends 6 (16:24) (e) **0.15** Idol extra 2005/2006

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 10. þáttaröð **18.25** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 Borgin mín – lokaþáttur** Að þessu sinni verður það Magnús Ragnarsson sem sýnir áhorfendum sína uppáhaldsstaði í borginni sinni, New York.
**20.30 How Clean is Your House**
▶ **21.00 Innlit / útlit** Innlit/útlit er á dagskrá Skjás eins sjöunda árið í röð. Í vetur eru það Þórunn Högnadóttir, Arnar Gauti Sverrisson og Nadia Katrín Banine sem hafa umsjón með þættinum.
**22.00 Judging Amy – lokaþáttur**
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað.

**23.20** Jay Leno **0.05** The Handler (e) **0.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Timeless** (Íþróttahetjur)
**19.00 Enska bikarkeppnin 3. umf.**
▶ **20.40 Presidents cup offical film** (Presidents cup offical film 2005) Bandaríska golflandsliðið mætti úrvalsliði alþjóðlegra kylfinga í keppni um Forsetabikarinn 22.-25. september. Keppt var í Virginíu. Hér sjáum við helstu tilþrifin á mótinu, skyggnumst bak við tjöldin, og sjáum athyglisverð viðtöl við kylfingana sem kepptu á mótinu. Meðal kylfinga voru Tiger Woods, Phil Mickelson, Vijay Singh og Retief Goosen.
**21.30 World Supercross GP 2005-06**
**22.25 Ensku bikarmörkin 2006**
**22.55 Enska bikarkeppnin 3. umf.**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Beverly Hills Cop **8.00** Sinbad: Legend of the Seven S **10.00** Three Seasons **12.00** What a Girl Wants **14.00** Beverly Hills Cop **16.00** Sinbad: Legend of the Seven S **18.00** Three Seasons **20.00 What a Girl Wants** (Mætt á svæðið) **22.00 In America** (Í Ameríku) Bönnuð börnum. **0.00** New Best Friend (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Sweetest Thing (Bönnuð börnum) **4.00** In America (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

Red Carpet **12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** E! News Live Special **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **17.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** 101 Most Starlicious Makeovers **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**19.20 Upphitun (e)**
**19.50 Fulham – Tottenham (b)** Leikir á hliðarrásum: EB 2 Charlton – W.B.A. (b) / EB 3 Wigan – Everton (b) / EB 4 Sunderland – Middlesbrough (b)
**22.00 Sunderland – Middlesbrough**
**0.00** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ! NÝR TÍMI 19:35

FJÖLNIR ÞORGEIRS
VAKINN UPP MEÐ LÁTUM

Strákarnir í kvöld kl. 19:35



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Prison Break — Stöð 2, kl. **21.35**

## *Nýtt fangelsisdrama*



***Ungi verkfræðingurinn þarf að forðast margt innan veggja fangelsins.***

Nýr hörkugóður bandarískur framhaldsþáttur sem vakið hefur mikla athygli. Þættirnir gerast að mestu leyti bak við lás og slá, innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Ungur verkfræðingur lætur lokað sig inni í fangelsinu til þess að hjálpa bróður sínum, sem dæmdur hefur verið til dauða, fyrir glæp sem hann fullyrðir að hafa ekki framið. Gagnrýnendur í Bandaríkjunum eru flestir á því að Prison Break sé einn af bestu nýju þáttunum ársins 2005 og hefur hann verið tilnefndur til Golden Globe-verðlauna sem besti dramaþátturinn. Með aðahlutverk fara m.a. þau Stacy Keach, Westworth Miller og Dominic Purchell. Ekki láta þessa hörkuspennandi þætti fram hjá þér fara og fylgstu með frá byrjun.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2
**9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tekst, ef tveir vilja **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.25** Tímans nýu bendíngarî **21.05** Til í allt **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **21.00** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
*Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegiðfréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**19.45 Brot úr dagskrá**
**20.00 Fréttir**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið um víðan völl og ekkert er þættinum óviðkomandi.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Football: African Cup of Nations Egypt **13.00** Football: African Cup of Nations Egypt **14.30** Football: Eurogoals **15.30** Ski Jumping: World Cup Zakopane **17.00** Football: African Cup of Nations Egypt **19.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** Boxing **22.00** All Sports: Daring Girls **22.15** Football: African Cup of Nations Egypt **23.15** Football: African Cup of Nations Egypt **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Jeopardy **16.00** Design Rules **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Space **20.00** Trouble At the Top **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** Human Instinct **22.50** Holby City **23.50** Table 12 **0.00** The Last Journey of John Keats **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Mosquito Hell **14.00** Megastructures **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Seconds from Disaster **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Violent Planet **19.00** Predators At War **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Life of Birds **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Big Cat Diary **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Rides **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Birth of a Sports Car **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Building the Winter Games **21.00** Brainiac **22.00** Firehouse USA **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Superweapons of the Ancient World

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Nýr hörkugóður bandarískur framhaldsþáttur sem vakið hefur mikla athygli. Þættirnir gerast innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Ungur verkfræðingur lætur loka sig inni í fangelsinu sem hann sjálfur átti þátt í að hanna, til þess að hjálpa bróður sínum, sem dæmdur hefur verið til dauða, fyrir glæp sem hann fullyrðir að hafa ekki framið.

MISSTU EKKI AF BESTA ÞÆTTI ÁRSINS 2005
Prison Break í kvöld kl. 21:35





## HRÓSIÐ

*...fá stelpurnar í Nylon fyrir að freista gæfunnar í Bretlandi.*

**FJÓRIR SPURÐIR** FYRSTI IDOLÞÁTTURINN FÓR FRAM Í SMÁRALIND Á FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ

# *Hvernig fannst þér Idol-þátturinn?*



**Ekki hrifinn af söngvakeppnum**

Ég sá þennan þátt en ég er enginn Idol-aðdáandi. Ég er ekkert hrifinn af því að setja upp söngvakeppnir og rugla í ungum heilum sem halda að þeir geti orðið stjörnur í karókíkeppni á Stöð 2.

*Þorsteinn Guðmundsson grínisti og rithöfundur.*



**Rosalega flott svið**

Þetta var þrælskemmtilegt og gaman að fylgjast með frá þessu sjónarhorni. Það hefði verið gaman að fá svona rosalega flott svið á sínum tíma. Það er líka rosalega gaman að hlusta á dómana frá Palla og Einari, þeir virka mjög vel. Mér finnst skemmtilegast að hlusta á Snorra, Eirík, Alexöndru og Ragnheiði þó svo að hinir geti líka sungið vel.

*Davíð Smári söngvari.*



**Ánægð með krakkana**

Mér leist mjög vel á hann, það eru mjög margir að standa sig vel þarna og ég er bara ánægð með krakkana. Mér fannst Ragnheiður Sara standa sig sérstaklega vel. Ég var svolítið skeptísk þegar ég heyrði hvaða lag hún ætlaði að taka en hún gerði þetta frábærlega og var mjög örugg.

*Sólveig Samúelsdóttir söngkona.*



**Komin með uppáhald**

Mér fannst síðasti þáttur bara fínn, þetta eru allt voðalega flottir krakkar. Ég er strax komin með uppáhalds keppanda en ég ætla ekki að segja hver það er, það getur alltaf breyst. Ég er annars ógurlega ánægð með þessa þætti, það er alltaf gaman að hittast og borða pitsur saman yfir Idolinu.

*Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona.*



**LÁRÉTT** 2 neglt 6 sem 8 langur 9 fúadý 11 óreiða 12 færa 14 yfirstéttar 16 tveir eins 17 nár 18 geislahjúpur 20 ung 21 auðveld.
**LÓÐRÉTT** 1 goggs 3 skammstöfun 4 sárabindi 5 traust 7 rekaviður 10 hvíld 13 frostskemmd 15 greinilegur 16 blekking 19 bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 fest, 6 er, 8 hár, 9 fen, 11 rú, 12 skáka, 14 aðals, 16 tt, 17 lík, 18 ára, 20 ný, 21 létt. **LÓÐRÉTT:** 1 nefs, 3 eh, 4 sáralín, 5 trú, 7 rekatré, 10 náð, 13 kal, 15 skýr, 16 tál, 19 at.

**[ VEISTU SVARIÐ? ]**

1 Sauli Niinistö
2 Ólafur Geir Jónsson
3 Roger Federer

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

LeikHöllin
Leikur og List
Listanámskeið
3 ára - 9 ára
S:517-7900
www.leikhollin.is



**A LITTLE TRIP TO HEAVEN** Hefur fengið misgóða dóma hjá erlendum gagnrýnendum en mikið lof íslenskra rýna.

A LITTLE TRIP TO HEAVEN: SKIN OG SKÚRIR Á SUNDANCE

# Baltasar glatar ekki trúnni

Kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven, var sýnd á Sundance-hátíðinni nýverið en þetta er stærsta kvikmyndahátíðin í Norður-Ameríku og mikið stökkbretti fyrir unga kvikmyndaleikstjóra. Myndin fékk frábæra dóma hérlendis. Það kom því flatt upp á marga þegar gagnrýnandinn Kirk Honeycutt hjá Hollywood Reporter skyldi rífa af sér silkihanskana og vera frekar neikvæður í gagnrýni sinni en dómur hans birtist á vef blaðsins. Handritið er sagt þunnt og allir leikarar, nema Julia Stiles, fá heldur slæma dóma. Rýnirinn telur myndina ekki eiga heima í kvikmyndahúsum heldur frekar í sjónvarpi eða á myndbandaleigum. Hollywood Reporter er fagtímarit sem dreift er til tólf þúsund áskrifenda og er skrifað fyrir viðskiptahlið markaðarins. Skrif þess eru því ekki ætluð „almenningi" ef svo mætti að orði komast heldur eingöngu út frá markaðslegu sjónarmiði.

Baltasar Kormákur var nýkominn heim af Sundance-hátíðinni og vildi ekki tjá sig um dóminn efnislega en sagði hann hafa getað komið á betri tíma. „Hollywood Reporter er auðvitað mjög stórt blað," sagði hann en benti engu að síður á að myndin hefði fengið mjög jákvæð viðbrögð annars staðar og blöð á borð við Empire og Premier hefðu sýnt honum og myndinni athygli. „Þetta gekk rosalega vel og það var uppselt á flestar sýningar myndarinnar í 1.300 manna bíósölum þar sem meirihlutinn varð eftir fyrir Spurt & svarað," sagði Baltasar en viðræður eru í gangi um dreifingu myndarinnar í Bandaríkjunum. „Ég veit ekki hvaða áhrif þessi dómur á eftir að hafa."

Munur á gagnrýni erlendra og íslenskra rýna kemur Ásgrími Sverrissyni, ritstjóra Lands og sona, veftímarits kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, ekki mikið á óvart en hann tekur þó skýrt fram að það sé ekkert endilega við í þessu tilviki. „Ég hef oft talað um það hvað íslensk gagnrýni sé á lágu plani," segir Ásgrímur en telur mörg sjónarmið vera í þessu. Auðvitað séu til góðir gagnrýnendur en honum finnst sem of margir áhugamenn séu að störfum hjá fjölmiðlunum. „Þetta er mikið hitamál og það er auðvelt að láta hlutina snúast uppí rifrildi og láta tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur," heldur Ásgrímur áfram. „Mér finnst hins vegar oft að íslenskum kvikmyndum sé gefið of mikið svigrúm vegna þjóðernis," bætir hann við. „En þetta er auðvitað fyrst og fremst smekksatriði."

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Sturla Gunnarsson** og mynd hans, Beowulf & Grendel, fá vægast sagt hræðilega dóma í Gautaborgspóstinum en Bjölfskviða var opnunarmynd kvikmyndahátíðar Gautaborgar. Gagnrýnandinn **Mats Johnson** segir að myndin sé líklega versta opnunarmyndin í sögu hátíðarinnar og að gæðaleikarinn **Stellan Skarsgaard** fái engu við bjargað. Johnson segir að allar persónurnar séu í ætt við einhverja grínútgáfu hjá Monthy Python og myndin sé ekki hótinu skárri en Þrettándi stríðsmaðurinn með Antonio Banderas og Sven Wollter. Ef einhverjir eru búnir að gleyma henni þá lék spænska kyntröllið þar **Ahmed Ibn Fahdlan Ibn Al Abbas Ibn Rashid Ibn Hamad** og þótti með afbrigðum lélegur. - fgg

Söngvarinn goðsagnakenndi **Anton Newcombe** úr Bandarísku rokksveitinni The Brian Jonestown Massacre hefur dvalið á landinu undanfarna viku og hefur kolfallið fyrir landi og þjóð. Newcombe hefur notið hylli jaðarrokksaðdáenda vestra í mörg ár enda þykir hann bæði afbragðs lagahöfundur og sérstakur persónuleiki með meiru. Heimildarmynd var sýnd um hann á síðustu alþjóðlegu kvikmyndahátíð á Íslandi. Hún ber nafnið Dig, en í henni fylgist myndatökumaður með skrautlegu lífi Newcombes. Mikill gleðskapur átti sér stað á barnum Sirkus á Klapparstíg síðasta laugardagskvöld þar sem bæði Anton Newcombe og Einar Sonic, starfsmaður 12 Tóna og gítarleikari Singapore Sling, þeyttu skífum. Meðal gesta voru Jonni og Jói í 12 Tónum, Unnur í Brúðarbandinu, Biggi úr Hudson Wayne, Ási Már fatahönnuður, Sigtryggur Magnason leikskáld og Jara söngkona. Heyrst hefur að Newcombe sé svo hrifinn af landi og þjóð að hann sé að íhuga kaup á íbúð fyrir utan borgarmörkin.






# Grandrokk opnar á fimmtudag

Barflugur og unnendur spurningakeppninnar Drekktu betur, sem fram fer á kránni Grandrokk við Smiðjustíg hvert föstudagseftirmiðdegi, rak í rogastans þegar þeir komu að luktum dyrum síðastliðinn föstudag. Staðurinn skipti nýverið um eigendur og óttuðust sumir fastagestanna að nýi vertinn myndi snúa öllu á hvolf áður en hann opnaði staðinn aftur.

„Nei, aldeilis ekki," segir Þorsteinn Þórsteinsson, nýr eigandi Grandrokk, og blæs á sögusagnirnar í eitt skipti fyrir öll. „Ég tek við lyklunum í dag og geri ráð fyrir að opna á fimmtudagsmorgun klukkan 11. Svo höldum við ærlegt partí fyrir fastakúnna, gamla sem nýja, á föstudagskvöld."

Fáar krár eiga sér jafn traustan hóp fastakúnna og Grandrokk en sumir hafa dregið í efa að þeir myndu eiga afturkvæmt eftir eigendaskipti, en Þorsteinn segir að þeir hafi ekkert að óttast; það sé óþarfi að breyta því sem gott er og hann ætlar að halda staðnum í sama horfinu og áður. „Staðurinn heitir áfram Grandrokk þótt það séu komnir nýir rekstraraðilar, allir innanstokksmunir verða á sínum stað, Drekktu betur verður á föstudag klukkan 17.30 og vonandi halda gömlu fastakúnnarnir að sækja staðinn þegar við opnum aftur." - bs




**ÞORSTEINN ÞÓRSTEINSSON** Barflugur geta tekið gleði sína á ný á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM
















## Heilsunuddstólar frá Inada

Ein besta
tækniuppfinningin
2001 - 2005



Nuddar í takt við tónlist




## ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

**Heilsan er það mikilvægasta sem við eigum. Því skulum við láta okkur líða vel.**

**Svefn & heilsa
býður ykkur í heimsókn til að sjá og kynnast nýjustu heilsudýnunum.**

**Einnig höfuðgaflar, náttborð, kommóður, sænguverarsettin góðu og margt fleira sem prýða má falleg heimili.**




Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Konukvöld Létt 96,7
Smáralind 8. febrúar.




**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Málvernd og heimóttarskapur*

Á dögunum var eins konar útkall frá hjálparsveit íslenskrar tungu. Þjóðin var beðin að lesa fyrir börnin sín, halda bókum að þeim, iðka tungumálið og nota þetta öfluga verkfæri til hins ýtrasta. Fram kom að grósku-mikið tungumál er ekki sjálfgefið og getur rétt eins liðið undir lok. Máli sínu til stuðnings fluttu lærðir og leikir erindi og sýndu meðal annars fram á mikilvægi tungumálsins í þroskaferli manneskjunnar, áhrif læsis á hæfnisvið einstaklings og miður góða stöðu íslenskra ungmenna hvað varðar læsi í alþjóðlegu samhengi. Á meðan tanntaka barns gengur nær hjálparlaust fyrir sig, útheimtir máltakan mikil og góð samskipti við ástvini. Því þarf að tala við börn og lesa fyrir börn og vonandi finnst engum dómsdagur í nánd þótt það sé áréttað.

**VIÐBRÖGÐIN** létu ekki á sér standa og margir voru sammála um að varðveita þessa sérkennilegu örtungu og jafnvel efla. Þó voru þau undarleg köllin um hræðsluáróður, dómadagsspár og úlfahróp. Þau komu sum hver frá skólamönnum sem virtust frábiðja sér þessa umræðu um íslensku – sögðu málverndarmenn geta orðið hættulegustu fjandmenn tungunnar og rugluðu með að heimóttarskapur væri að telja að enskukunnátta ógnaði íslenskunni.

**AÐ MÆLA** á margar tungur er mikill og góður eiginleiki og sá sem hefur gott vald á eigin tungu á auðveldara með að tileinka sér önnur mál. Enginn hefur haldið því fram í umræðu um íslensku að öflug enskuþekking skaði móðurmálið. En til að skilja okkur sjálf og takast á við íslenskan veruleika dugir þó ekkert minna en nógu asskoti mikil íslenska í öllum föllum, eintölu og fleirtölu og meira að segja viðtengingarhætti líka. Vonandi finnst engum heimurinn vera að líða undir lok þótt sú skoðun sé látin í ljós.

**STAÐNAÐ** tungumál mun óhjákvæmilega deyja, sagði einhver skólameistari um helgina og mæli sá manna heilastur. Dregið hefur úr bóklestri barna, sér í lagi drengja, orðaforði minnkar og fjölmiðlar leggja litla áherslu á tungumálið. Slíkt kallast vart stöðnun, fremur hnignun. Gaman væri að ræða hugmyndir og leiðir til að efla iðkun tungunnar og lyfta svo umræðunni upp á örlítið hærra plan, svo vitnað sé í skáldið góða.


www.volkswagen.is

Volkswagen Golf
Vinsælasti bíll í Evrópu



Trendline-tilboð
Golf 1,6 Trendline. Verð áður 1.890.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.
10% útborgun og 23.990 kr. afborgun á mánuði*

600 þúsund bílar seldir

Volkswagen Golf er langvinsælasti bíllinn í Evrópu. Á síðasta ári voru nýskráningar á Golf um 600 þúsund. Volkswagen er jafnframt með mestu markaðshlutdeild allra bílaframleiðenda í Evrópu samkvæmt European Automobile Association (ACEA).

Vinsældir Golf og annarra tegunda frá Volkswagen koma okkur ekki á óvart þar sem framsækin hönnun á traustum grunni er aðalsmerki fyrirtækisins.

Komdu og finndu sjálf(ur) hvað það er sem heillar Evrópubúa.

Aus Liebe zum Automobil

* Miðað við bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SPRON Heimabanki



Nýr og betri heimabanki

Þægileg, örugg og hagkvæm leið í bankaviðskiptum – allan sólarhringinn.

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert